

ÁRSSKÝRSLA



2008–2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

ÁRSSKÝRSLA 2008–2009

AÐALFUNDUR SA
22. APRÍL 2009



EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins	4
2. kafli: Efnahags- og atvinnumál	7
3. kafli: Kjaramál og samningar	18
4. kafli: Stofnanir á vinnumarkaði	24
5. kafli: Jafnréttismál	26
6. kafli: Lífeyrismál	30
7. kafli: Umhverfismál og vinnuumhverfi	32
8. kafli: Samskipti við stjórnvöld	35
9. kafli: Erlend samskipti	39
10. kafli: Menntamál	45
11. kafli: Útgáfa og kynning	49
12. kafli: Rekstur SA, innra starf og skipulag	52
Skipurit Samtaka atvinnulífsins	58
Áritun endurskoðanda	59
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2008	60
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA	61
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA	62

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Hörður Vilberg
 Ljósmyndir: Jóhannes Long, aðildarfyrirtæki SA, starfsfólk SA o.fl.
 Hönnun og umbrot: Prentsmiðjan Oddi ehf.
 Prentvinnsla Prentsmiðjan Oddi ehf.

ÁVARP FORMANNS



Þór Sigfússon

formaður Samtaka atvinnulífsins

TUTTUGU ÞÚSUND STÖRF

Langur vetur er að baki og vorverkin eru framundan. Sá efnahagsskellur sem Íslendingar hafa orðið fyrir er af áður óþekktri stærðargráðu í nútímasögunni. Bankakerfið hrundi nánast eins og það lagði sig á einni viku síðastliðið haust og gengi íslensku krónunnar lækkaði meira en nokkurn gat órað fyrir. Afleiðingarnar eru rekstrarerfiðleikar fyrirtækja og atvinnuleysi. Það er í senn megin áhyggjuefnið og viðfangsefnið á næstunni fyrir atvinnulífið, stjórnvöld og fólkið í landinu.

Fyrir um ári síðan héldu Samtök atvinnulífsins aðalfund sinn undir yfirskriftinni *Út úr umrötinu – inn í framtíðina*. Leiðir íslensks atvinnulífs til fjármögnunar í útlöndum voru að lokast og SA benti á að rjúfa þyrfti umsátrið um Ísland til að atvinnulífið gæti þrífist áfram. Því miður tókst það ekki og óveðursskýin hrönnuðust upp. Um mitt sumar var staðan orðin mjög alvarleg og íslenskum fyrirtækjum stóð eingöngu innlend fjármögnun til boða á afarkjörum.

Bankarnir féllu með hveli í október og um stund upplifði Ísland sig einangrað frá umheiminum. Engar aðrar leiðir voru færar en að leita eftir aðstoð Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins í nóvember enda ástandið svart. Í lok ársins taldi ekkert fyrirtæki sem tók þátt í könnun Capacent meðal stærstu fyrirtækja landsins aðstæður vera góðar, 99% mátu aðstæður mjög eða frekar slæmar.

Mikil vinna hefur farið fram innan Samtaka atvinnulífsins allt frá bankahrununni við að finna lausnir á bráðavanda fyrirtækja og leita leiða til þess að íslenskt atvinnulíf komist aftur á rétta braut. Viðfangsefnin hafa verið mjög fjölbreytt en Samtök atvinnulífsins hafa lagt kapp á að stuðla að farsælli niðurstöðu í mörgum málum með því að efla samstarf við breiðan hóp hagsmunasamtaka og ríkisvalds. Frá fyrstu dögum hrunsins efndi SA til daglegra upplýsingafunda með stórum hópi forystufólks úr ýmsum áttum þar sem mál voru reifuð og aðgerðir undirbúnar. SA og ASÍ unnu náði saman strax eftir fall bankanna og hefur samstarf samtakanna verið gott.

Samtök atvinnulífsins lögðu fram í janúar tillögur að hagsýnni, framsýnni og áráðinni atvinnustefnu sem innlegg í umræðu um hvernig hægt er að snúa vörn í sókn. Það eru engar töfralausnir til en það er nauðsynlegt að marka leið út úr þeim ógöngum sem íslenska þjóðarbúið hefur ratað í. Enn búa fyrirtæki við truflanir í bankaþjónustu en ljóst er að endurreisn atvinnulífsins mun ekki geta hafist án þess að fyrirtæki njóti góðrar þjónustu fjármálfyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins hafa gagnrýnt harðlega að sú leið hafi verið farin við endurreisn bankanna að setja á fót ríkisbanka án aðkomu erlendra kröfuhafa. Samtökin hafa bent á að slíkir bankar muni ekki með góðu móti geta þjónað viðskiptavinum sínum og án aðkomu erlendra aðila muni aðgangur Íslands að erlendum fjármagnsmörkuðum verða takmarkaður. Þá var setning laga um gjaldeyrishöft aðfaranótt 29. nóvember 2008 mikil mistök og allt of viðamikil aðgerð

í ljósi þess vanda sem var ætlað að leysa. Með þeim var sköpuð meiri vantrú en ella á að gengi krónunnar gæti styrkst og krafan stækkuð á væntanlegt gjaldeyrísútlæði. SA vörðu við því að gjaldeyrishöftin myndu kalla á enn meiri höft sem hefur komið á daginn. Frá 1. apríl tóku gildi lög um að útflutningsviðskipti vöru og þjónustu skyldu fara fram í erlendum gjaldmiðli en ekki íslenski krónu og hafa þar með Íslendingar gengið ansi langt í að afneita eigin gjaldeyri með því að neita að taka við honum fyrir eigin útflutning.

SA og ASÍ gerðu samkomulag í lok febrúar um að fresta fyrirhuguðum launahækkunum 1. mars og fresta jafnframt ákvörðun um endurskoðun kjarasamninga um allt að fjóra mánuði. Samningsaðilar töldu þessa frestun mikilvægt framlag til að ná stöðugleika í efnahagslífinu svo hratt drægi úr verðbólgu og vextir gætu lækkað. Þegar þetta er ritað á Ísland heimsmet í stýrivöxtum, 15,5%, en undir slíkum vöxtum getur ekkert atvinnulíf risið. Verði þeir ekki lækkaðir hratt mun kraftur atvinnulífsins fjara út bæði hratt og örugglega og störf tapast. Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að stýrivextir verði lækkaðir til að byrja með í 10% og síðan hratt áfram þannig að vaxtamunurinn á milli Íslands og evrusvæðisins verði kominn undir 3% á mjög stuttum tíma.

Meginverkefni atvinnulífsins á komandi misserum verður að skapa tuttugu þúsund störf til að berjast gegn því atvinnuleysi sem blasir nú við. Til að það sé hægt verður að skapa sambærileg eða betri samkeppnisskilyrði hér á landi en hjá keppinautum okkar erlendis. Góð samkeppnisskilyrði byggja á stöðugum gjaldmiðli og svipuðum vöxtum og verðbólgu og í nágrannalöndunum. Án stöðugleika mun Íslandi ekki takast að endurreisa orðspor sitt, traust og trúverðugleika. Án trausts munu erlendir aðilar ekki fjárfesta hér á landi eða lána hingað fjármuni sem er forsenda þessa að markmið okkar í atvinnumálum náist. Ísland þarf að verða eftirsóknarverður fjárfestingarkostur, bæði fyrir innlenda og erlenda aðila, því án fjárfestinga verða engin ný störf til.

Atvinnulífið hefur sýnt mikinn baráttuvilja undanfarna mánuði og hafa fyrirtæki reynt með öllum ráðum að halda í starfsfólk sitt. Því þrátt fyrir erfiðar aðstæður er mikilvægt að gleyma því ekki að við getum snúið vörn í sókn og að loknum vetri kemur vor. Þörf er á samstilltu átaki fyrirtækja, einstaklinga og hins opinbera til að spyrna við fótum. Efla þarf framtakssemi og fjölbreytta atvinnustarfsemi hérlendis og huga að betri framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Auka þarf fjölbreytni og fagmennsku verulega í íslensku atvinnulífi þar sem megináhersla verður lögð á gæði. Á það við um rekstur fyrirtækja, stjórnir þeirra og stjórnarhætti. Það er t.a.m. klókt að auka núna fjölbreytni í stjórnnum fyrirtækja og í stjórnunarstöðum. Það getur verið ein þeirra leiða sem koma íslensku atvinnulífi fyrr af stað í sókn til bættra lífskjara.

Ákveðið endurmat er nauðsynlegt þegar íslenskt atvinnulíf og þjóðin öll verður fyrir áfalli eins og nú hefur gerst. Í því samhengi biðst atvinnulífið ekki undan gagnrýni enda er mikilvægt að gagnrýna græðgi og óhóf þar sem slíkt hefur ráðið ferðinni. Slíkt endurmat leiðir til aukins innri styrks og bætts siðferðis í atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Íslendingar þurfa nú að horfast í augu við eina dýpstu kreppu síðustu áratuga. Tækifærin til að kljást við hana eru hins vegar fjölmörg og ef haldið er rétt á spilunum munum við komast í kraftmikinn vöxt á ný.

Atvinnulífið skapar störfin.

STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



1.1. STJÓRNIR SA 2008

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 18. apríl 2008. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

1.2. FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Þór Sigfússon formaður
Sjóvá hf.

Vilmundur Jósefsson varaformaður
Gæðafæði ehf.

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Halldór J. Kristjánsson til okt. 2008
Elín Sigfúsdóttir frá okt. 2008 til feb. 2009
Landsbanki Íslands

Helgi Magnússon
Samtök iðnaðarins

Hrund Rudolfsdóttir
Milestone ehf.

Kristín Jóhannesdóttir
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.

Áheyrnarfulltrúar
Grímur Sæmundsen
Bláa Lónið hf.

Guðjón Rúnarsson
Samtök fjármálafyrirtækja

1.3. STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Þór Sigfússon formaður
Sjóvá hf.

Vilmundur Jósefsson varaformaður
Gæðafæði ehf.

Arnar Sigurmundsson
Samtök fiskvinnslustöðva

Árni Gunnarsson
Flugfélag Íslands ehf.

Brynjólfur Bjarnason
Skípti hf.

Eiríkur Tómasson til nóv. 2008
Þorbjörn hf.

Franz Árnason
Norðurorka hf.

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Grímur Sæmundsen
Bláa Lónið hf.

Guðjón Rúnarsson
Samtök fjármálafyrirtækja

Gunnar Karl Guðmundsson
Skeljungur hf.

Gunnar Sverrisson
Íslenskir aðalverktakar hf.

Halldór J. Kristjánsson til okt. 2008
Elín Sigfúsdóttir frá okt. 2008
Landsbanki Íslands

Helgi Magnússon
Samtök iðnaðarins

Hrund Rudolfsdóttir
Milestone ehf.

Hörður Arnarson
Marel Food Systems hf.

Kristín Jóhannesdóttir
Baugur Group hf.

Loftur Árnason
Ístak hf.

Ólafur Rögnvaldsson
Hraðfrystihús Hellissands

Rannveig Rist
Alcan á Íslandi hf.

Sigurður Viðarsson
Tryggingamiðstöðin hf.

Áheyrnarfulltrúi
Jens Pétur Jóhannsson
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs

1.4. STJÓRN VINNUDEILUSJÓÐS SA

Ingimundur Sigurpálsson, Íslandspóstur hf.
Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
Jón Steindór Valdimarsson, SI

1.5. STJÓRN RÉTTARVERNDARSJÓÐS SA

Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
Jón Steindór Valdimarsson, SI
Ragnar Árnason, SA

1.6. AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA

Stjórn LÍÚ 2008–2009

Adolf Guðmundsson formaður
Einar Valur Kristjánsson
Eiríkur Tómasson
Guðmundur Kristjánsson
Guðrún Lárusdóttir
Gunnar Ásgeirsson
Haukur Björnsson
Hjörtur Gíslason
Kristján Loftsson
Ólafur H. Marteinson
Ólafur Rögnvaldsson
Þorsteinn Már Baldvinsson
Þorsteinn Erlingsson
Þórður Rafn Sigurðsson
Ægir Páll Friðbertsson

Stjórn Samorku 2009–2010

Franz Árnason formaður
Friðrik Sophusson
Hjörleifur B. Kvaran
Júlíus Jónsson
Páll Pálsson
Tryggvi Þór Haraldsson
Þórður Guðmundsson

Stjórn SAF 2009–2010

Árni Gunnarsson formaður
Friðrik Pálsson
Gunnar Guðmundsson
Ingibjörg Guðjónsdóttir
Lára B. Pétursdóttir
Ólafur Torfason
Sævar Skaptason

Stjórn SART 2009–2010

Jens Pétur Jóhannsson formaður
Ármann Ármannsson
Ásmundur Einarsson
Helgi Rafnsson
Hjörleifur Stefánsson
Jóhann Kristján Einarsson
Jóhann P. Jóhannsson
Kristbjörn Óli Guðmundsson
Lárus A. Jónsson
Magnús Gíslason
Sævar Óskarsson

Stjórn SF 2008–2009

Arnar Sigurmundsson formaður
Ágúst Torfi Hauksson
Einar Sigurðsson
Erla Kristinsdóttir
Gestur Geirsson
Gísli Jónatansson
Guðmundur Smári Guðmundsson
Gunnar Tómasson
Gunnþór Ingvason
Haukur Björnsson
Hermann Stefánsson
Jóhann Pétur Andersen
Jón E. Friðriksson
Kristján G. Jóakimsson
Óðinn Gestsson
Sigurður Viggósson
Svavar Svavarsson

Stjórn SFF 2009–2010

Sigurður Viðarsson, formaður
Ásmundur Stefánsson
Birna Einarisdóttir
Finnur Sveinbjörnsson
Helgi Bjarnason
Sigurður Valtýsson
Styrmir Þór Bragason

Stjórn SI 2009–2010

Helgi Magnússon formaður
Aðalheiður Héðinsdóttir
Andri Þór Guðmundsson
Anna María Jónsdóttir
Ingvar Kristinsson
Loftur Árnason
Tómas Már Sigurðsson
Þorsteinn Viglundsson

Stjórn SVP 2009–2010

Margrét Kristmannsdóttir formaður
Ásbjörn Gíslason
Björn Arni Ágústsson
Finnur Árnason
Guðmundur Halldór Jónsson
Gunnar Karl Guðmundsson
Sigríður Margrét Oddsdóttir

1.7. SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA EIGA AÐILD AÐ

EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

Endurskoðunarnefnd SA og ASÍ um samningsforsendur

Vilhjálmur Egilsson, SA
Hannes G. Sigurðsson, SA

Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA

Samráðshópur um launakannanir Hagstofu

Hannes G. Sigurðsson, SA

Notendahópur Hagstofu Íslands um þjóðhagsreikninga

Hannes G. Sigurðsson, SA

Nefnd til að fara yfir skattferðið og varpa ljósi á hvaða þættir gera Ísland samkeppnishæft og skilvirkt

Vilhjálmur Egilsson, SA

VINNUMARKAÐSMÁL OG VINNUVERND

Atvinnuleysistryggingasjóður - stjórn

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

Vinnuálastofnun - stjórn

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Ragnar Árnason, SA

Vinumarkaðsráð

SA skipa tvo aðalmenn og varamenn þeirra í átta vinnumarkaðsráð á landinu.

Starfshópur um vinnumarkaðsaðgerðir

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Aðalm: Ragnar Árnason, SA
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

Samstarfsnefnd um atvinnuleysi útlendinga

Aðalm: Ragnar Árnason, SA
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Verkefnisstjórn um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Framkvæmdanefnd vegna endurskoðunar örorkumats og eflingar starfsendurhæfingar

Hannes G. Sigurðsson, SA

Starfsendurhæfingarsjóður:

Aðalm: Vilhjálmur Egilsson, varaformaður
Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, ritari
Aðalm: Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi
Aðalm: Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
Varam: Álfheiður Sívertsen
Varam: Guðlaugur Stefánsson

Í framkvæmdastjórn Starfsendurhæfingarsjóðs:

Vilhjálmur Egilsson
Hannes G. Sigurðsson

Starfshópur til að fjalla um efni tilskipana ESB um bann við mismunun með hliðsjón af aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Stýrihópur um velferðarvakt

Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

Ábyrgðasjóður launa

Aðalm: Álfheiður M. Sívertsen, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

Vinnueftirlit ríkisins – stjórn

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Varam: Ragnheiður Héðinsdóttir, SI

Varam: Pétur Reimarsson, SA

Ráðgjafarnefnd á sviði vinnuverndar

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Pétur Reimarsson, SA

Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum

Árni Jóhannsson, SI

Félagsdómur

Aðalm: Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin hf.
Varam: Pétur Guðmundarson, Logos sf.

Ráðgjafarnefnd - Endurskoðun

almannatryggingalöggjafarinnar
Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Húsnæðismál og félagsleg úrræði

Aðalm: Vilhjálmur Egilsson, SA
Varam: Guðlaugur Stefánsson, SA

EVROPU- OG ALPJÓÐAMÁL

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

Ráðgjafarnefnd EFTA

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

Þróun Evrópumála

Aðalm: Þór Sigfússon, SA
Varam: Vilhjálmur Egilsson, SA

Nefndir á vegum BUSINESSEUROPE

Fastafulltrúi: Sigrún Kristjánsdóttir, SA
Varafastafulltrúi: Róbert Trausti Árnason, SA
Nefnd um efnahagsmál, Hannes G. Sigurðsson, SA
Nefnd um félagsmál, Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Nefnd um umhverfismál, Pétur Reimarsson, SA
Nefnd um innri markað ESB, Guðlaugur Stefánsson, SA

ILO-þing árið 2008 - fulltrúar SA

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Samstarfsráð um þróunarsamvinnu

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA
Varam: Pétur Reimarsson, SA

UMHVERFISMÁL

Umhverfisfræðsluráð

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA
Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Sjötta umhverfisþing

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Dagur umhverfisins – ákvörðun um veitingu viðurkenninga

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Stjórn Matvælarannsóknna hf.

Arnar Sigurmundsson, SF

Starfshópur sem gera á tillögur að framtíðarfyrikomulagi um söfnun úrgangsolíu, úrvinnslugjald og verndun hafs og stranda
Grétar Mar Steinarsson, Óliudreifing hf.
Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.



Starfsleyfis- og eftirlitsreglur um hollustuhætti og mengunarvarnir
Bryndís Skúladóttir, SI

Starfshópur sem vinnur lagafrumvarp til að innleiða tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í íslenska löggjöf
Pétur Reimarsson, SA

Uppbygging gjaldskrár heilbrigðiseftirlitssvæða
Pétur Reimarsson, SA

Innleiðing á vatnatilskipun 2000/60/EB
Pétur Reimarsson, SA

Stýrihópur um raf- og rafeindatekjaúrgang
Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA
Pétur Reimarsson, SA
Bryndís Skúladóttir, SI
Sigurður Jónsson, RR Skil

HEILBRIGÐISNEFNDIR

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Aðalm: Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.
Varam: Erna Hauksdóttir, SAF

Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Aðalm: Jón Rafn Högnason, Hótel Glymur/
Njörvi ehf.
Varam: Trausti Gylfason, Norðurál ehf.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða
Aðalm: Einar Valur Kristjánsson,
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
Varam: Áslaug Alfreðsdóttir, Hótel Ísafjörður hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra
Aðalm: Steinar Svavarsson, Rammi hf.
Varam: Kristinn R. Guðmundsson,
Staðarskáli ehf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra
Aðalm: Kristín Halldórsdóttir,
Mjólkursamsalan ehf.
Varam: Sigurgeir Höskuldsson,
Norðlenska matborðið ehf.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis
Aðalm: Benedikt Jóhannsson, Eskja hf.
Varam: Auður Ingólfssdóttir, Flugleiðahótel hf.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands
Aðalm: Guðmundur Geir Gunnarson,
Mjólkursamsalan ehf.
Varam: Oddur Árnason, Sláturfélag
Suðurlands svf.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja
Aðalm: Stella Marta Jónsdóttir, Kaffitár ehf.
Varam: Magnús Már Jakobsson, Bláa lónið ehf.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarða- og Kópavogssvæðis
Aðalm: Gestur Pétursson, HRV
Varam: Guðrún Þóra Magnúsdóttir, Alcan á Íslandi hf.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis
Aðalm: Þóra Gréta Þórisdóttir, Plastprent hf.
Varam: Guðni Þórðarson, Borgarplast hf.

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisráð
Aðalm: Hörður Vilberg, SA
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

Nefnd um gerð staðals um jafnlaunastefnu
Hannes G. Sigurðsson, SA
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Starfshópur til að leita leiða til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði og jafna stöðu karla og kvenna í stjórn stofnana og fyrirtækja
Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

LÍFEYRISJÓÐIR

SA tilnefna 24 fulltrúa atvinnurekenda og varamenn þeirra í stjórnir 9 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. *Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.*

MENNTAMÁL

SA tilnefna í ýmis ráð og nefndir er fjalla um menntamál. *Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.*

SAMGÖNGUMÁL

Flugráð
Aðalm: Jens Bjarnason, Icelandair ehf.
Varam: Þorgeir Haraldsson, Icelandair ehf.
Aðalm: Árni Gunnarsson, Flugfélag Íslands ehf.
Varam: Friðrik Adolfsson, Flugfélag Íslands ehf.

Endurskoðun reglugerðar um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna nr. 782/2001
Bjarni Pétur Hafliðason, Icelandair ehf.

Hafnarráð
Aðalm: Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
Varam: Guðmundur Nikulásson, Eimskip ehf.

Samstarfsráð flutningamála
Jón Rúnar Pálsson, SA
Signý Sigurðardóttir, SVP
Agnar Danielsson, Sérleyfisbilar Akureyrar
Norðurleið hf.

TÆKNIMÁL, STAÐLAR, NÝSKÖPUN OG RAFRÆN VIÐSKIPTI

Tækniþróunarsjóður 2006-2009
Aðalm: Skúli Valberg Ólafsson,
Straumur-Burðarás hf.
Aðalm: Sigríður Ólafsdóttir, Actavis hf.
Varam: Guðrún Eyjólfssdóttir, SA
Varam: Pétur Reimarsson, SA

Staðlaráð Íslands
Guðrún Eyjólfssdóttir, SA

Ráðgjafanefnd við Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Aðalm: Ásbjörn Jóhannesson, SART
Aðalm: Signý Sigurðardóttir, SVP

Samráðshópur um fjarskiptaáætlun 2005–2010
Guðni B. Guðnason, Lyf og heilsa hf.
Guðfinnur Johnsen, LÍÚ

ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum
Jón H. Magnússon, SA

Stýrihópur um tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu
Haukur Oddsson, Borgun hf.

ÚTFLUTNINGSMÁL

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð
Vilhjálmur Egilsson, SA

Stjórn Útflutningsráðs Íslands 2007-2009
Aðalm: Valur Valsson, formaður
Aðalm: Pétur Björnsson, Ísfell ehf.
Aðalm: Ólafur Daðason, Hugvit hf.
Aðalm: Hjörtur Gíslason, Ögurvík hf.
Aðalm: Martin Eyjólfsson, utanríkisráðuneyti
Aðalm: Jón Karl Ólafsson, Primera Air
Aðalm: Heiðrún Jónsdóttir, Eimskip ehf.

ÝMSAR NEFNDIR

Brunamálaráð
Aðalm: Gestur Pétursson, HRV
Varam: Gestur Guðjónsson, Ollúdreifing hf.

Endurskoðun raforkulaga nr. 65/2003
Bryndís Skúladóttir, SI

Framtíð skipulags lénamála hér á landi
Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

Höfundaréttarráð
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa
Aðalm: Guðrún B. Bjarnadóttir, SA
Varam: Álfheiður M. Sívertsen, SA

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur
Pétur Reimarsson, SA

Stjórn NEMIA
Vilhjálmur Egilsson, SA

Samvinnufélög
Aðalm: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

Vinnuhópur - sem skoðar greiðslur til sjálfviljugra líffæragjafa sem verða tímabundið óvinnufærir
Álfheiður M. Sívertsen, SA

EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

2.1. MESTA EFNAHAGSLÆGÐIN FRÁ KREPPUNNI 1929

Ástandið í heimsbúskapnum hefur farið hríðversnandi frá miðju síðasta ári. Í júlí 2008 spáði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 1,4% hagvexti meðal þróaðra ríkja á þessu ári, lækkaði síðan spána í 0,5% í október síðastliðnum en við endurmat í mars 2009 voru horfur á 3,0 – 3,5% samdrætti. Á næsta ári spáir sjóðurinn 0 – 0,5% hagvexti hjá þróuðum ríkjum og 1,5 – 2,5% hagvexti á heimsvisu. Hvaðanæva úr heiminum berast stöðugt fregnir af miklum framleiðslusamdrætti og heimsverslunin hefur dregist saman um tugi prósentu á undanförunum mánuðum. Ástæðan fyrir þessum mikla viðsnúningi og fordæmalausa samdrætti frá því í kreppunni miklu 1929 er yfirstandandi fjármálakreppa, vantraust á fjármálamörkuðum, lánsfjárburrð og litill vilji fjármála-fyrirtækja til lánveitinga.

Á Íslandi markast ástandið af hruni viðskiptabankanna þriggja og afleiðinga þess á atvinnulífið. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í atvinnulífinu




á fjórða ársfjórðungi 2008 þá jókst landsframleiðslan eilítið á árinu í heild, eða um 0,3%. Fyrir áfallið í októberbyrjun spáði fjármálaráðuneytið 1,6% samdrætti á þessu ári en eftir bankahrunið hafa spáaðilar verið samdóma um að samdrátturinn stefni í 10% á árinu. Í októberbyrjun 2008 spáði fjármálaráðuneytið 5% samdrætti einkaneyslu og 3% aukningu fjárfestinga á árinu 2009 en eftir hrunið var spáin lækkuð í fjórðungs samdrátt einkaneyslu og þriðjungs samdrátt fjárfestinga.

2.2. GRÍÐARLEGUR VIÐSKIPTAHALLI VEGNA TAPS Á FJÁRFESTINGUM

Viðskiptahallinn hefur verið gríðarlegur undanfarin ár og mun meiri en þekkt meðal annarra þjóða. Á árunum 2004–2007 nam hann á bilinu 15–25% af landsframleiðslu og stafaði af miklum vexti einkaneyslu og fjárfestinga sem að stærstum hluta áttu rætur sínar í greiðum aðgangi að ódýru erlendu lánsfjármagni sem fyrirtæki og heimili nýttu sér óspart. Viðskiptahallinn á árinu 2008 sló síðan öll met en hann nam rúmum 500 milljörðum króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar í marsbyrjun, eða 34% af vergri landsframleiðslu og stafar af stórum hluta af stóru auknum fjármagnsgjöldum til útlanda og tapi á fjármunaeign.


Þegar horft er til afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðsla, en þar er tekið tillit til launa- og fjármagnstekna til og frá útlöndum og breytinga á viðskiptakjörum. Á árinu 2008 var frávik

Hagvöxtur á Íslandi og í þróuðum ríkjum



Heimild: Hagstofan, IMF (mars '09), Fjármálaráðuneyti (spár 2009–2010)

Viðskiptajöfnuður og vöru- og þjónustujöfnuður Hlutföll af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofan, fjármálaráðuneytið

þjóðartekna frá landsframleiðslu margfalt meira en á umliðnum árum. Skýrist þetta af því að samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar fyrir árið 2008 námu launa- og fjármagnsgjöld til útlanda að frádregnum launa- og fjármagnstekjum frá útlöndum 460,5 milljörðum kr. Af þessu leiddi að þótt verg landsframleiðsla sé talin hafa vaxið um 0,3% á árinu 2008, dróguust vergar þjóðartekjur saman um hvorki meira né minna en 28,9%. Hagstofan hefur þó þann fyrirvara á að vera kunnari að verulegt verðlækkunartap (capital loss) hafi ranglega verið talið til fjármagnsgjalda til útlanda, en samkvæmt reglum þjóðhagsreikninga skal aðeins telja með hagnað eða tap sem tengist rekstri viðkomandi árs, svo sem úthlutaðan arð af venjulegri hlutabréfaeign og hlutdeild eiganda í hagnaði af beinni erlendri fjárfestingu (eignarhlutur yfir 10%) en ekki verðhækkunartap eða verðhækkunargróði.

2.3. GENGI KRÓNUNNAR HRYNUR

Mikill viðskiptahalli og slæmt ástand á fjármálamörkuðum leiddi til mikillar gengislækkunar krónunnar á fyrri hluta síðasta árs. Álag á vexti sem íslenskum fjármálafyrirtækjum bauðst á erlendum mörkuðum rauk upp og innstreymi fjármagns sem byggðist á vaxtamun milli Íslands og annarra landa stöðvaðist þar sem vaxtamunurinn hvarf vegna álagsins. Erlendir gjaldmiðlar hækkuðu þannig í verði um þriðjung að jafnaði á fyrri hluta ársins. Gengisþróunin um sumarið hélst nokkuð stöðug en síðan tók að syrta í álinn í september og í október dundu áföllin yfir. Í nóvember var meðalverð erlendra gjaldmiðla orðið 46% hærra en í ágúst. Þá tók við samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem m.a. fól í sér styrkingu gjaldeyrisforða. Þann 29. nóvember setti Alþingi lög um viðtæk gjaldeyrishöft og í kjölfar þess hófst styrking krónunnar á ný. Í janúar 2009 hafði bandaríkjadollar þó hækkað um 92% frá janúar 2008 og evran um 74%. Frá áramótum hefur krónan styrkst nokkuð en sveiflurnar eru allnokkrar og þarf lítil viðskipti til þess að hreyfa gengið um nokkrar prósentur. Vegna hárra stýrivaxta Seðlabanka Íslands og hás vaxtastigs í landinu leitaði mikil erlent fé inn í landið í síðustu uppsveiflu. Ekki eru fyrirbyggjandi nákvæmar upplýsingar um fjárhæð vaxtaberandi eigna útlendinga hér á landi, en í febrúar 2009 var talið að þær gætu í heild numið 350-400 milljörðum kr. Með gjaldeyrishöftum er leitast við að koma í veg fyrir að þetta fjármagn sé flutt úr landi sem

og fjármagnsflóttá Íslendinga. Á meðan ekki er skipulega leitað lausna á þeim mikla vanda sem hávaxtastefna undanfarinna ára hefur skapað, er veiking á gengi krónunnar yfirvofandi um leið og slakað verður á fjármagnshöftum.


2.4. HÁIR VEXTIR PRÁTT FYRIR GJALDEYRISHÖFT

Stýrivextir Seðlabankans hafa verið 18% frá því í nóvember 2008 en voru lækkaðir í 17% 19. mars 2009 og í 15,5% þann 8. apríl. Munurinn milli stýrivaxta hér á landi og í nágrennalöndunum er nú yfir 14%. Seðlabankar nágrennalöndanna keppast við að lækka vexti sem svar við samdrætti sem alls staðar herjar á atvinnulíf og almenning. Hér á landi er vöxtunum áfram haldið háum þótt samdráttur í íslensku efnahagslífi verði trúlega meiri en í nokkru öðru landi í okkar heimshluta.

Vaxtakostnaður íslenskra fyrirtækja af íslensku óverðtrygguðu lánsfé er almennt 21-25% og verðtryggt lán bankanna bera 9-14% raunvexti.




Gengi krónu gagnvart evru og USD



Heimild: Seðlabanki Íslands

Vaxtamunur milli Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Evrópu



Heimild: Seðlabanki Íslands, ECB



Þetta er ekki síst bagalegt vegna þess að nú hafa fæst þeirra aðgang að ódýru erlendu lánsfé eins og áður var. Fjármögnun atvinnulífsins færirst því óðfluga yfir í dýr skammtímalán sem eru öllum venjulegum rekstri ofviða.

Hinir háu vextir éta fljótt upp eigið fé skuldettra fyrirtækja og verða einnig til þess að kröfuhafar þeirra fara að tapa útstandandi skuldum. Í hópi kröfuhafanna eru mörg fyrirtæki, sem eru bærilega stöndug fyrir, en verða fyrir áföllum af vanskilum og töpuðum kröfum.

Ekki er síður alvarlegt að svo háir vextir setja fljótt hina nýju banka í enn meiri vandræði en þeir eiga þó við að etja. Hætt er við því að um leið og nýju bankarnir þurfa raunverulega að standa á eigin fótum, eftir að efnahagsreikningar þeirra verða endanlega ákveðnir, lendi þeir strax í óhóflegum útlánatöpum vegna þess að viðskiptavinirnir kíkna undan vaxtastiginu. Slík útlánatöp geta auðveldlega sett hina nýju banka strax á hliðina þegar vandamál viðskiptavinanna flytjast yfir á þá.


Við núverandi aðstæður eru háir vextir fyrst og fremst eldsneyti fyrir mikinn eignabruna. Afskriftapörf verður mikil, fjármagn dregst saman og fyrirtæki fá ekki fé til nýrra verkefna eða uppbyggingar. Verðmæti eyðast þar af leiðandi í atvinnulífinu, hvort heldur það er eigið fé fyrirtækjanna, fastafjármunir þeirra eða verðmæti sem felast í rekstrarhæfni og getu til þess að skila arði og greiða laun.

Háir stýrivextir á Íslandi eru réttlættir með nauðsyn þess að hvetja erlenda eigendur fjárfrafna í íslenskum krónum til þess að halda þeim kröfum áfram í krónum í stað þess að skipta þeim í erlenda gjaldmiðla sem leiðir til tímabundinnar lækkunar á gengi krónunnar. Þessar kröfur eru niðurstaðan af peningastefnu undanfarinna ára þegar vextir voru hækkaðir í sífellu til þess að laða slíkt fjármagn inn í landið og hækka gengi krónunnar.

Þessi réttlæting sýnir skipbrot vaxtastefnu undanfarinna ára sem tækis til að vinna gegn verðbólgu. Þegar skammtímafjármagn leitar inn í landið vegna hárra vaxta og hækkandi gengis verður jafnframt til krafa á útlæði fjármagns síðar. Sú krafa verður þeim mun hærri sem vextirnir eru hærri. Háir stýrivextir nú gera ekkert annað en að hækka enn frekar kröfuna á útlæði fjármagns. Þeir, sem eiga þessar kröfur, eru nú mun líklegri til þess að horfa til væntanlegar þróunar gengis krónunnar en til þess hvort stýrivextir eru hærri eða lægri þegar þeir taka ákvarðanir um sín mál.


Síðan þarf að líta til þess að það eru til tölulega fáir aðilar sem eiga stóran hluta þessara krafna. Æskilegt er að reyna að semja við þá um skipulegt undanhald í stað þess að færa ónaúðsynlegar fórnir með vöxtum sem eru ekki í neinu samhengi við stöðu atvinnulífsins, getu þess og framtíðarhorfur.

Verðbólga með og án húsnæðisliðar



Heimild: Hagstofa Íslands og greining Íslandsbanka (spá)

Launþróun á Íslandi og í viðskiptalöndunum



Heimild: Hagstofa Íslands og OECD

2.5. VERÐBÓLGA KNÚIN AF GENGISLÆKKUN

Verðbólgan, skilgreind sem hækkun vísitölu neysluverðs síðustu 12 mánuði, markast um þessar mundir mjög af gengislækkun krónunnar á liðnu ári, fyrst með mikilli lækkun í mars 2008 og síðan frekari lækkun í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins í byrjun október. Frá áramótum hefur krónan heldur styrkst og er búist við því að gengið haldist tiltölulega stöðugt á komandi mánuðum vegna hagstæðs viðskiptajöfnuðar og viðtækra gjalddeyrishafta. Verðbólgan náði hámarki í janúar, 18,6%, féll síðan niður í 15,2% í mars og er hröð lækkun hennar fyrir séð á kom-

andi mánuðum þannig að hún verði komin í eins stafs tölu á sumarmánuðum. Lækkun húsnæðis- og kostnaðar, en hann vegur um fjórðung í vísitölunni, stuðlar að hraðari lækkun verðbólgunnar en ella vegna offramboðs á fasteignamarkaði og fallandi fasteignaverðs. Þá stuðlar lítil verðbólga erlendis og fallandi olíu- og hrávöruverð að því að verðbólgan hjaðnar mjög hratt. Þróunin á vinnumarkaði leggst á sömu sveif þar sem engar almennar launahækkningar hafa átt sér stað á árinu, markaðslaun hafa farið lækkandi og dregið hefur úr yfirvinnu, sem dregur úr launakostnaði.

2.6. LAUNAHÆKKANIR PREFALDAR TIL FIMMFALDAR MIÐAÐ VIÐ VIÐSKIPTALÖNDIN

Laun á almennum markaði hækkuðu að jafnaði um rúm 10% bæði árin 2006 og 2007 en almennar launahækkningar samkvæmt kjarasamningum voru 2,5% og 2,9% í upphafi hvors árs, þannig að launaskrið var 7-8% þessi ár. Árið 2008 mældist hækkunin 8% og var þáttur kjarasamningsbundinna hækkana stærri en árin á undan vegna mikilla kaupfaxtækkana í febrúar 2008, og 5,5% launaþróunartryggingar, en launaskrið stöðvaðist nánast á árinu. Þegar launabreytingar á Íslandi eru bornar saman við evru-svæðið kemur í ljós að þær voru þrefalt meiri á árinu 2008, fjórfalt meiri árið 2007 og fimmfalt meiri árin 2005 og 2006. Munurinn er heldur minni þegar samanburður er gerður við OECD í heild, eða 2,5 til 3,5 faldur þessi ár. Kostnaðarleg samkeppnisstaða atvinnulífsins versnaði því verulega á árunum 2004–2007 uns gengi krónunnar lét undan á árinu 2008.

Athyglisvert er að kaupmáttur launa á almennum markaði var sá sami á fjórða ársfjórðungi 2008 og hann var á fyrsta ársfjórðungi 2005, þ.e. laun og verðlag hækkuðu jafn mikið á þessu tímabili eða um 36%. Þróunin eftir atvinnugreinum var þó mjög mismunandi og hækkuðu laun mest í samgöngum og flutningum, eða um tæp 44% (5,5% kaupmáttaraukning) og þar á eftir í fjármálaþjónustu og byggingarstarfsemi. Launaþróun í iðnaði og verslun var hins vegar mun hægari, eða 33% (2% kaupmáttarminnkun).


Það er sömuleiðis athyglisvert að sundurliðun launaþróunar eftir starfsstéttum leiðir í ljós að laun hækkuðu mest hjá verkafólki, 41% (4% kaupmáttaraukning) og þar á eftir hjá afgangiðslu- og skrifstofufólki og sérfræðingum. Var kaupmáttarþróun jákvæð hjá þessum hóp-

um. Minnst hækkuðu laun hjá stjórnendum, 30,5% (4% rýrnun kaupmáttar) og iðnaðarmönnum, 31,5%.

Í upphafi ársins 2004 voru gerðir kjarasamningar til fjögurra ára eða til ársloka 2007. Fólu þeir í sér almennar hækkningar sem námu 12% á tímabilinu öllu en að viðbættum taxta- tilfærslum og öðrum samningsákvæðum má áætla að samningarnir hafi stuðlað að 14% hækkunum launa. Þar til viðbótar voru iðgjöld atvinnurekenda í lífeyrissjóði hækkuð úr 6% í 8%. Eitt markmið SA í samningunum var að færa launabreytingar niður á það stig sem ríkti í viðskiptalöndunum. Í samningslok, þ.e. á fjórða ársfjórðungi 2007 höfðu laun hins vegar hækkað að jafnaði um 38%, eða nálægt þrefalt meira en samningarnir fólu í sér. Þar kemur einnig við sögu svonefndur taxtaviðauki, kr. 15.000, sem samið var um sumarið 2006 til þess að tryggja áframhald samninga. Samningarnir 2008 endurspegluðu skipbrot þeirrar stefnu að launabreytingar og verðbólga væru á svipuðu stigi og í viðskiptalöndunum og voru




Hækkun launa eftir atvinnugreinum frá 1. ársfjórðungi 2005 – 4. ársfjórðungs 2008



Heimild: Hagstofa Íslands

Hækkun launa eftir starfsstéttum frá 1. ársfjórðungi 2005 – 4. ársfjórðungs 2008



Heimild: Hagstofa Íslands




launataxtar hækkaðir verulega á árinu, eða um og yfir 10%, auk þess sem launamönnum var tryggð a.m.k. 5,5% launahækkun á tímabilinu 1. janúar 2007 til 1. febrúar 2008. Á tímabilinu frá 1. ársfjórðungi 2004 til jafnlengdar 2008 óx kaupmáttur launa á almennum markaði jafnt og þétt og var þá orðinn 14% hærri en í upphafi

tímabilsins. Snörp gengislækkun krónunnar í mars 2008 og áframhaldandi fall hennar á árinu markaði endalok tímabils vaxandi kaupmáttur og var kaupmáttur á fjórða ársfjórðungi 2008 sem fyrr sagði kominn á sama stig og á fyrsta ársfjórðungi 2005, en var þó 3,5% hærri en á 1. fjórðungi 2004.

Samanburður launa- og kaupmáttarþróunar á almennum og opinberum markaði á tímabilinu 2004–2008 leiðir í ljós að hlutfallsleg staða þessara hópa í heild var sú sama í lok tímabilsins og í upphafi þess. Endurnýjun kjarasamninga á almennum markaði átti sér stað í flestum tilvikum 2004 en opinberra starfsmanna 2005 og drógust þeir síðarnefndu því nokkuð aftur úr 2004 sem jafnaðist að miklu leyti árið 2005. Árið 2007 drógust opinberir starfsmenn aftur úr vegna launaskriðs á almennum markaði en það bil virðist hafa brúast með kjarasamningunum 2008. Þegar litið er á tímabilið frá 1. ársfjórðungi 2004 til 4. ársfjórðungs 2008 kemur í ljós að bæði laun á almennum og opinberum vinnumarkaði hækkuðu um 47% og kaupmáttur beggja hópa jókst um 3,4%.


Hluttur launa í verðmætasköpun atvinnulífsins hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Hlutfallið fór yfir 70% bæði árin 2006 og 2007 og hafði vaxið ár frá ári frá árinu 2001 þegar það var 63%. Ætla má að hlutfallið hafi lækkað töluvert árið 2008 eða í 68% en var þá langt yfir því hlutfalli sem er í venjulegu árferði. Þróunin á Íslandi hefur verið öndverð við það sem gerst hefur í ESB en þar hefur hlutfallið sigið á undanförunum árum, eða úr 57% í upphafi þessa áratugar í 55% árið 2007. Munurinn á hlut launa á Íslandi og í ESB náði hámarki árið 2007 við 16% en það má orða þannig að atvinnurekstur á Íslandi, að meðtöldum hlut einyrkja, fékk 16% minni hlut í verðmætasköpuninni en atvinnurekstur í ESB.

Launaþróun og kaupmáttur skv. launavísitölu fyrir almennan markað 2004 - 2008




Heimild: Hagstofa Íslands

Kaupmáttarþróun á almennum og opinberum vinnumarkaði 2004 - 2008



Heimild: Hagstofa Íslands

Hluttur launa og tengdra gjalda í verðmætasköpuninni (skiptingin milli launa og fjármagns)



Heimild: Hagstofan, vefur Eurostat, mars 2009

2.7. FJÖLDAATVINNULEYSI HEFUR INNREIÐ

Umskipti á vinnumarkaði hafa orðið meiri frá síðasta hausti en dæmi eru um hér á landi. Í uppsveiflunni 2004–2007 fjölgaði starfandi mönnum um u.þ.b. 21 þúsund, en á árinu 2008 var fjölgunin mun minni, en þá voru starfandi að jafnaði 178.600 talsins samanborið við 177.300 árið áður. Á fjórða ársfjórðungi 2008 fækkaði starfandi mönnum talsvert miðað við sama tíma árið áður, eða úr 176.300 í 175.000 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Það segir þó ekki alla söguna því fullum störfum fækkaði

um 3.700 en hlutastöfum fjölgaði um 2.400 á sama tíma og meðalvinnutími styttest. Samkvæmt sömu heimild mældist atvinnuleysi þá 4% af mannafla, en á sama tíma árið áður var það 1,9%. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr vinnuþátttöku Hagstofunnar á fyrsta ársfjórðungi á þessu ári. Skráð atvinnuleysi hjá Vinnuálfstjórnun gefur hins vegar nýrri upplýsingar um stöðu mála á hverjum tíma, þótt ekki séu þær sambærilegar við alþjóðlegar upplýsingar um atvinnuleysi. Aukning skráðs atvinnuleysis kom strax fram í október 2008, en í lok þess mánaðar mældist það 1,9%. Í lok febrúar 2009 hafði atvinnulausum fjölgað í um 13.300 manns miðað við fullt starf eða 8,2% af mannafla. Eftir því sem leið á febrúarmánuð og framan af mars hefur heldur dregið úr nýskráningu atvinnulausra þannig að vænta má að í lok mars verði atvinnuleysis hlutfall ekki langt umfram 9%. Líkur benda til að atvinnuleysi muni ná hámarki í um 10% á sumarmánuðum.


Þegar lítið er til skiptingar atvinnulausra eftir atvinnugrein sem þeir störfuðu við eru tölurnar hæstar í mannvirkjagerð, verslun, iðnaði, flutningastarfsemi og annarri þjónustu. Hlutfallslegt atvinnuleysi er langhæst í mannvirkjagerð eða fast að 25%, en einnig vel yfir meðaltali í flutningastarfsemi, iðnaði, verslun, gisti- og veitingastarfsemi, sérfræðiþjónustu og annarri þjónustustarfsemi einkaaðila. Eftir mesta fjölgun atvinnulausra í mannvirkjagerð, verslun og fjármálaþjónustu framan af, hefur fjölgunin verið jöfn í flestum greinum á almennum vinnuþátttöku síðustu vikurnar. Atvinnuleysi er hins vegar ennþá lítið í opinberri stjórnsýslu, fræðslu-, heilbrigðis- og menningarstarfsemi.

Skipting atvinnulausra eftir starfsstétt sýnir að verkafólk og þjónustu- og afgreiðslufólk er fjölmennast, eða um 3.700 í hvorri stétt um miðjan mars, en iðnaðarmenn fylgja fast á eftir. Skipting eftir menntun sýnir áþekka mynd, en um 8.700 þeirra sem skráðir voru atvinnulausir um miðjan mars eða um helmingur voru með grunnskólapróf, iðnaðarmenn fast að 3.000 og um 4.500 voru með háskólapróf eða stúdentspróf. Framan af jókst atvinnuleysi mest á Suðurnesjum en minnst á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austfjörðum, en skipting eftir landslutum hefur hins vegar jafnast upp á síðkastið.

Rétt er að líta einnig til samanburðar á atvinnuleysi hér á landi og í nálægum löndum. Hér á landi hefur atvinnuleysi til skamms tíma verið hverfandi og reyndar umfram eftirspurn eftir vinnuafli undanfarin ár. Umskiptin


sem orðið hafa í kjölfar bankahrunsins í haust hafa enn sem komið er í meginatriðum þýtt að atvinnuleysi hefur náð á móta stigi eða lítið eitt hærra og til jafnaðar í Evrópulöndum, þar sem atvinnuleysi hefur einnig farið vaxandi vegna efnahagslæggðar. Í janúar 2009 var atvinnuleysi á evrusvæðinu 8,2% og 7,6% í Evrópusamband-

Fjöldi starfandi fólks og atvinnuþátttaka (%) í hlutfalli við mannafla




Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuleysi skráð hjá Vinnuálfstjórnun



Heimild: Vinnuálfstjórnun

Vísitala efnahagslífsins



Heimild: Könnun Capacents á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja

inu í heild. Atvinnuleysi hefur þó verið mismikið meðal Evrópuþjóða og einna minnst á Norðurlöndum og sumum smærri ríkjum s.s. Hollandi og Austurríki, en mun meira t.d. á Spáni (14,8%) og í Lettlandi (12,3%). Raunar eykst nú atvinnuleysi hratt í mörgum nágrannalanda okkar. Atvinnuleysi í Svíþjóð mældist t.d. um 8% í febrúar 2009, eða svipað og hér á landi, og er búist við að það muni enn aukast á næstu mánuðum. Í Danmörku og Noregi er atvinnuleysi ennþá lágt, en hefur samt aukist hratt síðustu mánuði. Er atvinnuleysi nú 2,3% í Danmörku en var 1,7% um mitt síðasta ár og í Noregi er atvinnuleysi nú 2,7% og stefnir í 100 þúsund manns í árslok (3,6%), sem yrði met. Þessar staðreyndir breyta að sjálfsögðu engu um nauðsyn þess að draga sem fyrst úr atvinnuleysi hér á landi. Það verður ekki gert með öðru en því að skapa skilyrði til öflugrar endurreisnar í íslensku atvinnulífi.

2.8. HORFUR Í ATVINNULÍFI

Ársfjórðungslegar kannanir Capacents fyrir SA meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins á mati stjórnenda þeirra á stöðu og horfum í atvinnulífinu sýna vel þau gríðarlegu umskipti sem áttu sér stað á árinu 2008. Vísitala efnahagslífsins, en gildið 200 merkir að allir telji stöðuna góða og núll að engir telji hana það, féll úr tæplega 200 á miðju árinu 2007 niður í 50 í mars 2008, náði botni í gildinu 0 í desember 2008 og var einnig í lágmarki í mars 2009. Mat stjórnenda á hverjum tíma á horfum eftir sex mánuði hefur verið jafnara en í mælingunni í mars 2009 taldi rúmlega fjórðungur að ástandið myndi batna en tæplega þrjár af hverjum fjórum að það myndi versna eða verða óbreytt.

SA gerðu nokkrar kannanir meðal félagsmanna á horfum í atvinnumálum á starfsárinu. Í febrúar 2009 áformuðu 17% fyrirtækja að fjölga starfsfólki á næstu þremur mánuðum, 30% ætluðu að fækka en 53% stefndu að óbreyttum starfsmannafjölda. Á grundvelli þess var áætlað að atvinnuleysi yrði á bilinu 18.000 til

19.000 manns á landinu í maí eða nálægt 10% af mannafla. Í sambærilegri könnun í júlí 2008, þar sem einnig var hugað að rekstrarhorfum fyrirtækja var helsta niðurstaða hennar sú að mikill meirihluti fyrirtækja, eða rúmí tveir þriðju hlutar, hefðu ekki þurft að glíma við lánsfjárskort en tæpur þriðjungur átti í vanda við öflun lánsfjár til dagslegs rekstrar eða við fjármögnun nýrra verkefna.

2.9. GRÍÐARLEGUR VANDI Í OPINBERUM FJÁRMÁLUM

Alþingi samþykkti fjárlög fyrir 2009 með 153 milljarða króna halla en það er um 10% af áætlaðri landsframléiðslu ársins. Áætlað er að tekjur verði 402 milljarðar króna og dragast þær saman um tæplega 60 milljarða milli ára. Tekjurnar verða svipaðar í krónum talið og árið 2006 og talsvert meiri en 2005 ef eignasala er frádrægin, en eignasala nam 14 milljörðum króna árið 2006 og 59 milljörðum árið 2005. Gjöldin verða 556 milljarðar króna og aukast um rúmlega 88 milljarða.

Áætlað er að flestir tekjustofnar ríkissjóðs rýrni milli ára samhliða minnkandi neyslu, umsvifum og lægra atvinnustigi. Þannig er áætlað að tekjur af virðisaukaskatti minnki um 6%, um 16% af tekjuskatti einstaklinga og um 35% af tekjuskatti lögaðila. Þessar hlutfallstölur miðast við verðlag hvors árs. Við samþykkt fjárlaga var áætlað að verðlag hækki um 14% milli ára og verður samdrátturinn þeim mun meiri að raungildi.

Vaxtagjöld ríkissjóðs hækka mest allra gjaldaliða milli ára. Samkvæmt fjárlögum eru þau áætluð verða 87 milljarðar króna og hækka um 54 milljarða. Hjá ráðuneytunum aukast útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytisins mest eða um rúmlega 28 milljarða króna og þar á eftir koma heilbrigðisráðuneytið með 10 milljarða, menntamálaráðuneytið með 3,6 milljarða og utanríkisráðuneytið með 3,2 milljarða aukningu. Gjöld fjármálaráðuneytis minnka um tæpa sex milljarða og gjöld samgönguráðuneytis um

Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs

Rekstrargrunnur, milljarðar kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Heimildir ¹ 2008	Fjárlög 2009
Tekjur samtals	421	422	486	461	403
Gjöld samtals	308	340	397	467	556
Tekjujöfnuður	113	82	89	-6	-153

¹ Fjárlög að viðbættum fjárukalögum ársins

fimm milljarða milli ára. Önnur ráðuneyti munu hafa u.þ.b. sömu fjárhæð til ráðstöfunar og á síðasta ári en það felur í sér raunlækkun sem hækkun verðlags nemur.

Þegar lítið er til svonefndrar hagrænnar skiptingar ríkisútgjalda kemur í ljós að rekstrargjöldin aukast um 4%. Það er umtalsverð raunlækkun í ljósi 14% hækkunar verðlags. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 16%, viðhald um rúman þriðjung en fjárfesting dregst saman um 17%. Rekstrargjöld og neyslu- og rekstrartilfærslur nema samtals 425 milljörðum króna en heildartekjur eru áætlaðar 402 milljarðar. Niðurstaða fjárlaganna er því sú að tekjur ríkissjóðs munu ekki nægja til þess að standa undir rekstri og tilfærslum á þessu ári og taka þarf lán til að standa straum af hluta þeirra, auk þess að fjármagna þarf vaxtagreiðslur, viðhald og fjárfestingar með lántökum. Það er því ljóst að áformuð lántaka ríkissjóðs mun valda miklum þrýstingi á lánsfjármarkaði og þrýsta raunvöxtum upp.

Samkvæmt þingsályktun um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum (AGS) sem samþykkt var á Alþingi þann 5. desember 2008 verður metnaðarfullri áætlun um ríkisfjármálin hrundið í framkvæmd. Stefnt er að því að hagsveifluleiðrættur frumjöfnuður verði orðinn jákvæður um 3,5-4% af vergri landsframleiðslu árið 2012. Þetta hugtak mælir afkomu ríkissjóðs að teknu tilliti til stöðu hagsveiflunnar auk þess sem vaxtagjöld eru undanskilin. Markverður árangur á þessu sviði og endurbætur í umgjörð ríkisfjármála eru lykilskiyrði fyrir lánaforgreiðslu AGS á samningstímabilinu sem nær yfir tímabilið frá nóvember 2008 til nóvember 2010. Það er því mikið í húfi að sett markmið náist í ríkisfjármálum.

Að snúa rekstri ríkissjóðs úr gríðarlegum halla í afgang er stærsta og mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda á næstu misserum. Ríkissjóður þarf á þessu ári að taka gríðarhá lán og vaxtabyrði mun vaxa hratt. Stór hluti ríkisút-



gjalda næstu ára verða vaxtagreiðslur af lánum og skuldbindingum vegna falls bankanna í stað þess að ganga til þess að bjóða þegnum upp á opinbera þjónustu.

Veigamikil rök voru fyrir því aðfgreiða fjárlög ársins 2009 með miklum halla en hann er ósjálfbær og fær ekki staðist nema í skamman tíma. Nauðsynlegt er að landsmenn geri sér þetta ljóst. Sama á við um mikilvægi jöfnuðar og afgang í ríkisfjármálum fyrir efnahagslega framtíð þjóðarinnar á komandi árum.

Jöfnuður í ríkisfjármálum felur óhjákvæmilega í sér samdrátt ríkisútgjalda á næstu árum því útilokað er að jafna hallann með skattahækkunum. Það felur í sér mikla áskorun fyrir stjórnvöld um aukna skilvirkni og framleiðni starfsmanna ef ekki á að koma til mikillar skerðingar þjónustu. Aukin skilvirkni krefst endurskipulagningar, nýsköpunar, bættrar stjórnunar, nýrra árangursmælikvarða, öflugrar eftirfylgni með settum markmiðum og aukins sveigjanleika opinberra starfsmanna. Í þessu ferli hlýtur að koma til skoðunar að leggja niður einhverjar stofnanir og sameina aðrar, auka samrekstur stuðningssviða og auka opinber útboð. Engum steini má vera óvelt.

Ríkissjóður hefur greitt niður skuldir sínar á síðustu árum og var þess vegna í betri stöðu en ella þegar bankahrunið og afleiðingar þess dundu yfir. Á árinu 2009 aukast skuldir ríkissjóðs

Hagræn skipting ríkisútgjalda

Rekstrargrunnur, milljarðar kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Heimildir 2008	Fjárlög 2009
Rekstrargjöld samtals	145	160	188	201	209
Fjármagnskostnaður	13	15	22	33	87
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	131	142	157	185	216
Viðhald samtals	5	6	6	6	9
Fjárfesting samtals	14	17	24	42	35
Gjöld samtals	308	340	397	467	556

gríðarlega vegna fjárlagahallans, endurfjármögnunar bankanna og Seðlabankans og ábyrgða sem falla á ríkissjóð vegna innlánsreikninga erlendis.

Ríkissjóður verður rekinn með halla á þessu ári þar sem heildartekjur munu lækka um 60 milljarða króna og ýmis útgjöld hækka óhjákvæmilega, m.a. vegna aukins atvinnuleysis. Við vinnslu fjárlagafrumvarpsins var reynt að draga úr hallarekstrinum með því að draga saman útgjöld vegna rekstrar, tilfærslna og framkvæmda. Tekjuskattshlutfallið var hækkað úr 22,75% í 24,1% og hámarksútsvar var hækkað úr 13,03% í 13,53%. Á móti hækkaði persónuafsláttur úr 34.034 kr. í 42.205 á mánuði, bæði vegna fyrirheita í tengslum við kjarasamninga og vegna tengingar við verðlagsþróun. Með þessu lækkar tekjuskattur á öll mánaðarlaun undir 450.000 kr. þannig að í heild átti sér stað tekjuskattslækkun í upphafi ársins og skattleysismörk hækkuðu úr 95 þúsund upp í rúm 113 þúsund.

Í meginatriðum fá sjálfvirkir sveiflujafnarar að virka að því leyti að skattahækkanirnar eru takmarkaðar og útgjöld sem hækka þegar illa árar í efnahagslífinu eru látin gera það án mikilla breytinga. Mikilvægt er að framkvæmdir og viðhaldsverkefni voru ekki skorin óhóflega niður því að þau eru nauðsynleg til þess að vinna gegn gífurlegum samdrætti í byggingariðnaðinum.

Hallarekstur og lánsfjárbörf ríkisins hafa mikil áhrif á fjármagnsmarkaðinn á þessu ári og því næsta. Ljóst er að álag á lánsfjármarkaðnum verður mikið. Gert er ráð fyrir afgangi á viðskiptum við útlönd þannig að erlendar skuldir þjóðarinnar lækki en á sama tíma þarf að fjármagna hallareksturinn. Þetta gerist ekki nema með miklum samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingum og stóruaknum sparnaði heimila og fyrirtækja.

Hallareksturinn má ekki verða svo umfangsmikill og langvarandi að lánsfjárbörf ríkissjóðs eyðileggi möguleika til fjárfestinga í atvinnulífinu og uppbyggingar þess. Því þarf að sjá fyrir endann á hallarekstrinum þannig að heimili og fyrirtæki geti fengið nauðsynlegt svigrúm á nýjan leik.

Eitt mikilvægasta málið í ríkisrekstrinum er að auka aga við meðferð fjármuna og líta til lengri tíma en árs í senn við gerð fjárlaga. Þótt margt hafi batnað við fjárlagagerðina á undanförlum árum, sérstaklega með upptöku rammafjárlaga og meiri ábyrgðar einstakra ráðuneyta á fjárlagagerðinni má margt færa til betri vegar.

Of auðvelt hefur reynt að fá fjárheimildir með fjárvæðingum og það hefur leitt til ákveðins agaleysis í áætlanagerð og rekstri. Því þarf áætlanagerð að verða markvissari og meira samræmi skapast milli pólitískra ákvarðana og fjárheimilda.

Unnt er að styrkja áætlanagerð með því að taka upp formlega fjárlagagerð til þriggja ára í senn. Með því að vera með lengri tíma undir en eitt ár er hægt að beita markvissari vinnubrögðum við spá um aukningu eða samdrátt í umsvifum, áhrif fjárfestinga á rekstur og bæta eftirlit með því hvort fjármál stofnana þróast í samræmi við langtíma markmið.

Fjárlög til þriggja ára í senn gefa líka Alþingi miklu betri möguleika á að sinna eðlilegu eftirlitshlutverki með þróun ríkisbúskaparins. Nú er vinna Alþingis ekki nógu markviss og það hefur ekki tók á því að veita nægilegt aðhald og fara í saumana á langtíma markmiðssetningu einstakra stofnana og hvort áætlunum er fylgt.

Nú vinna allar stofnanir ríkisins að því að minnka umsvif og lækka útgjöld vegna ársins 2009. Einnig er hafin vinna vegna fjárlagagerðar fyrir 2010. Venjulega hefur vinna framan af ári við fjárlagagerð næsta árs byggst á framreikningi á kostnaði við núverandi umsvif. Síðan hefur ríkisstjórnin síðsumars fjallað um tillögum um breytingar á tillögum, fyrst og fremst til hækkunar.

Með því að fjalla um þrjú ár í einu eru miklu betri möguleikar til þess að sjá fyrir afleiðingar ákvarðana fram í tímann og hvaða kostnað eða sparnað þær hafa í för með sér. Þess vegna er æskilegt að sú vinna sem nú er að hefjast vegna fjárlagagerðarinnar 2010 nái líka yfir árin 2011 og 2012.

2.10. SKULDIR RÍKISSJÓÐS VAXA MIKIÐ EN EINNIG EIGNIR

Skuldir ríkissjóðs munu vaxa verulega vegna



Eigna- og skuldastaða ríkissjóðs á árinu 2009

Milljarðar króna	Skuldir	Eignir	Mismunur
Staða ríkissjóðs í ársbyrjun 2009	663	655	-8
Eignarhlutir ríkissjóðs í fyrirtækjum í ársbyrjun		195	195
Fjárlagahalli ársins 2009	50	-100	-150
Skuldabréf til Seðlabankans vegna veðlana	270	95	-175
Tap vegna verðbréfalána		-17	-17
Endurfjármögnun bankanna (385 ma.kr.)	100	100	0
Staða í lok árs 2009	1.083	928	-155
Ábyrgðir ríkissjóðs / Seðlabanka Íslands:			
Icesave	600	527	-73
AGS og ýmis lönd (lán og lánalínur)	630	630	0

Heimild: Fjármálaráðuneytið

bankahrunsins og er það ein helsta áskorun sem þjóðin stendur frammi fyrir að takast á við þann vanda. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins frá mars 2009 eru brúttó skuldir ríkissjóðs í árslok 2009 áætlaðar verða 1.083 ma.kr. eða um 71% af landsframleiðslu, en á móti standa eignir að fjárhæð 928 ma.kr. Skuldir umfram eignir eru áætlaðar nema 155 ma.kr. eða um 10% af landsframleiðslu. Í meðfylgjandi töflu er að finna nánari greiningu á eigna- og skuldastaðu ríkissjóðs í árslok 2009.

Í árslok 2008 námu skuldir ríkissjóðs 663 ma.kr. og eignir 655 ma.kr., og voru skuldir umfram eignir því 8 ma.kr. Eignir samanstanda af inneignum ríkissjóðs á viðskiptareikningum í Seðlabanka og öðru handbæru fé, veittum lánum til Seðlabankans og öðrum kröfum ríkissjóðs. Auk peningalegra eigna nemur bókfært virði fyrirtækja í eigu ríkissjóðs 195 ma.kr. Skuldir ríkissjóðs samanstanda af útgefnum markaðsbréfum ríkissjóðs, öðrum innlendum skuldum og erlendum skuldum.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 er halli ríkissjóðs um 150 ma.kr. Ráðgert er að leysa fjárþörf ríkissjóðs vegna hans með því að nýta 100 ma.kr. af innistæðum ríkissjóðs í Seðlabanka en það sem á vantar með útgáfu markaðsskuldabréfa á innlendum markaði.


Ríkissjóður gaf í byrjun árs 2009 út skuldabréf að fjárhæð 270 ma.kr. vegna yfirtöku óvarinna tryggingabréfa vegna veð- og daglána Seðlabankans til innlendra fjármálastofnana að fjárhæð 345 ma.kr. Tryggingabréfin eru tilkomin vegna lánaþyrirgreiðslu sem Seðlabankinn veitti fjármálafyrirtækjum í samræmi við hlutverk hans sem seðlabanka. Ljóst er að verulegt tap verður vegna þessara lánveitinga sem hefði rýrt eigið fé Seðlabankans umfram það sem hann

hefði getað staðið undir. Inngrip ríkissjóðs eru til þess að leysa þennan vanda. Seðlabankinn tekur á sig hluta af tapi vegna lánanna og kemur það fram í 75 ma.kr. lækkun á eigin fé bankans. Það sem á vantar bætir ríkissjóður með útgáfu fyrrenfnds skuldabréfs til Seðlabankans að fjárhæð 270 ma.kr. og tekur á móti yfir tryggingabréfin. Gert er ráð fyrir að um 95 ma.kr. innheimtist af tryggingabréfunum og að tap ríkissjóðs vegna bréfanna nemi 175 ma.kr.

Samkvæmt samningum við aðalmiðlara ríkisverðbréfa áttu þeir kost á að fá lánuð ríkisverðbréf til skilgreinds tíma gegn framlagningu tryggingabréfa til að auðvelda þeim að uppfylla kröfur um viðskiptavakt. Reikna má með að ríkissjóður verði fyrir um 17 ma.kr. tapi vegna þessara fyrirgreiðslu.

Eiginfjárframlag ríkissjóðs til nýju bankanna er áætlað nema 385 milljörðum kr. Er ráðgert að það verði greitt með markaðshæfum tryggingabréfum vegna verðbréfa-, veð- og daglána. Ríkissjóður eignaðist markaðsskuldabréf

Eigna- og skuldastaða ríkissjóðs



Heimild: Fjármálaráðuneytið

fyrir um 65 ma.kr. við yfirtöku verðbréfalána og verða þau nýtt sem eiginfjárframlag í bankana. Ríkissjóður mun einnig kaupa samsvarandi skuldabréf af Seðlabankanum vegna veð- og daglána bankans fyrir um 320 ma.kr. og verða þau sömuleiðis lögð inn í nýju bankana sem eiginfjárframlag. Ríkissjóður mun greiða Seðlabankanum fyrir markaðsbréfin með yfirtöku á áður veittum lánum ríkissjóðs vegna styrkingar gjaldeyrisvaraforða að jafnvirði um 220 ma.kr. og með skuldabréfi að fjárhæð 100 ma.kr. Yfirtekin markaðsskuldabréf ríkissjóðs að fjárhæð 65 ma.kr. og kröfur ríkissjóðs á Seðlabankann að fjárhæð 220 ma.kr. eru taldar með eignum ríkissjóðs í lok árs 2008 og því er hér eingöngu tekinn með sá hluti eiginfjárframlags bankanna sem eftir er að fjármagna, þ.e. 100 ma.kr.

Breytingar sem eru að verða á stöðu ríkissjóðs í kjölfar hruns fjármálakerfisins haustið 2008 sjást ágætlega þegar litið er til þróunar eigna- og skuldastöðu yfir lengra tíma, en ekki aðeins eru skuldir að vaxa hratt, heldur jafnframt eignir að nokkru leyti á móti. Það er því einnig mikilvægt að þannig verði haldið á málum að eignir rýrni ekki og verði sem fyrst komið í verð þannig að greiða megi niður skuldir og draga úr vaxtabyrði.

Ábyrgðir ríkissjóðs og Seðlabankans munu aukast mikið vegna hruns bankakerfisins og uppbyggingar á gjaldeyrisvarasjóði. Er talið að í árslok muni þessar ábyrgðir nema annars vegar 600 ma.kr. vegna Icesave-reikninga Landsbankans og hins vegar 630 ma.kr. vegna lána og lánalína AGS og nágrannaríkja til styrkingar gjaldeyrisforða Seðlabankans. Enn ríkir nokkur óvissa um hve mikið muni falla á ríkissjóð vegna Icesave-reikninga Landsbankans, en samkvæmt nýjasta mati skilaneftndar bankans er talið að 527 ma.kr. komi á móti í eignum, þannig að 73 ma.kr. falli á rík-

issjóð. Lánalínur verða því aðeins vaxtaberandi að á þær sé dregið. Öll lán og lánalínur verða í umsjón Seðlabankans sem getur valið að nýta þær til þess að auka stöðugleika á gjaldeyrismarkaði með sölu gjaldeyris, sem myndar þá eign á móti teknum lánum.


2.11. RAUNGengi LÆGRA EN FRÁ UPPHAFI MÆLINGA

Raungengi er vísitala sem ber saman kostnaðarþróun hér á landi og í viðskiptalöndunum. Seðlabankinn reiknar tvær vísitölur sem annars vegar miða við verðbólgu og hins vegar launaþróun. Raungengi er skilgreint sem hlutfallsleg þróun verðlags eða launakostnaðar á einingu hérlendis annars vegar og í viðskiptalöndunum hins vegar. Miðað er við tiltekið grunnár og mælt í sama gjaldmiðli. Raungengi er mikilvægur mælikvarði á alþjóðlega samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs hvað kostnað varðar borið saman við erlenda keppinauta.

Raungengi hefur verið mjög hátt undanfarið ár og farið stöðugt hækkandi. Auk þess að þrengja að samkeppnisstöðu atvinnulífsins var hátt raungengi ríkur þáttur í þeim mikla viðskiptahalla sem myndaðist. Raungengi á mælikvarða launa hækkaði um 25% milli árunna 2004 og 2007. Með öðrum orðum þá hækkaði innlendir kostnaður í erlendri mynt fjórðungi meira en að meðaltali í viðskiptalöndum okkar. Ljóst var á þeim tíma að svo mikil hækkun fengi ekki staðist og var næsta víst að raungengi myndi lækka verulega á komandi misserum. Enginn átti þó von á því hrúni á gengi krónunnar sem varð heldur var fremur búist við því að það myndi nálgast langtíma-jafnvægisgildi sitt.

Raungengi er nú lægra en nokkru sinni frá því þessar mælingar hófust árið 1980. Það er nú líklega 25-30% lægra en jafnvægisgildi þess til lengri tíma. Þótt þetta gildi sé ekki þekkt stærð er almennt miðað við að það tryggi þokkalegt jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Staða útflutningsgreina, fyrirtækja í samkeppni við innflutning, ferðaþjónustu og annarra atvinnugreina í alþjóðlegri samkeppni er því hvað verðsamkeppni varðar einstaklega góð þar sem innlendir kostnaður (að fjármagnskostnaði undanskildum) hefur lækkað verulega í samanburði við erlenda keppinauta. Það má því búast við því að störfum í þessum greinum geti fjölgað umtalsvert á næstu misserum jafnvel þótt gengi krónunnar hækki nokkuð frá því sem nú er og opinberlega er að stefnt.

Þróun raungengis Árið 2000 = 100



Heimild: Hagstofan, Fjármálaráðuneytið

KJARAMÁL OG SAMNINGAR

3.1. SAMNINGAR Í KJÖLFAR FEBRÚARLOTUNNAR

Almennir kjarasamningar við landssambönd ASÍ og stærri félög voru undirritaðir 17. febrúar 2008. Þeirri samningsgerð eru gerð skil í ársskýrslu SA 2007 – 2008. Í kjölfarið var gengið frá sambærilegum samningum við Verkstjóra-samband Íslands, Múrarafélag Reykjavíkur, Múrarasamband Íslands, Sveinafélag pípulagn-ingamanna, Mjólkurfræðingafélag Íslands og Bifreiðastjórafélagið Sleipni. Einnig var gerður samningur við Starfsmannafélag Suðurnesja vegna SBK ehf.

Í viðræðum við Félag leiðsögumanna kom upp ágreiningur um grundvöll hinna almennu kjarasamninga. Stéttarfélagið krafðist krónutöluhækkunar á alla sína kauptaxta, samtals kr. 49.000, og vísaði þar til sérstakrar hækkunar kauptaxta í samningum félaga ASÍ. SA vísuðu á móti til þess samningskostnaðar sem lagður var til grundvallar í sömu samningum og taldi miklar kauptaxtahækkunir of kostnaðarsamar. Samningar náðust 29. maí með minni taxtabreytingum eða samtals kr. 33.000 á þremur árum. Sama var uppi á teningnum í kjarasamningi Þörungaverksmiðjunnar hf. og Verkalyðsfélags Vestfirðinga, sem undirritaður var 26. maí, en þar þurfti að laga taxtahækkunir að launakerfi fyrirtækisins.

Kjarasamningar voru undirritaðir við Lyfjafræðingafélag Íslands 12. júní, annars vegar vegna apóteka og hins vegar vegna lyfjaframleiðenda. Ekki náðist sátt um að fylgja fordæmi febrúarsamninganna um þriggja ára samning og launaþróunartryggingu. Grunnlaun undir tiltekinni viðmiðunarfjárhæð fengu sérstaka krónutöluhækkun en laun yfir þeirri viðmiðun fengu 3,4% hækkun. Samningurinn gildi í 9 mánuði eða til 31. mars 2009. Samningurinn var borinn upp til atkvæða á félagsfundum og var í kjölfarið send tilkynning til SA um að samningurinn hefði verið felldur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. SA óskuðu eftir upplýsingum um atkvæðagreiðsluna. Viðbrögðin voru þau að boða nýja póstatkvæðagreiðslu um samninginn þar sem ekki hafi náðst sú lágmarkspáttaka sem lög krefjast þegar atkvæðagreiðsla um kjarasamning fer fram á félagsfundum. SA mótmæltu nýrri atkvæðagreiðslu og töldu samning hafa komist á enda hafði samningurinn ekki verið felldur á félagsfundinum. Fór svo að lokum að félagið féllst á röksemdir SA og staðfesti gildi samningsins.

3.2. SAMNINGAR ORKUFYRIRTÆKJA

Með inngöngu Samorku í Samtök atvinnulífsins 1. júlí 2005 fjölgaði orkufyrirtækjum sem aðild eiga að SA. Áður höfðu SA gert samninga f.h. RARIK, Hitaveitu Suðurnesja, Norðurorku og Orkubús Vestfjarða en við bættust Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun og Landsnet. SA leiddu viðræður f.h. þessara fyrirtækja og var sú samningsgerð mjög umfangsmikil, eins og hér verður gerð nánar grein fyrir:

Orkuveita Reykjavíkur

OR á aðild að ellefu kjarasamningum við stéttarfélag starfsmanna og var samningsgerðin tímafrek og flókin. Kjarasamningar OR eiga rætur að rekja til kjarasamninga Reykjavíkurborgar en stjórnendur OR höfðu markað þá stefnu að horfa í auknum mæli til samninga hins almenna vinnumarkaðar.

Gengið var frá samningum við RSÍ, Samiðn og VM 4. júní. Stéttarfélagin lögðu áherslu á sérstaka hækkun kauptaxta og til að mæta því voru aukagreiðslur lækkaðar á móti nýjum kauptöxtum og vægi frammistöðutengdra greiðsla minnkað. Enginn skyldi þó fá minni hækkun en sem næmi þeirri launaþróunartryggingu sem samið hafði verið um í febrúarsamningunum. Í kjölfarið voru gerðir samsvarandi kjarasamningar við Eflingu, VM vegna vélfræðinga, Verkstjóra-samband Íslands, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Kjöl. Samningar við Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag verkfræðinga og Kjarafélag Tækni-fræðingafélags Íslands voru gerðir um sumarið. Launatöflur í þeim samningum voru felldar brott en áhersla lögð þess í stað á persónubundna launamyndun og reglubundin starfsmannasamtöl.

RARIK ehf.

Rafmagnsveitur ríkisins höfðu um langt árabíl átt aðild að VSÍ og SA og samtökin gert kjarasamninga við RSÍ fyrir þeirra hönd. Var kjarasamningur RSÍ framlengdur 12. desember. Fyrirtækið var jafnframt bundið af samningum fjármálaráðherra við SFR og félög háskólamanna en þegar RARIK ehf. hóf starfsemi 1. ágúst 2006 færðist samningsumboðið vegna þeirra stéttarféлага yfir til SA. Gerður var kjarasamningur við SFR 2. júlí og kjaraumhverfið fært nær þörfum fyrirtækisins. Viðræður við sex félög háskólamanna gengu lengi vel mjög hægt en samningar náðust að lokum þann 25. mars.



Hitaveita Suðurnesja hf. / HS Orka hf.

Viðræður við þrjú BSRB félag, starfsmannafélög Suðurnesja, Hafnarfjarðar og Vestmannaeyja, lituðust mjög af nýjum kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga. Fyrirtækið bauð upp á samning til ársloka 2010 eða skammtímasamning til 6 mánaða með 3% hækkun launa. Var síðari kosturinn valinn og samningar undirritaðir 14. nóvember. Gerður var kjarasamningur við RSÍ vegna starfsmanna á Árborgarsvæðinu en viðræður við VM vegna vélfræðinga standa yfir.

Landsvirkjun

RSÍ, Samiðn og VM komu til viðræðna með samhljóða kröfur um launabreytingar en hvert félag var einnig með sérkröfur. Horft var til kostnaðar af kjarasamningi OR við félögin og tekið tillit til styttri samningstíma hjá Landsvirkjun. Gengið var frá kjarasamningum 2. desember. Tíu dögum síðar var gengið frá samningi við Starfsgreinasamband Íslands. Viðræður við háskólamenn í FTL, Félagi tæknimanna hjá Landsvirkjun, tóku hins vegar drjúgan tíma og lauk ekki fyrr en í lok janúar 2009.

Landsnet hf.

Landsnet var í samfloti með Landsvirkjun í kjaraviðræðum og gerði samhljóða kjarasamninga við RSÍ og FTL.

Norðurorka hf.

Norðurorka hf. er með fjóra kjarasamninga við stéttarfélag starfsmanna. Samningar voru gerðir við Kjöl og Einingu lðju 15. desember, RSÍ 29. desember og VM 27. janúar.

Orkubú Vestfjarða ohf.

Gerðir voru tveir samningar f.h. Orkubús Vestfjarða ohf., annars vegar við Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum 16. desember og hins vegar við VM vegna vélfræðinga 27. janúar.

3.3. SAMNINGAR VEGNA OPINBERRA HLUTAFÉLAGA

Fjöldi fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga á aðild að SA, m.a. þau nýju hlutafélög sem stofnuð hafa verið undanfarin ár um rekstur ríkisfyrirtækja.

Ríkisútvarpið ohf.

Ríkisútvarpið ohf. tók til starfa 1. apríl 2007 og var næsta árið bundið af kjarasamningum fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélaga. Í kjaraviðræðum var leitast við að færa starfs-

umhverfi fyrirtækisins nær því sem gerist á almennum vinnumarkaði. Fyrst var gerður kjarasamningur 4. júní við Útgarð (nú Fræðagarður), Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga. Fljótlega náðust einnig samningar við Félag fréttamanna og Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins.

Mátis ohf.

Mátis ohf. hóf starfsemi 1. janúar 2007 en með stofnun félagsins sameinuðust þrjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknnum og þróun í matvælaíðnaði, þ.e. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofna Umhverfisstofnunar. Nokkur fjöldi félagsmanna SFR – stéttarfélags í almannatjónustu starfar hjá félaginu og var gerður kjarasamningur vegna þeirra 26. september.

Flugstoðir ohf.

Flugstoðir ohf. tók til starfa 1. janúar 2007 og sér félagið um rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar og annast alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug. Hjá félaginu starfa um 230 manns, m.a. fjöldi flugumferðarstjóra. Viðræður hófust við stéttarfélag þeirra í janúar 2008 en treglega gekk að ná niðurstöðu. Svo fór að FÍF boðaði til 20 sjálfstæðra verkfalla frá 27. júní – 20. júlí. Mjög var deilt á þessa verkfallsboðun og launakröfur félagsins enda meðalheildarlaun flugumferðarstjóra um 809 þús. (m.v. júní 2007) og dagvinnulaun þar af um 450 þús. Laun þeirra höfðu hækkað mun meira en annarra á vinnumarkaði og því litlar forsendur fyrir kröfu um 30% hækkun launa. Verkfall kom til framkvæmda 27. júní en síðar sama dag náðist samkomulag um kjarasamning til loka október 2009. Nokkru síðar var gerður kjarasamningur við FFR, Félag flugmálastarfsmanna, með sama gildistíma.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf. /**Fríhöfnin ehf.**

FLE ohf. sameinaðist Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar 1. janúar 2009 og tók þá Keflavíkurflugvöllur ohf. til starfa. Allt frá árinu 2000 hefur kjarasamningur verið í gildi vegna félagsmanna SFR sem starfa hjá FLE og var samningur vegna þeirra framlengdur 14. janúar til loka mars. Á sama tíma féllu úr gildi kjarasamningar

Kjarasamningar SA á tímabilinu apríl 2008 til mars 2009

Stéttarfélag	Fyrirtæki	Undirritun	Gildir til
Mjólkurfræðingafélag Íslands		21.04.2008	30.11.2010
Starfsmannafélag Suðurnesja	SBK ehf.	28.04.2008	31.12.2010
Sjómannafélag Íslands	Kaupskip	06.05.2008	30.11.2010
Félag ísl. atvinnuflugmanna	Icelandair (Group hf. og ehf.)	08.05.2008	31.01.2009
Félag ísl. atvinnuflugmanna	Flugfélagið Atlanta ehf.	14.05.2008	31.03.2009
Flugvirkjafélag Íslands	Icelandair ehf.	14.05.2008	31.01.2009
Flugfreyjufélag Íslands	Icelandair ehf.	20.05.2008	31.01.2009
Verkalýðsfélag Vesfirðinga	Þörungaverksmiðjan hf.	26.05.2008	30.11.2010
Félag leiðsögumanna		29.05.2008	30.11.2010
Félag ísl. atvinnuflugmanna	Flugfélag Íslands hf.	29.05.2008	31.01.2009
Flugvirkjafélag Íslands	Flugfélag Íslands hf.	29.05.2008	31.01.2009
Flugfreyjufélag Íslands	Iceland Express ehf.	02.06.2008	01.09.2008
KVH, SBU, Útgarður	Ríkisútvarpið ohf.	04.06.2008	31.12.2010
Rafiðnaðarsamband Íslands	Orkuveita Reykjavíkur	04.06.2008	31.12.2010
Samiðn	Orkuveita Reykjavíkur	04.06.2008	31.12.2010
VM félag vélstjóra og málmæknimanna	Orkuveita Reykjavíkur	04.06.2008	31.12.2010
Félag flugumsjónarmanna á Íslandi	Icelandair ehf.	11.06.2008	31.01.2009
Lyfjafræðingafélag Íslands	Apótek og lyfjaframleiðendur	12.06.2008	31.03.2009
Flugfreyjufélag Íslands	Flugfélag Íslands hf.	18.06.2008	31.01.2009
Félag flugumsjónarmanna á Íslandi	Flugfélag Íslands hf.	19.06.2008	31.01.2009
Efling	Orkuveita Reykjavíkur	27.06.2008	31.12.2010
Félag ísl. flugumferðarstjóra	Flugstoðir ohf.	27.06.2008	31.10.2008
Félag fréttamanna	Ríkisútvarpið ohf.	30.06.2008	31.12.2010
Félag flugumsjónarmanna á Íslandi	Flugfélagið Atlanta ehf.	30.06.2008	31.01.2008
SFR - stéttarfélag í almannapjónustu	RARIK ohf.	02.07.2008	31.12.2010
Verkstjorasamband Íslands	Orkuveita Reykjavíkur	02.07.2008	31.12.2010
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	Orkuveita Reykjavíkur	02.07.2008	31.12.2010
VM v. vélstjóra og vélfræðinga	Orkuveita Reykjavíkur	02.07.2008	31.12.2010
Starfsmannafélag RÚV	Ríkisútvarpið ohf.	09.07.2008	31.12.2010
Félag skipstjórnamanna	Kaupskip	09.07.2008	30.11.2010
VM félag vélstjóra og málmæknimanna	Kaupskip	09.07.2008	30.11.2010
Flugvirkjafélag Íslands	Flugfélagið Atlanta ehf.	16.07.2008	31.03.2009
Félag flugmálastarfsmanna	Flugstoðir ohf.	17.07.2008	31.10.2009
Tólf aðildarfélag BHM		19.08.2008	Ótímabundinn
SV og KTFÍ (verk- og tæknifræðingar)	Orkuveita Reykjavíkur	22.08.2008	31.12.2010
Félag skipstjórnamanna	Björgun ehf.	04.09.2008	30.11.2010
MATVÍS	Kaupskip	24.09.2008	30.11.2010
Sjómannafélag Íslands	Björgun ehf.	24.09.2008	30.11.2010
SFR - stéttarfélag í almannapjónustu	Matis ohf.	26.09.2008	31.12.2010
VM félag vélstjóra og málmæknimanna	Björgun ehf.	29.09.2008	30.11.2010
STFS, STH, STAVEY	Hitaveita Suðurnesja hf.	14.11.2008	30.04.2009
Hlíf, VM, RSÍ o.fl.	Alcan á Íslandi hf. (ISAL)	28.11.2008	31.01.2011
Rafiðnaðarsamband Íslands	Landsvirkjun	02.12.2008	31.12.2010
VM félag vélstjóra og málmæknimanna	Landsvirkjun	02.12.2008	31.12.2010
Samiðn	Landsvirkjun	02.12.2008	31.12.2010



Stéttarfélag	Fyrirtæki	Undirritun	Gildir til
Rafiðnaðarsamband Íslands	Landsnet hf.	02.12.2008	31.12.2010
FIT, RSÍ, VLFA, Vlf. Vesturlands, VR	Elkem Ísland ehf.	03.12.2008	31.12.2010
Samtök starfsfólks í fjármálafyrirtækjum		05.12.2008	31.12.2010
Rafiðnaðarsamband Íslands	RARIK ohf.	12.12.2008	31.12.2010
Starfsgreinasamband Íslands	Landsvirkjun	12.12.2008	31.12.2010
Eining - Iðja	Norðurorka hf.	15.12.2008	31.12.2010
Kjölur stéttarfélag í almannaþjónustu	Norðurorka hf.	15.12.2008	31.12.2010
FosVest	Orkubú Vestfjarða hf.	16.12.2008	31.12.2010
VR og LÍV	Flugfélag Íslands ehf.	17.12.2008	30.11.2010
Alþýðusamband Vestfjarða	LÍÚ	17.12.2008	01.01.2011
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	LÍÚ	17.12.2008	01.01.2011
Sjómannasamband Íslands	LÍÚ	17.12.2008	01.01.2011
VM félag vélstjóra og málmæknimanna	LÍÚ	17.12.2008	01.01.2011
Rafiðnaðarsamband Íslands	Skipti, Síminn, Míla, Já	19.12.2008	31.12.2010
Rafiðnaðarsamband Íslands	Síminn og Míla	19.12.2008	31.12.2010
Rafiðnaðarsamband Íslands	Norðurorka hf.	29.12.2008	31.12.2010
Rafiðnaðarsamband Íslands	HS Orka hf.	13.01.2009	31.12.2010
SFR - stéttarfélag í almannaðjónustu	Fríhöfnin ehf.	14.01.2009	31.12.2010
SFR - stéttarfélag í almannaðjónustu	Keflavíkurlugvöllur ohf.	14.01.2009	31.03.2009
Verkalýðsfélagið Hlíf, VM og FIT	Kerfóðrun ehf.	16.01.2009	31.01.2011
Sjómannafélag Íslands	LÍÚ	21.01.2009	01.01.2011
FTL	Landsvirkjun / Landsnet hf.	26.01.2009	31.12.2010
VM félag vélstjóra og málmæknimanna	Orkubú Vestfjarða hf.	27.01.2009	31.12.2010
VM félag vélstjóra og málmæknimanna	Norðurorka hf.	27.01.2009	31.12.2010
Verkalýðsfélag Akraness	Klafi ehf.	02.02.2009	31.12.2009
Aldan, Iðnsv.f. og verslm.f. Skagafj., RSÍ	Steinull hf.	09.02.2009	31.01.2009
FIT, RSÍ, VLFA, VLF. Vesturlands, VR	Sementsverksmiðjan hf.	19.02.2009	31.12.2010
ASÍ	Frestun endursk. kjarasamninga	25.02.2009	01.07.2009
SV, KTFÍ, KVH, SBU, Fræðagarður, FÍN	RARIK ohf.	24.03.2009	31.12.2010

fjármálaráðherra sem Flugmálastjórn Keflavíkurlugvallar var bundin af. Sama dag var gerður kjarasamningur við SFR vegna Fríhafnarinnar ehf. og gildir hann til ársloka 2010.

3.4. FLUGSAMNINGAR

Mánuðina maí til júlí 2008 voru undirritaðir á annan tug kjarasamninga vegna stéttarféлага starfsmanna hjá flugrekendum, þ.e. vegna Icelandair, Flugfélags Íslands, Flugfélagsins Atlanta og Iceland Express. Um var að ræða kjarasamninga við Félag ísl. atvinnuflugmanna, Flugfreyjufélag Íslands, Flugvirkjafélag Íslands og Félag flugumsjónarmanna á Íslandi. Samningarnir giltu flestir til loka janúar 2009.

3.5. FARMENN

Allir kjarasamningar skipverja á kaupskipum eru með gildistíma til loka nóvember 2010. Samningsgerðin tafðist nokkuð vegna kröfu stéttarfélaganna um skammtímasamning til eins árs sem útgerðir ljáðu ekki máls á. Fyrsti samningurinn var samningur um kaup og kjör undirmanna á kaupskipum sem var undirritaður í maí 2008.

Samningar við stéttarfélög skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og bryta voru undirritaðir í júlí 2008. Með þeim samningum var náð verulegum áfanga í einföldun og úrbeiningu samninganna og fastlaunakerfið sem unnið hefur verið að síðan haustið 2000 var fest í sessi. Í stað þess að semja um grunnlaun og ýmsa launaliði til

viðbótar er nú samið um heildargreiðslu fyrir hvern vinnudag yfirmanns. Í ráðningarsamningi er samið um árslauð sem grundvölluð eru á fjölda vinnudaga. Til sveiflujöfnunar er árslauðum dreift jafnt á alla mánuði ársins. Leiðréttingar eru gerðar einu sinni til tvisvar á ári miðað við fjölgun eða fækkun umsamdra vinnudaga.

Kjarasamningar háseta, skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra á sanddæluskipum sem undirritaðir voru í september 2008 gilda til loka nóvember 2010. Verulegur tími fór í undirbúning og gerð fastlaunakerfis á sanddæluskipum sem byggt er á sömu aðferð og viðhöfð er á kaupskipum. Samkomulag tókst um upptöku fastlaunakerfis og er útfærslan hliðstæð því sem lýst er hér að framan.

3.6. FISKIMENN

17. desember 2008 voru undirritaðir kjarasamningar LÍÚ og SA við Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og VM, félag vélstjóra og málmteknimanna og 21. janúar 2009 var undirritaður kjarasamningur við Sjómannafélag Íslands. Gildistími framangreindra samninga er til 1.1.2011. Samkvæmt samningunum hækka kauptrygging og kaupliðir frá 1. janúar 2009 og svo aftur 1. janúar 2010.

3.7. KJARASAMNINGUR VIÐ FÉLÖG HÁSKÓLAMANNA Í BHM

Kjarasamningur við stéttarfélag háskólamanna innan BHM átti sér nokkuð langan aðdraganda. Viðræður áttu sér stað árin 2004 og 2005 en afstaða SA var þá sú að réttast væri að ná sátt við háskólamenn um staðlað ráðningarsamningsform sem fyrirtækin gætu nýtt sér en ekki gera lögformlegan kjarasamning. Aukin þátttaka ýmissa háskólahópa á almennum vinnumarkaði, t.d. í heilbrigðisþjónustu, og fjölgun opinberra hlutafélaga innan raða SA kallaði á endurskoðun þessarar afstöðu. Viðræður hófustu við fulltrúa nokkurra BHM félaga síðla sumars og var kjarasamningur undirritaður við tólf stéttarfélag 19. ágúst. Stéttarfélag sem aðild eiga að samningnum eru Félag ísl. félagsvísindamanna, Félag ísl. hjúkrunarfræðinga, Félag ísl. náttúrufræðinga, Félag líf-eindafræðinga, Fræðagarð (áður Útgarður og Félag ísl. fræða), Iðjubjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Ljós-mæðrafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag háskólamenntaðra á matvæla- og

næringarsviði, Stéttarfélag lögfræðinga, Stéttarfélag sjúkraþjálfara og Proskabjálfafélag Íslands. Samningurinn tók gildi 1. október.

3.8. VERKSMÍÐJUSAMNINGAR

Samningur SA f.h. Rio Tinto Alcan í Straumsvík og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga var undirritaður 28. nóvember 2008 og gildir til 31. janúar 2011. Eldri samningur rann út 30.11. 2008 og er þetta í fyrsta sinn í sögu samningamála fyrirtækisins að nýr kjarasamningur er undirritaður áður en sá fyrri rennur út. Samningurinn var nokkuð kostnaðarsamur fyrir fyrirtækið en menn teygðu sig langt til þess að losna við sonefnda kaupauka út úr launakerfinu sem óhagræði hafa valdið auk þess sem nokkurt hagræði fékkst með breytingum á vaktafyrirkomulagi. Nokkrum dögum síðar, þann 3.12. 2008, náðust samningar milli SA f.h. Elkem á Grundartanga og viðkomandi verkalýðsfélaga, sem gilda frá 1.12.2008-31.12.2009, en þeir höfðu einnig runnið út 30.11. Sá samningur markaðist af upptöku nýs bónuskerfis sem vænst er að skili bæði fyrirtæki og starfsmönnum ávinning og niðurlagningu þess eldra að hluta en það hafði ekki staðið undir væntingum. Framangreindum samningum tengjast aðrir smærri samningar, þ.e. vegna Kerfóðrunar ehf. í Straumsvík, sem lokið var 16. janúar 2009, og Klafa ehf. á Grundartanga, sem undirritaður var 2. febrúar 2009. Í þessum hópi samninga teljast kjarasamningar Steinullar hf., sem undirritaður var 9. febrúar og Sementsverksmiðjunnar hf., sem undirritaður var 19. febrúar. Bæði þessi fyrirtæki eiga allt sitt undir byggingaframkvæmdum og mörkuðust samningarnir nokkuð af þeim samdrætti og erfiðleikum sem byggingariðnaðurinn gengur í gegnum. Kjarasamningur Norðuráls, sem árið 2005 var gerður til fimm ára, innihélt ákvæði um launaþróun á árinu 2009 sem tók mið af samningum í orkufrekum iðnaði. Samkomulag náðist um launabreytingar á grundvelli þess 9. febrúar. Samningur Alcoa-Fjarðaáls inniheldur einnig ákvæði um launabreytingu á árinu sem byggist á samanburði á launaþróun innan fyrirtækisins við þróun almennt og skal niðurstaða liggja fyrir í apríl 2009.

3.9. SAMNINGAR FJÁRMÁLA-FYRIRTÆKJA

Samningar fjármálafyrirtækja runnu út 30. september 2008 og voru samningaviðræður komnar langt á veg þegar bankakerfið hrundi í byrjun október. Það breytti stöðunni algerlega enda



markaðist framhaldið af uppsögnum starfsfólks og launalækkunum þeirra hærra launuðu. Samningar tókust þó þann 5. desember 2008 sem fólu í sér 20.500 kr. hækkun á umsamda launatöflu og laun upp að 450.000 kr. á mánuði en engin hækkun kom á hærri laun. Þann 1. janúar 2010 hækkar launataflan um 14.000 og hærri laun um 2,5% en samningurinn gildir til 31.12. 2010. Þá var samið um þá viðbót að vinnuveitandi greiðir 2% aukalega í séreignarsjóð fyrstu 3 starfsárin, en fyrri regla hafði tryggt öllum starfsmönnum með þriggja ára starfsaldur 7% greiðslu í séreignarsjóð. Eftir þessa breytingu eru að lágmarki greidd 12% til lífeyrismála fyrstu þrjú árin en 17% eftir það.

3.10. AÐRIR HAUSTSAMNINGAR

Sérkjarasamningur hefur verið í gildi við VR / LÍV vegna almenns skrifstofufólks og vaktavinnufólks í farþegaafgreiðslu hjá Flugfélagi Íslands ehf. Samningurinn var framlengdur 17. desember.

Gerðir voru kjarasamningar 19. desember við RSÍ vegna Skipta hf. og dótturfélaga, annars vegar vegna símsmiða og rafeindavirkja hjá Símanum og Mílu og hins vegar vegna félagsmanna í Félagi ísl. símamanna hjá Skiptum, Símanum, Mílu og Já upplýsingaveitum.

3.11. SAMTÖK SJÁLFSTÆÐRA SKÓLA


Í upphafi árs 2009 gengu 15 rekstraraðilar sjálfstæðra leik- og grunnskóla í SA, en þessi fyrir- tæki eiga jafnframt aðild að Samtökum sjálf-

stæðra skóla. Fyrsta verkefni SA var að gera samkomulag um launabreytingar hjá félagsmönnum Eflingar sem starfa innan skólanna og nú stendur yfir undirbúningur vegna kjaraviðræðna við Félag leikskólakennara, Félag grunnskólakennara og Eflingu.

3.12. FRESTUN LAUNABREYTINGA

Að óbreyttu hefðu launataxtar verkafólks hækkað um 13.500 kr. og iðnaðarmanna um 17.500 þann 1. mars 2009, auk þess sem 3,5% launaþróunartrygging hefði tekið gildi. Þann 25. febrúar náðist samkomulag um frestun endurskoðunar samninga fram í júní og verður þá leitast við að ná samkomulagi um nánari dagsetningar launabreytinga. Hækkun á lágmarks- tekjutryggingu samkvæmt samningum kom þó til framkvæmda en vegna hækkunar atvinnuleysisbóta sl. áramót voru þær orðnar hærri en þessi trygging. Af hálfu SA hefur verið rætt um að dreifa og seinka hækkunum samninganna en þó þannig að þeir verði að fullu efndir í samningslok. Almennr ríkir skilningur á því að atvinnureksturinn fái aukinn sveigjanleika en geta fyrirtækja til þess að rísa undir hækkunum samninganna fer eftir framvindu efnahagsmála. Innan opinbera geirans er einnig vilji til þess að vera samstíga almenna markaðnum.

STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI



4.1. ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Áætlanir sem gerðar voru fyrir Ábyrgðasjóð launa í ársbyrjun 2008 gerðu ráð fyrir að tekjur yrðu umfram útgreiðslur það árið og frameftir ári virtist sem áætlunin myndi halda í stórum dráttum. Á haustmánuðum kom þó í ljós að aukafjárveitingar var þörf fyrir árið 2008 og seinni part ársins voru áætlanir fyrir næstu ár endurskoðaðar. Skuld sjóðsins við ríkissjóð hækkaði um 160 m.kr. í árslok 2008, en gera má ráð fyrir að útgjöld muni aukast töluvert á þessu og næsta ári og skuld sjóðsins við ríkissjóð þar af leiðandi hækka.

Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 915 m.kr. árið 2008 og hafa þær hækkað um 77% milli ára. Þar af voru um 444 milljónir vegna launa og orlofs og um 272 m.kr. vegna lífeyrissjóða. Heildartekjur voru um 880 m.kr., þar af 75 m.kr. vegna úthlutunar úr þrotabúum og ábyrgðagjald um 805 m.kr. Skuldir sjóðsins við ríkissjóð voru um 870 m.kr. í lok árs 2008 að teknu tilliti til fjármagnsgjalda af neikvæðri fjárhagsstöðu sjóðsins.

4.2. ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Eigið fé sjóðsins í árslok 2008 var 14.700 m.kr. og gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins 2008 verði 1.400 m.kr. Til viðbótar er áætlað að tekjur sjóðsins árið 2009 verði 5.000 m.kr.

Tekjustofn sjóðsins er atvinnutryggingagjald sem hefur lækkað úr 1,5% fyrir nokkrum árum í 0,65% af tryggingagjaldi vegna tilfærslna á mismuninum til fæðingarorlofssjóðs.

Heildarútgjöld sjóðsins 2008 voru um 5.300 m.kr. og þar af voru atvinnuleysisbætur um

4.510 m.kr. saman borið við 2.180 m.kr. árið á undan.

Til að draga úr áhrifum atvinnuleysis voru á haustmánuðum 2008 ákveðnar ýmsar aðgerðir sem leiddu til aukinna útgjalda sjóðsins. Framlög til vinnumarkaðsúrræða voru aukin úr 112 m.kr. í 220 m.kr. og greiðslur til atvinnumála kvenna voru auknar úr 20 m.kr. í 80 m.kr. Þá voru aukin útgjöld til fræðslumála og atvinnurekendur hvattir til að semja við starfsmenn sína um minnkað starfshlutfall í stað uppsagna, þar sem starfsmenn gætu fengið bætur fyrir skert starfshlutfall.

Meðalatvinnuleysi var 1,6% á árinu 2008, en fjármálaráðuneytið hefur spáð 7,8% atvinnuleysi 2009 og Vinnumálastofnun 9%. Fjárlög fyrir árið 2009 miðast hins vegar við 5,7% meðalatvinnuleysi og að hvert atvinnuleysisprósentustig kosti 3.082 m.kr.

Nýleg spá Vinnumálastofnunar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði mun meira en fjárlög ársins gera ráð fyrir og spáir því að atvinnuleysi fari stigvaxandi og verði orðið 9,8% í maí 2009. Gangi sú spá eftir mun sjóðurinn verða tómur í október 2009 og eiginfjárstaða verða neikvæð um 5.000 m.kr. í lok árs 2009. Þá gerir áætlun Vinnumálastofnunar ráð fyrir því að eiginfjárstaða sjóðsins verði að óbreyttu neikvæð um 28.000 m.kr. í árslok 2010.

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs hefur vakið athygli félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra á þessari alvarlegu stöðu sjóðsins. Óhjákvæmilegt er að taka ákvörðun um það hvernig eigi að haga viðbótarfjármögnun sjóðsins svo hann geti staðið undir grunnskyldum sínum samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar.

4.3. VINNUMÁLASTOFNUN

Vinnumálastofnun annast vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir samkvæmt lögum nr. 55/2006. Í byrjun október 2008 var atvinnuleysi aðeins 1,7% á landsvísu. Við hrun bankakerfisins breyttist atvinnuástandið hins vegar skyndilega og var atvinnuleysi komið yfir 8% í byrjun mars 2009. Álag á Vinnumálastofnun jókst gífurlega fram að áramótum og var því mætt með tímabundinni fjölgun starfsmanna um 30 manns.

Aðalverkefni stofnunarinnar er að veita aðstoð við atvinnuleit og finna úrræði fyrir atvinnuleitendur. Í janúar 2009 var sett ný reglugerð, nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysisstryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki. Með henni er m.a. nýsköpunar- og





sprotafyrirtækjum gert kleift að ráða fólk af atvinnuleysisráði til starfa og einstaklingum er heimilt að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar tímabundið á bótum skv. samningi við Vinnumálastofnun.

Stofnuninni er einnig heimilað að gera samninga við fyrirtæki, stofnanir og frjáls félagsamtök um að ráða fólk til að sinna sérstökum tímabundnum átaksverkefnum sem eru umfram lögbundin og venjuleg umsvif. Fyrirtækin greiða lágmarkslaun skv. kjarasamningum en fá atvinnuleysisbætur á móti í 3-6 mánuði.

Búferlastyrkir vegna flutnings fjölskyldu og búslóðar atvinnuleitanda innanlands til staðar þar sem nýja atvinnu er að hafa voru hækkadír verulega og geta nú hæst orðið 230 þús. kr. Flutningur innan höfuðborgarsvæðisins er þó ekki greiddur. Einnig var sett ný reglugerð nr. 13/2009 yfir nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði og greidd eru af Atvinnuleysisstryggingasjóði.

Vinnumálastofnun greiðir út atvinnuleysisbætur, annast framkvæmd laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Með lögum nr. 121/2008 voru sett ný ákvæði um tímabundnar hlutabætur launafólks og sjálfstætt starfandi til 1. maí 2009. Heimilað var að skerða starfshlutfall allt niður í 50% en tekjutengdar atvinnuleysisbætur komu á móti vinnutímaskerðingunni.

Ríkisendurskoðun lauk umfangsmikilli stjórn-sýsluúttekt á Vinnumálastofnun á síðasta ári en tillögum hennar hefur ekki verið hrint í framkvæmd. Ný verkefni og breytingar á löggjöf sem stofnunin vinnur eftir kalla á endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar.

4.4 STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Í kjarasamningunum 17. febrúar 2008 náðist samkomulag um að setja á stofn endurhæfingarárþjónustu með það að markmiði að sporna gegn mikilli fjölgun örorkulífeyrisþega sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Í því skyni skyldi stofnaður Endurhæfingarsjóður sem hefði það hlutverk að skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa, sem yrðu einkum á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og greiða kostnaðinn af störfum þeirra og kostnaðinn af ráðgjöf fagaðila. Ennfremur hefði Endurhæfingarsjóður fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Í samkomulaginu fólst að tekið yrði upp nýtt

launatengt gjald, 0,13% af heildarlaunum frá 1. júní 2008. Í öllum kjarasamningum sem SA gerðu eftir þann tíma var ákvæði um sjóðinn og launatengda gjaldið. Jafnframt var gert samkomulag við ríkisvaldið um jafnhátt mótframlag af þess hálfu og atvinnulífið greiðir frá 1. janúar 2009 en vegna aðstæðna í ríkisfjármálum var upphafi greiðslu mótframlags ríkisins frestað til haustsins 2009.

Stofnfundur Endurhæfingarsjóðs var haldinn 19.5 2008 og var þar kjörin stjórn sem skipuð var fjórum fulltrúum SA og fjórum frá ASÍ. Samhliða var gengið frá skipulagsskrá sjóðsins þar sem fram kemur m.a. að markmið hans sé að draga markvisst úr líkum á því að starfsmenn hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Í júní 2008 var framkvæmdastjóri ráðinn fyrir sjóðinn, Vigdís Jónsdóttir, úr hópi fjölmargra hæfra umsækjenda. Þann 8. janúar 2009 gerðust stéttarfélög opinberra starfsmanna og ríki og sveitarfélög sem vinnuveitendur aðilar að sjóðnum og var stjórnarmönnum fjölgað um fjóra og urðu þeir þá alls 12. Jafnframt var gengið frá nýrri skipulagsskrá og nafni sjóðsins breytt í Starfsendurhæfingarsjóð.

Nýja skipulagsskráin kveður á um sex manna framkvæmdastjórn sem, auk formanns og varaformanns sem fulltrúar ASÍ og SA skiptast á um að gegna, er skipuð einum fulltrúa hversss eftirtalinna: ASÍ, SA, opinberum vinnuveitendum og stéttarfélögum hjá hinu opinbera. Framkvæmdastjórnin hittist mánaðarlega en stjórnin á þriggja mánaða fresti.

Innheimtumál hafa gengið örðuglega frá upphafi og liggur fyrir að þau komast ekki í lag fyrir en starfsemi sjóðsins fær lagagrundvöll þannig að allir launagreiðendur verði skyldaðir til þess að greiða iðgjald til sjóðsins. Á það hefur verið þrýst af aðilum að sjóðnum en það hefur enn ekki borið árangur. Starfsmenn sjóðsins eru átta og eru frekari ráðningar ekki fyrirhugaðar á næstunni. Starfsemi sjóðsins fer vaxandi jafnt og þétt og þau tilraunaverkefni sem ráðist hefur verið í lofa góðu um árangur.

4.5. NEFNDIR OG RÁÐ

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði vinnumarkaðsmála sem SA eiga aðild að.

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttismál eru mikilvægur þáttur í starfsemi SA. Á starfsárinu hafa samtökin m.a. unnið að því að hrinda í framkvæmd jafnréttisáherslum sem SA og ASÍ náðu samkomulagi um við undirritun kjarasamninga í febrúar 2008. Unnið hefur verið að því að þróa staðal um launajafnrétti í samstarfi við Staðlaráð Íslands og efnt hefur verið til námskeiða um gerð og framkvæmd jafnréttisáætlana. Þá gerðu Samtök atvinnulífsins á starfsárinu tvo samninga um viðamiklar rannsóknir á launamun kynjanna.

Samtök atvinnulífsins hvetja til þess að fjölbreytni í íslensku atvinnulífi verði aukin verulega.

Aukin fjölbreytni í stjórnnum fyrirtækja og í stjórnunarstöðum geti auðveldað uppbyggingu atvinnulífsins og leitt til hagsældar. SA telja mikilvægt að fjölbreytni í viðhorfum, aldri og kyni fái notið sín í íslensku atvinnulífi. Samtök atvinnulífsins hvöttu konur sérstaklega til að mæta á aðalfund samtakanna 2008 og tóku þær þeirri áskorun vel en aðalfundur SA árið 2008 er sá fjölmennasti frá upphafi.

5.1. NÁMSKEIÐ Í GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Í apríl og maí 2008 buðu SA aðildarfyrirtækjum upp á námskeið í gerð jafnréttisáætlana og framkvæmd þeirra. Námskeiðin voru afar vel sótt og heppnuðust vel en um var að ræða vinnustofu þar sem þátttakendur tóku virkan þátt en efni námskeiðanna var lagað að þörfum þátttakenda hverju sinni og fyrirtækjum þeirra. Fjallað var sérstaklega um samþættingu á gerð jafnréttis- og framkvæmdaáætlana við stefnumótun fyrirtækja og mannauðsstjórnun þeirra. Leiðbeinendur voru frá *Attentus*, *mannauði* og *ráðgjöf* auk þess sem Samtök atvinnulífsins kynntu sjónarmið sín á sviði jafnréttismála.

5.2. RANNSÓKNIR Á LAUNAMUN KYNJA

Samtök atvinnulífsins, Hagstofa Íslands og Alþýðusamband Íslands gerðu með sér á haustdögum samstarfssamning um rannsókn á launamun kvenna og karla sem byggði á gagnasafni Hagstofunnar. Byggði samstarfið á bókun með kjarasamningi ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008 um áherslur samningsaðila í jafnréttismálum og nær til gagna um laun og störf á almennum vinnumarkaði. Þá gerðu SA og ASÍ jafnframt samstarfssamning við ParX, Viðskiptaráðgjöf IBM, um rannsókn á launamun kynja fyrir árið 2008 á grundvelli gagnasafns ParX um launa-

greiðslur. Niðurstöður könnunar ParX lágu fyrir í lok febrúar og má sjá hér að neðan en niðurstöður rannsóknar Hagstofunnar liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Kynbundinn launamunur á undanhaldi

Í viðamikilli rannsókn á launum fólks sem gerð var á vegum ASÍ, SA og ParX, mældist enginn launamunur milli kynja meðal fólks á þrítugsaldri. Í sambærilegri könnun árið 2007 mældist munurinn 10%. Athygli vekur að launamunur kynja minnkar samkvæmt könnuninni í öllum aldurshópum. Niðurstöðurnar byggja á gögnum úr launabókhalda fyrirtækja sem kjósa að taka þátt í árlegri greiningu á launagreiðslum.

Könnunin 2009 náði til launagreiðslna á árinu 2008 og könnunin 2007 til launagreiðslna á árinu 2006. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig hlutfall launa kvenna af launum karla eftir aldri hefur breyst milli árana 2006 og 2008.


Samtök atvinnulífsins fagna þessari jákvæðu þróun á íslenskum vinnumarkaði og að fram séu komnar visbendingar um að kynbundinn launamunur sé á undanhaldi. Óskýrður launamunur milli kynja mældist nokkru minni en í mörgum nýlegum rannsóknum hérlendis. Munurinn 2008 mældist 7% en var 12% árið 2006. Niðurstöðurnar voru kynntar í lok febrúar.

5.3. STAÐALL UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJA

Félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins fóru þess á leit við Staðlaráð Íslands síðastliðið haust að það hefði umsjón með gerð staðals sem notaður yrði til að sannreyna hvort launa- og starfsmannastefna stofnana og fyrirtækja samræmdu stefnu um launajafnrétti kynja og jafnrétti við



Hlutfall launa kvenna af launum karla eftir aldri



ráðningar og uppsagnir. Atvinnurekendur sem uppfylla skilyrði staðalsins eiga síðan að geta fengið formlega vottun fyrir því að launa- og starfsmannastefna þeirra samræmist lögum um jafnrétti kynjanna.

Samkomulag um þetta var undirritað á ársþingi ASÍ 24. október. Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA sagði í ávarpi að um mikilvæga nýsköpun í jafnréttismálum væri að ræða þar sem Íslendingar tækju forystu um þróun leiða í jafnréttismálum sem ætti sér ekki fordæmi annars staðar í heiminum. Vonir standa til þess að staðallinn verði atvinnurekendum stuðningur og hvatning til þess að uppfylla ákvæði laga um jafnan rétt karla og kvenna. Þeir muni sjá ávinning í því að fela óháðum vottunaraðilum úttekt á launa- og starfsmannastefnu sinni á kerfisbundinn hátt því þannig verði hafið yfir allan vafa að þeir uppfylli ákvæði laganna. Miðað er við að unnt verði að taka staðalinn í notkun í byrjun árs 2010.

5.4. STARFSHÓPUR UM JAFNLAUNA- STEFNU Á ALMENNUM VINNU- MARKAÐI

Starfshópur um jafnlaunastefnu á almennum vinnumarkaði lauk störfum í október 2008. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og fjármálaráðuneytinu auk formanns og fulltrúa sem ráðherra skipaði án tilnefningar. Formaður hópsins var Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi forstjóri Norræna fjárfestingarbankans.

Samkvæmt skipunarbréfi hafði jafnlaunahópurinn það meginverkefni að semja tillögur að aðgerðum til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði og jafna stöðu karla og kvenna í nefndum og við stjórnun stofnana og fyrirtækja, og hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem líklegastar þykja til árangurs.

Í skýrslu starfshópsins er fjallað um félagslega umgjörð vinnumarkaðarins og um aukinn hlut kvenna við forystu fyrirtækja. Megináhersla er þó lögð á að benda á vænlegustu leiðir til þess að eyða óútskýrðum launamun kynjanna. Kemur m.a. fram að almenn löggjöf ein og sér dugi skammt í því skyni. Þróun á almenna vinnumarkaðnum hafi á undanförunum árum leitt til þess að laun starfsmanna ráðist í vaxandi mæli af einstaklingsbundnum launaákvörðunum með samkomulagi milli starfsmanns og fyrirtækis á grundvelli markaðslauna. Kjarasamningar stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda myndi

almennan ramma um launaákvæðanir með ákvæðum um almenn réttindi og ýmis starfskjör, en feli sjaldnast í sér beina ávisun á tiltekinn launataxta fyrir hvern starfsmann. Ráðningar- og launasetningarferli á markaðnum og innan fyrirtækja væri því meginatriði vilji menn hafa áhrif á launamyndunina í jafnréttisátt og þar gegni æðstu stjórnendur lykilhlutverki. Bent er á þrjár leiðir í þessu skyni sem eru notkun starfsmats, vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og notkun svonefnds vegvísis.

Starfsmatsleiðin felst í ýtarlegri greiningu starfa í hverju fyrirtæki þar sem verðmæti þeirra er metið með samræmdri mælistiku. Laun fyrir hvert starf skulu síðan ákveðin út frá þessu mati. Við matið skal gæta fyllsta hlutleysis gagnvart kynferði þess sem starfinu gegnir. Mörgum vex í augum umfangsmikið greiningarkerfi sem fylgir starfsmatinu og fyrirhöfn við viðhald þess, sem oft hentar illa aðstæðum á almennum markaði þar sem störf eru síbreytileg og mikils sveigjanleika er krafist. Öðru máli gegni um einhæfari störf og störf við opinbera þjónustu. Reykjavíkurborg og nokkur önnur stærstu sveitarfélög landsins hafa frá aldamótum beitt starfsmati við launasetningu með góðum árangri að eigin mati, einnig hvað varðar launajafnrétti kynjanna.

Vottunarleiðin byggist á því að óháður faggiltur aðili staðfesti að launagreiðslur og mannaútsstjórnun fyrirtækis sé í samræmi við viðurkenndan launajafnréttisstaðal. Hugmyndin er auðvitað sú að virkja markaðsöflin í þágu jafnréttis. Gengið er út frá því að fyrirtæki sækist eftir því að fá slíkan gæðastimpil á launamál og starfsmannahald til þess að standa sem best að vígi í samkeppni um hæft starfsfólk og auka viðskiptavild sína. Unnt á að vera að votta framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafnrétti við ráðningar eða uppsagnir á grundvelli fyrirfram ákveðinna krafna og viðmiða sem settar eru fram í stöðlum eða leiðbeiningarskjöllum, á sama hátt og ýmsa aðra starfsemi fyrirtækja og stofnana.

Vottunarleiðin er studd með sérstökum ákvæðum í nýjum jafnréttislögum og með bókun ASÍ og SA við almennan kjarasamning í febrúarmánuði 2008, sjá kafla 5.3.

Vegvísisleiðin byggist á hugmyndum mannaútsstjóra í nokkrum stærstu fyrirtækjum landsins, sem vinna saman í Starfsmannastjóra-klúbbnum svokallaða. Þeir telja að fara megi



einfaldar en árangursríkar leiðir til að auka jafnrétti í launamálum og sneiða hjá þeim umfangsmikla formbúningi sem fylgir starfsmats- og vottunarleiðunum sem að framan greindi. Að mati mannauðsstjórnanna er unnt að ná góðum árangri án þess að eyða miklu fé eða fyrirhöfn í starfsmatskerfi eða staðlagerð með því að tryggja þátttöku æðstu stjórnenda hvers fyrirtækis í viðleitni við að koma á launajafnrétti. Þeir eiga meðal annars að athuga reglulega launamun kynjanna eins og hann birtist í greiddum launum fyrir sambærileg störf innan fyrirtækisins.

Af skýrslu starfshópsins má ráða að ekki er vænlegt að lögbinda leiðir til aukins launajafnréttis kynjanna á almennum vinnumarkaði. Eðlilegast er að hvert fyrirtæki velji sjálft þá leið sem það telur henta best. Bendir hópurinn á að engin ástæða sé til þess að líta svo á að framangreindar leiðir útiloki hver aðra, heldur séu þær í eðli sínu allar náskyldar.

5.5. NIÐURSTÖÐUR JAFNRÉTTIS-KENNITÖLUNNAR

Rannsóknasetur vinnuréttar birti í júní upplýsingar um hlutfall kvenna í stjórnum og meðal æðstu stjórnenda í 120 stærstu fyrirtækjunum á Íslandi fyrir árið 2008. Konur skipuðu 13% stjórnarsæta og voru æðstu stjórnendur fyrirtækja í 8% tilvika. Hlutfall kvenna meðal æðstu yfirmanna, þ.e. þeirra sem koma næstir í skipuriti á eftir æðsta stjórnanda var 19%. Konum fjölgaði í stjórnum og æðstu stjórnendastöðum frá árinu 2007. Í þrettán af 120 stærstu fyrirtækjum landsins var stjórnarformaðurinn kona en árið 2007 voru aðeins þrjár konur stjórnarformenn í 100 stærstu fyrirtækjunum. Fyrirtækjum fækkaði töluvert milli ára þar sem engin kona var í stjórn. Birting upplýsinganna er liður í verkefninu Jafnréttiskennitalan sem SA stóð meðal annarra að.

5.6. KYNJAHLUTFÖLL JÖFNUÐ Í LÍFEYRISSJÓÐUNUM

Samtök atvinnulífsins skipa í 24 sæti stjórnarmanna í 9 lífeyrissjóðum. Lífeyrissjóðirnir eru mikilvægt fjárhagslegt afl en í árslok síðasta árs nam hrein eign allra lífeyrissjóðanna í landinu um 1.650 milljörðum króna. Samtök atvinnulífsins hafa viljað auka fjölbreytni stjórnarmanna og rétta hlut kynjanna innan stjórnanna. Árið 2008 voru konur helmingur tilnefndra stjórnarmanna SA og skipuðu konur fjórðung af þeim sætum sem SA skipa í lífeyrissjóðunum. Áfram hefur



verið haldið á þessari braut og voru konur þriðjungur tilnefndra stjórnarmanna SA 2009.

5.7. JAFNRÉTTISRÁÐ

Samtök atvinnulífsins eiga fulltrúa í Jafnréttisráði en eitt af verkefnum þess er að vinna að jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Fulltrúum í ráðinu var fjölgað úr 9 í 11 með gildistöku nýrra jafnréttislaga og var ráðinu jafnframt falið að boða til jafnréttisþings í samvinnu við félags- og tryggingamálaráðherra.

Vel heppnað jafnréttisþing

Jafnréttisþing fór fram 16. janúar á Hilton Reykjavík Nordica. Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur SA, tók þar þátt í umræðum og sagði SA vænta mikils af samstarfsverkefni SA, ASÍ og félags- og tryggingamálaráðuneytis um að fyrirtækjum og stofnunum verði gert kleift að fá vottun þess að jafnlaunastefna sé virk og í heiðri höfð á viðkomandi vinnustöðum. Hrafnhildur lagði áherslu á að árangursríkar og hagkvæmar leiðir verði farnar á vinnumarkaði til að efla jafnrétti í stað þess að auka skrifræði og kostnað atvinnulífsins.

Hrafnhildur tók þátt í umræðum um hvernig tryggja mætti jafnrétti í uppbyggingu til framtíðar. Sagði hún að skýra stefnumörkun þyrfti þar sem lögð væri áhersla á að virkja hæfasta fólkið hverju sinni, jafnt konur sem karla. Lykillinn að árangursríkri uppbyggingu væri fjölbreytni og tók hún undir með Margréti Pálu Ólafsdóttur



um að konur í hefðbundnum kvennastéttum þyrftu að fá fleiri tækifæri til að nýta þekkingu sína og reynslu, m.a. með því að taka að sér að veita og reka ákveðna þjónustu sem hið opinbera veitir í dag.

Þá vakti Hrafnhildur athygli á framsækinni löggjöf um fæðingar- og feðraorlof á Íslandi sem íslenskir atvinnurekendur hafi stutt dyggilega við – en evrópskir atvinnurekendur skilja jafnan lítið í því hvers vegna íslensk fyrirtæki sjái sér hag í því að senda karla og konur í langt „frí“ á launum til að ala upp börn.

Jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs

Alcoa Fjarðaál hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2008 fyrir störf sín á sviði jafnréttismála. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, afhenti verðlaunin. Í ávarpi sem hún flutti við það tækifæri sagði hún meðal annars að stefna Alcoa um að ráða að jöfnu konur og karla til starfa í fyrirtækinu hefði verið áberandi frá upphafi í starfsemi þess. Árangurinn væri sá að 28% af 450 starfsmönnum væru konur, 34% í framleiðslustörfum og 27% í framkvæmdastjórn. „Þetta er besti árangur í jafnréttismálum sem náðst hefur innan Alcoa samsteypunnar og líkur á að um heimsmet í áliðnaðinum sé að ræða,“ sagði Jóhanna.

Í greinargerð Jafnréttisráðs vegna viðurkenningarinnar segir að Alcoa Fjarðaál vinni eftir jafnréttisáætlun sem taki mið af nýjum jafnréttislögum. Með henni fylgi metnaðarfull framkvæmdaáætlun sem leggi áherslu á áframhald-



andi jöfnun kynjahlutfalls starfsmanna á öllum sviðum, áætlun um að tryggja launajafnrétti og samræmingu atvinnu og fjölskyldulífs. Athygli veki áætlanir um að hvetja og styrkja konur til iðnmenntunar og áhersla á að bæði kynin noti rétt sinn til fæðingarorlofs og veikindadaga barna.

5.8. HEIMSMET ÍSLENSKRA FEÐRA

Síðastliðið sumar bárust fréttir frá Þýskalandi um að feðraorlof nyti mikilla vinsælda meðal þýskra karlmanna. Kanslari Þýskalands, Angela Merkel, vildi auka fæðingartíðni í landinu og því var lögum um feðraorlof breytt og þær breytingar skiluðu því að 18,5% þýskra karlmanna óskuðu eftir að taka feðraorlof sem þótti verulega frétt næmt. Lagabreytingunni var jafnframt ætlað að auðvelda foreldrum að samtvinna fjölskyldulíf og starfsframa. Þrátt fyrir þessi glæsilegu framfaraspor í jafnréttismálunum standa þjóðverjar þó íslenskum karlmönnum langt að baki því 90% íslenskra karlmanna fara í feðraorlof við fæðingu barns og mun það vera ótvírætt heimsmet. Financial Times hefur m.a. bent þýsku ríkisstjórninni á að svarið við vandamálum þjóðverja væri að finna á Íslandi þar sem staða jafnréttismála væri góð og Íslendingar gætu orðið fyrirmynd í þeim efnum.

5.9. KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd jafnréttismála skilaði álit í 7 málum á starfsárinu sem öll fjölluðu um stöðuveitingar hjá opinberum aðilum. Aðeins í einu tilviki var talið að um væri að ræða brot gegn jafnréttislögum.

Ekki hefur enn reynt á beitingu nýrra jafnréttislaga, nr. 10/2008, í úrskurðum nefndarinnar. Sú breyting verður á með nýju lögnum að í stað þess að gefa álit eins og verið hefur kveður kærunefnd jafnréttismála upp bindandi úrskurði.



LÍFEYRISMÁL

6.1. STAÐA LÍFEYRISJÓÐANNA

Fall íslensku bankanna og lækkandi eignaverð erlendis skaðaði efnahag lífeyrissjóðanna verulega á árinu 2008. Hreinar eignir allra lífeyrissjóða í landinu námu 1.644 milljörðum króna í árslok 2008, samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands, og minnkaði um rúma 50 milljarða króna. Sú tala gefur þó ekki raunsanna mynd af tjóninu vegna mikillar verðbólgu á árinu. Að teknu tilliti til hennar minnkuðu hreinar eignir sjóðanna um 360 milljarða króna á árinu á verðlagi í desember 2008, eða um 18%. Hrein eign sem hlutfall af landsframleiðslu minnkaði úr 130% í 112% en það er mitt á milli þeirra hlutfallanna við árslok 2004 og 2005.

Í mars 2009 greindi Fjármálaeftirlitið frá bráðabirgðaniðurstöðum um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða á almennum markaði miðað við 31. desember 2008. Niðurstöður sýna að aðeins þrjár sjóðir voru með jákvæða tryggingafræðilega stöðu samanborið við 20 sjóði við árslok 2007. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þurfa 6 eða 7 sjóðir að skerða réttindi sjóðfélaga. Allir sjóðirnir skiluðu neikvæðri raunávöxtun fyrir árið 2008 og var vegið meðaltal raunávöxtunar -21,5%.

Í desember 2008 voru samþykktar á Alþingi fjölmargar breytingar sem höfðu það að markmiði að bregðast við breyttum aðstæðum vegna hruns hlutabréfamarkaðarinnar á Íslandi og þeirra áfalla sem sjóðirnir hafa orðið fyrir. Fjárfestingarheimildir sjóðanna voru rýmkaðar, m.a. vegna fárra fjárfestingarkosta á innlendum hlutabréfamarkaði, sjóðunum var veitt heimild til þess að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013, en það ákvæði kom inn til þess að gefa sjóðunum færi á að byggja upp fjárfestingasjóð atvinnulífsins í samræmi við tillögur ASÍ og SA, og heimilaður munur á milli eigna og skuldbindinga á árinu 2008 var aukinn úr 10% í 15% án þess að skylt sé að skerða lífeyri. Því miður hefur ágreiningur við skilanevndir þrotabúa gömlu bankanna um uppgjör á framvirkum gjaldeyrisamningum orðið til þess að draga uppbyggingu fjárfestingasjóðs atvinnulífsins á langinn, en óvissa ríkir um ráðstöfunarfé sjóðanna á meðan málið er ekki til lykta leitt, sem líklega verður fyrir dómstólum.

Frá árinu 2010 mun framlagi af fjárlögum, sem nemur 0,325% af gjaldstofni tryggingargjalds, verða varið til þess að lækka og jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Samkvæmt lögum er framlaginu skipt eftir nánar skilgreindum aðferðum sem fjármálaráðherra útfærir með

reglugerð. Enn hefur ekki náðst niðurstaða um það hvernig fara skuli með þetta mat í tryggingafræðilegu uppgjöri sjóðanna. Af þessum sökum hafa ASÍ og SA talið nauðsynlegt að mæla fyrir um það í reglugerð hvernig jöfnunarfamlaginu verði ráðstafað til þess að þessum markmiðum verði náð. Samtökin sendu fjármálaráðherra bréf í febrúar 2009 með eftirfarandi tillögu um viðbót við 16. gr. reglugerðar 391/1998:


Við mat á framlagi til jöfnunar örorkulífeyrisbyrði skv. lögum 177/2006, sem ráðstafað er til lækkunar á örorkulífeyrisgreiðslum, skal núvirtum framtíðartekjum framlagsins ráðstafað til lækkunar á núvirtum örorkulífeyrisskuldbindingum viðkomandi sjóðs með þeim hætti, að sá hluti framlagsins sem reiknaður er á grundvelli útborgaðs örorkulífeyris (sbr. 1. tl. 21. gr. laga nr. 113/1990) komi til lækkunar á áföllnum örorkuskuldbindingum og sá hluti framlagsins sem reiknaður er á grundvelli framtíðarskuldbindinga vegna örorkulífeyris (sbr. 2. tl. 21. gr. laga nr. 113/1990) komi til lækkunar á framtíðarskuldbindingum.

Enn hefur ekki fengist niðurstaða í þetta mál. Lífeyrissjóðirnir standa frammi fyrir miklum vanda vegna hruns fjármálakerfisins. Því skiptir verulegu máli fyrir sjóðina að geta tekið þetta ríkisframlag inn í mat á tryggingafræðilegri stöðu nú þegar, þar sem það léttir að nokkru heildarbyrði sjóðanna og getur komið í veg fyrir skerðingu réttinda.

Frjáls viðbótarlífeyrissparnaður hefur vaxið hraðar en samningsbundinn sparnaður undanfarin ár og völdu 103 þúsund einstaklingar



Eignir lífeyrissjóða Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Fjármálaeftirlitið, SI

Þessa leið árið 2007 samanborið við 178 þúsund iðgjaldsgreiðendur í lífeyrissjóðina. Árið 2007 óx hann um 15,7% frá fyrra ári samanborið við 12,9% vöxt samningsbundins sparnaðar. Frádráttarbær viðbótarsparnaður launamanna frá tekjuskatti nam rúmum 13 milljörðum króna. Áætla má að móttframlag vinnuveitenda til séreignasparnaðar gegn framlagi launamanna hafi numið 9 milljörðum þannig að ætla má að 22 milljarðar króna hafi verið lagðir til hliðar í þessum tilgangi. Lögbundin iðgjöld í lífeyrissjóðina námu 72 milljörðum króna þannig að lífeyrissparnaður í heild nam 94 milljörðum króna árið 2007. Þetta samsvaraði 15% af launatekjum og starfstengdum greiðslum að viðbættu reiknuðu endurgjaldi sem voru samtals 626 milljarðar króna það ár.

Alþingi samþykkti breytingu á lífeyrissjóðalögum í mars 2009 sem veitti almenna heimild til takmarkaðrar útgreiðslu séreignarsparnaðar eða allt að eina milljón kr. fyrir hvern einstakling. Samhliða var lögum um tekjuskatt breytt þannig að heimilað var að draga allt að 6% af iðgjaldstofni, í stað 4% áður, vegna iðgjalda sem varið er til séreignarsparnaðar.

6.2. SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYR- ISSJÓÐA

Aðalmenn í stjórnnum lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins (miðað við 16. mars. 2009)

Gildi – lífeyrissjóður

Heiðrún Jónsdóttir
Vilhjálmur Egilsson
Friðrik J. Arngrímsson
Sveinn S. Hannesson

Stafir lífeyrissjóður

Arnbjörn Óskarsson
Erna Hauksdóttir
Guðsteinn Einarsson

Stapi lífeyrissjóður

Aðalsteinn Ingólfsson
Anna María Kristinsdóttir
Sigrún Björk Jakobsdóttir

Lífeyrissjóður Rangæinga

Þorgils Torfi Jónsson
Óskar Pálsson

Festa lífeyrissjóður

Bergþór Baldvinsson
Sigrún Helga Einarsdóttir
Bergþór Guðmundsson

Lífeyrissjóður Verzlunarmanna

Hrund Rudolfsdóttir

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Áslaug Alfreðsdóttir
Kristján G. Jóhannsson

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Arnar Sigurmundsson
Ægir Páll Friðbertsson
Sigurgeir B. Kristgeirsson

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Haraldur Þ. Ólason
Auður Hallgrímsdóttir
Sveinbjörn Hjálmarsson

UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI

Umhverfismál skipta atvinnulífið miklu. Virðing fyrirtækja fyrir umhverfi sínu og umgengni við náttúru hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum áratugum. Á sama hátt hefur aukist áhersla fyrirtækja á að starfsumhverfi sé eins og best gerist og að starfsmönnum séu búin skilyrði sem tryggja aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fremstu röð. Samtök atvinnulífsins leggja mikla áherslu á að fylgjast með þróun á þessu sviði og koma upplýsingum á framfæri við félagsmenn. Stöðugt fjölgar þeim fyrirtækjum sem fá einhvers konar formlega umhverfisvottun fyrir starfsemi sína til dæmis samkvæmt ISO –stöðlum, með umhverfismerki eða með alþjóðlegum vottorðum á ákveðnum sviðum.

7.1. UMHVERFISMÁL

Alþjóðasamningar um loftslagsmál

Um þessar mundir stendur yfir samningaferli þar sem aðildarríki loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna freista þess að komast að niðurstöðu um hvernig skuli draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá 2013. Á árinu 2012 lýkur tímabili Kyoto-bókunarinnar sem hófst á síðasta ári en samkvæmt henni var gert ráð fyrir að útstreymi frá iðnríkjum verði 5% minna á tímabilinu borið saman við árið 1990. Samningaferlið fer eftir umboði sem samþykkt var á aðildarríkjaráðstefnu samningsins á Bali í árslok 2007 og vonast er til að því ljúki í desember á þessu ári. Samningsferlið fer eftir tveimur brautum. Annars vegar er rætt um frekari skuldbindingar iðnríkja

frá 2013 og hins vegar almennar skuldbindingar allra aðildarríkjanna til lengri tíma.

Ný ríkisstjórn Bandaríkjanna gegnir lykilhlutverki í þessum samningum. Þar hefur til skamms tíma verið mest útstreymi gróðurhúsalofttegunda þótt Kína hafi nýlega farið fram úr Bandaríkjunum. Bandaríkin hafa heldur ekki staðfest aðild að Kyoto-bókuninni og bera þannig engar formlegar skuldbindingar samkvæmt henni. Nýlega hefur aðalsamningamaður Bandaríkjanna lagt línurnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og felast skilaboðin í 10 meginþáttum.

Í fyrsta lagi þurfi að taka mið af niðurstöðum vísinda og setja markmið til langs tíma. Út frá því megi svo leggja línur til skemmri tíma. Einn af göllum á Kyoto-bókuninni hafi einmitt verið hve skamman tíma hún gildir og hve erfið hún hefði orðið í framkvæmd og árangur takmarkaður. Bent er á að hingað til hafi spár vísindamanna um hlýnun ekki gengið eftir. Þess vegna verði að endurskoða markmiðin eftir því sem ný þekking kemur í ljós.

Í öðru lagi viðurkenni Bandaríkin ábyrgð og muni því gegna leiðandi hlutverki til að ná alþjóðlegu samkomulagi. Einnig verði gerðar ráðstafanir til að draga úr útstreymi í Bandaríkjunum meðal annars með viðskiptakerfi („cap and trade“), aukinni áherslu á endurnýjanlega orkugjafa og útstreymisstaðla fyrir bíla og ýmis tæki. Rannsóknir á þessu sviði verða efldar.


Í þriðja lagi vilja Bandaríkin ná samkomulagi í Kaupmannahöfn sem byggir á aðgerðum þeirra heima fyrir og tekur mið af aðgerðum allra helstu hagkerfa heims til að draga úr útstreymi. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á þær aðgerðir sem hagkvæmastar eru. Bandaríkin munu ásamt öðrum leggja verulegt fé til þróunarríkja sem bæði hjálpi til við aðlögun að loftslagsbreytingum og til að draga úr útstreymi.

Í fjórða lagi verði að taka tillit til sjónarmiða þróunarríkja um að bæta lífsskilyrði en þau verði að fara aðra leið en iðnríkin á sínum tíma sem m.a. byggir á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Í fimmta lagi er nauðsyn að helstu þróunarríki dragi verulega úr útstreymi. Ef draga á úr því um 80% til ársins 2050 gerist það ekki nema þróunarríkin gripi til verulegs átaks heima fyrir.

Í sjötta lagi kemur niðurstaðan til með að ráðast af pólitík sem er list hins mögulega. Ef ekki er tekið mið af þessu er allt ferlið í hættu. Þess hefur til dæmis verið krafist að Bandaríkin dragi úr útstreymi um 25-40% til ársins 2020 frá 1990. Það mun hins vegar ekki njóta stuðnings. Forsetinn styður markmið um að stefnt





verði að því að útstreymið árið 2020 verði svipað og árið 1990 en það felur í sér samdrátt um 15% frá 2005.

Í sjöunda lagi mun þeim farnast vel sem grípa til ákveðinna aðgerða snemma en hinum síður sem streitast við og berjast gegn straumnum. Því fyrr sem endurnýjanlegir orkugjafar taka við af kolefnisríkum orkugjöfum því minni hætta fyrir hagkerfi viðkomandi ríkis þegar til lengri tíma er litið.

Í áttunda lagi verður einkageirinn að vera virkur þátttakandi í öllum aðgerðum. Fjárfesting og nýsköpun eru lykilþættir til lausnar loftslagsvandannum. Stjórnvöld hafa ekki yfir að ráða nýsköpun, athafnavilja, sköpunarkrafti og getu sem er að finna í einkageiranum. En stjórnvöld geta stutt við þessa þætti og tryggt að rannsóknir og nýsköpun eigi greiða leið út á markaðinn.

Í níunda lagi verða leiðtogar stærstu hagkerfa heims að taka frumkvæði og móta tillögur um orku- og loftslagsmál. Þetta ferli hófst 2007 og nauðsynlegt er að gæða það innihaldi til að aukar líkur á samkomulagi í Kaupmannahöfn. Í tíunda lagi verða öll ríki heims að róa í sömu átt og leggja af hefðbundnar þrætur milli þróunarríkja og iðnríkja.

Enginn vafi er á að þessi viðhorf Bandaríkjanna muni hafa veruleg áhrif á þá niðurstöðu sem búast má við af samningaferlinu um loftslagsmál.

Áform ESB í loftslagsmálum

Í desember 2008 samþykkti Evrópuþingið, framkvæmdastjórn ESB og ráðherraráðið nýjar tilskipanir og reglugerðir um orku og loftslagsmál. Þar er m.a. gert ráð fyrir að dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda um 20% frá 1990, að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa hækki í 20% og einstökum aðildarríkjum sett markmið að stefna að um samdrátt útstreymis frá árinu 2005. Hafa verður í huga að skuldbindingar ESB fyrir árin 2008–12 (8% samdráttur) ná einungis til 15 ríkja en markmiðin nú til allra 27 aðildarríkjanna. Skipta má markmiðum ESB um samdrátt útstreymis gróðurhúsalofttegunda í tvennt. Annars vegar er um að ræða viðskiptakerfi með útstreymisheimildir sem nær til ákveðinna atvinnugreina og hins vegar almenn markmið um samdrátt annars útstreymis en þess sem fellur undir viðskiptakerfið.

Viðskiptakerfið verður útvíkkað á árunum 2012 til 2013. Það nær nú til orkuframleiðslu og nokkurra iðngreina. Frá 2012 munu flugsam-



göngur falla undir kerfið og á árinu 2013 bætast við geirar t.d. ál- og járnblendiframleiðsla. Síðan má skipta úthlutun útstreymisheimilda í þrennt. Í fyrsta lagi eru orkufyrirtækin sem verða að kaupa allar sínar útstreymisheimildir á uppboði, í öðru lagi eru almenn iðnfyrirtæki og flugfélög sem þurfa að kaupa ákveðinn en sívaxandi hluta sinna heimilda á uppboðum. Árið 2012 fá þessi fyrirtæki 80% heimilda sinna án endurgjalds en það hlutfall verður komið niður í 0% árið 2027. Í þriðja lagi eru svo fyrirtæki sem fá allar sínar heimildir án endurgjalds. Þetta á við um geira þar sem talin er hætta á kolefnisleka þ.e. að samkeppnisstaða versni það mikið að framleiðslan muni fara annað þar sem kröfur eru minni.

Búist er við að áliðnaður muni uppfylla skilyrði til að fá útstreymisheimildir án endurgjalds og járnblendiframleiðsla sömuleiðis. Í öllum tilvikum verða sett viðmið sem byggja á útstreymi frá þeim fyrirtækjum sem best standa sig og einstök fyrirtæki sem halda sig innan þessara viðmiða fá allar heimildir án endurgjalds. Þar sem útstreymi er umfram viðmið verða fyrirtæki að kaupa það sem upp á vantar. Heildarmagn útstreymisheimilda sem til ráðstöfunar er mun svo minnka um 21% frá 2005 til 2020. Viðskiptakerfi ESB er þegar hluti af EES samningum og breytingarnar eiga sennilega greiða leið þangað en óljóst er hvort þær þurfi aðlögunar við eða hvort þær verði teknar inn óbreyttar.

Almenn markmið ESB ríkja um samdrátt til ársins 2020 eru allt frá því að heimila 20% aukningu útstreymis frá 2005 til þess að krefja ríki um



20% samdrátt á sama tíma. Þetta hlutfall ræðst af landsframleiðslu ríkanna fyrst og fremst. Ef svipuðum viðmiðum er beitt á útstreymi hér á landi virðist sem búast mætti við kröfu um 15% samdrátt almenns útstreymis frá 2005 til 2020 þ.e. útstreymi sem ekki fellur undir viðskiptakerfið.

Sérfræðinganefnd um losun gróðurhúsalofttegunda

Nefnd þessi var skipuð í maí 2007 til að kanna möguleika til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi með sérstöku tilliti til hagkvæmni aðgerða. Gert var ráð fyrir að nefndin skiljaði af sér á vormánuðum 2008 en mun væntanlega dragast um heilt ár. Fjallað verður um möguleika til að draga úr útstreymi í samgöngum, iðnaði, orkugeira, landbúnaði og sjávarútvegi. Lagt er mat á kostnað við aðgerðir sem unnt er að grípa til á næstunni og fjallað um tæknilega möguleika til lengri tíma.



Vatnatilskipun ESB

Tilskipun ESB um aðgerðarramma um stefnu í vatnsmálum var samþykkt á Alþingi þann 6. desember 2007. Með tilskipuninni er settur rammi um vernd yfirborðsvatns, grunnvatns, árósvatns og strandsjávar. Ætlunin er að hindra rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa. Einnig er ætlunin að vernda nytjavatn og draga

úr losun hættulegra efna í vatn. Gert er ráð fyrir að stjórnkerfi vatnamála verði heildstætt og komið upp samræmdu mats- og greiningarkerfi ásamt söfnun á upplýsingum. Umhverfisráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að semja drög að löggjöf sem útfærir nánar efni tilskipunarinnar. Ekkert liggur fyrir um hvort þetta leiðir af sér nýjar kröfur fyrir atvinnulífið í bráð eða lengd.

7.2. VINNUMHVERFI

Á verklagi og stjórnsýslu vinnuverndarmála urðu ekki breytingar á árinu 2008, þrátt fyrir að fyrir liggja stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar og umsógn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins um þá úttekt. Stjórnin tók undir margt af því sem Ríkisendurskoðun benti á að betur mætti fara og færði fyrir því rök þegar hún var annarrar skoðunar. Efnahagsþrengingar og annir í ráðuneyti félags- og tryggingamála virðast hafa ýtt því verkefni tímabundið út af borðinu og er það miður. Íhaldssemi og þröngir rekstrarhagsmunir Vinnueftirlits ríkisins halda áfram að hindra framfarir á þessu sviði að mati SA. Fyrirsjáanlegt er að starfsemi Vinnueftirlits ríkisins dragist saman á árunum 2009 og 2010 enda er stofnunin háð sértekjum m.a. af vinnuvélaskoðunum sem fyrirsjáanlegt er að dragist verulega saman auk almenns niðurskurðar í fjárveitingum

Á árinu var unnið áfram að stefnumótun Vinnueftirlitsins frá 2009 til 2012. Drög að stefnumótun liggja fyrir og þar leggur stofnunin höfuðáherslu á fækkun vinnuslysa sem fjölgandi mjög sl. 2 ár samfara miklu framkvæmdaskeiði. Einnig er lögð áhersla á að áhættumati verði komið á í öllum stærri fyrirtækjum. Jafnframt verði skráningar atvinnusjúkdóma viðunandi og í samræmi við leiðbeiningar ILO og ESB. Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru 17. febrúar 2008 var ákvæði um að samningsaðilar ætluðu að beita sér fyrir að sett verði reglugerð um skráningu bótaskyldra atvinnusjúkdóma. SA og ASÍ skrifuðu ráðuneytinu í framhaldi af því þar sem hvatt var til þess að sett yrði reglugerð um skráningu þeirra. Mikilvægt er að til þess bærir aðilar úr stjórnsýslu vinnuverndar, heilbrigðisráðuneyti auk aðila vinnumarkaðarins verði kallaðir að þessu verkefni.



SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

8.1. UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 136. löggjafarþingi, 2008–2009, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (miðað við 26. mars 2009).

Stjórnarfrumvörp um

- breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar
- breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (hærrí vaxtætur)
- stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja
- breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum
- breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum
- breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum
- breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn.
- breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn
- breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 362
- aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1999
- afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum
- breyting á lögum nr. 129/1997, um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum
- breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða
- lögskráningu sjómanna
- breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003
- breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum
- greiðslur til líffæragjafa
- breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands
- breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluaðlögun)
- váttryggingastarfsemi
- um framhaldsfræðslu
- breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.
- uppbyggingu og rekstur fráveitna
- breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum
- breyting á lögum nr. 129/1997, um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum
- breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum
- breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi
- breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum
- breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi, með síðari breytingum



Þingmannafrumvörp um

- stjórnskipunarlög
- breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

- ábyrgðarmenn
- breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum

Pingsályktunartillögur um

- hagsmuni Íslands í loftslagsmálum
- framleiðslu köfnunarefnisáburðar
- innlenda fóðurframleiðslu
- setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum
- náttúruverndaráætlun 2009–2013

8.2. LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

Neyðarlög vegna hruns bankakerfisins

Pann 6. október 2008 lagði forsætisráðherra fram á Alþingi lagafrumvarp um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Þetta gerðist í kjölfar þess að þrjár stærstu bankar landsins voru komnir eða stefndu í þrot. Frumvarpið varð að lögum samdægurs, lögum nr. 125/2008. Lögin sem almennt eru kölluð neyðarlögin heimiluðu ríkinu að leggja fram fjármagn til að stofna ný fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Einnig að ríkissjóður geti við vissar aðstæður lagt sparissjóðum til fjárframlag sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé. Fjármálaeftirlitið fékk jafnframt viðtækar heimildir til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja og bregðast við vegna sérstakra aðstæðna, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði, boða til hluthafafundar eða fundar stjórnar auk þess sem gerðar voru breytingar á lögum um innstæðuþryggingar og tryggingakerfi. Á grundvelli neyðarlaganna tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur Landsbanka Íslands hf., Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf. dagana 7.–9. október sl. og setti yfir þá skilaneindir. Landsbankinn var fyrsti bankinn til að fara í þetta ferli en Kaupþing sá síðasti.

Viðbrögð við hryðjuverkalögum Breta

Hinn 8. október 2008 frystu bresk stjórnvöld eignir Landsbanka Íslands hf. á grundvelli ákvæða í svokölluðum hryðjuverkalögum (e. Anti-terrorism, Crime and Security Act 2001). Sama dag gripu bresk stjórnvöld til aðgerða sem gerðu það að verkum að stærsta dótturfélag Kaupþings banka hf., Singer & Friedlander, var knúid í greiðslustöðvun. Í kjölfarið varð Kaupþing banki hf. ógjaldfær og var yfirtekinn af

íslenska ríkinu á grundvelli íslensku neyðarlaganna. Með lögum nr. 172/2008 er veitt heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði vegna hugsanlegrar málsóknar á hendur breskum yfirvöldum til að fá úr því skorið hvort aðgerðir breskra stjórnvalda gegn íslenskum lögaðilum á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 hafi verið lögmætar og hvort stofnast hafi til skaðabótaréttar á hendur breska ríkinu. Almannahagsmunir af slíkri málsókn voru taldir svo veigamiklir að óvissa um það hver beri fjárhagslega og lagalega ábyrgð á slíkri málsókn mætti ekki standa henni í vegi.



Takmörkun á gjaldeyrisviðskiptum – upptaka gjaldeyrishafta

Með lögum nr. 134/2008 um breytingu á lögum um gjaldeyrisviðskiptum var Seðlabankanum heimilað að ákveða með nýjum reglum að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga, s.s. gjaldeyrisviðskipti í tengslum við fjármagnsviðskipti og gjaldeyrisviðskipti þeim tengdum. Bankanum voru veittar laga- og reglugerðarheimildir til að takmarka gjaldeyrisviðskipti tímabundið vegna fjármagnsviðskipta. Heimildir þessar komu til viðbótar þeim úrræðum sem bankinn hafði áður til að stemma stigu við útfærðum fjármagns ef neyðarástand skapaðist vegna mikils útfærðis á gjaldeyri. Markmiðið er að stuðla að stöðugleika á gengi íslensku krónunnar og draga úr hættu á óeðlilegri gengis-lækkun og leiða í lög þær hömlur á gjaldeyrisviðskiptum sem leiddu af sameiginlegri áætlun ríkisstjórnar, Seðlabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagsmál. Í kjölfar laganna voru settar nýjar reglur um gjaldeyrisviðskipti þrátt fyrir andstöðu atvinnulífsins og með þeim voru tekin upp að nýju gjaldeyrishöft á öðrum viðskiptum en með vöru og þjónustu eftir áratuga frelsi í gjaldeyrisviðskiptum.

Heimild til færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli

Með lögum nr. 162/2008 voru sett ný ákvæði til bráðabirgða sem veita ársreikningaskrá heimild til að taka til meðferðar umsóknir um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, annars vegar fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar fyrir reikningsárið sem hefst 1. janúar 2009, jafnvel þótt slík umsókn berist ekki ársreikningaskrá fyrir en 15. desember 2008. Með öðrum orðum er ársreikningaskrá heimilað að samþykkja afturvirkir slíkar beiðnir félaga fyrir

reikningsárið 2008 og hins vegar er framlengdur umsóknarfrestur fyrir reikningsárið 2009.

Lækkun vanefndaálags dráttarvaxta

Með lögum nr. 159/2008 um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingin voru dráttarvextir lækkaðir verulega. Dráttarvextir miðist nú við að 7% vanefndaálag sé ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans til lánastofnana í stað 11%. Dráttarvextir lækkuðu því um 4% með lagabreytingunni. Að miða vanefndaálag við 7% er í samræmi við tilskipun 2000/35/EB um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um vexti og verðtryggingu. Í tilskipuninni segir að fjárhæð vaxta af greiðsludrætti sem skuldunauti ber að greiða skuli vera samtala viðmiðunarvaxta og vaxtaálags sem nema skal a.m.k. sjö prósentustigum.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað

Með lögum nr. 10/2999 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt var endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað hækkuð tímabundið úr 60% í 100%, þ.e. á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. júlí 2010. Byggjendur íbúðarhúsnæðis fá því endurgreiddan allan virðisaukaskatt sem þeir greiða af vinnu iðnaðar- og verkamanna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds mannvirkja en ekki er endurgreiddur virðisaukaskattur af byggingarefni, vélavinnu eða sérfræðiþjónustu, t.d. vegna þjónustu verkfræðinga eða arkitekta. Frumkvæðið að þessari lagabreytingu kom frá SA og er ætlað að koma til móts við byggingariðnaðinn sem á í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga og sporna við svartri

atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði. Hækkað endurgreiðsluhlutfall hvetur til framkvæmda sem er mikilvægt þegar atvinnuástandið er slæmt í byggingargeiranum og horfur ekki góðar. Þessi tímabundna breyting sé líkleg til að stuðla að minni undanskotum frá skatti og þar með minnka svarta atvinnustarfsemi. Að sama skapi getur hækkunin dregið úr greiðslum vegna atvinnuleysisbóta vegna aukinna framkvæmda

8.3. DÓMSMÁL

Óheimilt að segja upp manni sem sótt hafði um fæðingarorlof

Karlmanni sem starfaði sem grafískur hönnuður í markaðsdeild var sagt upp störfum eftir að hann hafði tilkynnt um töku fæðingarorlofs en ekki hafið töku seinni hluta þess. Var ástæða þess að hönnun auglýsinga var útvistuð til auglýsingastofu. Maðurinn taldi uppsögnina ólögmæta og höfðaði mál til greiðslu bóta sem samsvaraði 7 mánaða launum. Í dómi Hæstaréttar segir að samkvæmt 30. gr. fæðingarorlofslaga sé vinnuveitanda óheimilt að segja starfsmanni upp vegna þess að hann hafi tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingarorlofs eða foreldraorlofs eða sé í sliku orlofi. Frá þessu megi þó víkja ef gildar ástæður eru fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Taldi dómurinn að því verði að líta svo á að uppsögn sé í öllum tilvikum óheimil nema að gildar ástæður séu til þeirrar ráðstöfunar. Þessu til samræmis verði að fella á vinnuveitanda sönnunarbyrði fyrir því að gildar ástæður hafi í raun ráðið gerðum hans. Var niðurstaða dómsins að fyrirtækið hafi ekki sýnt fram á að það hafi haft gildar ástæður fyrir uppsögn mannsins og m.a. vísað til þess ekki hafi verið lögð fram gögn um sparnað sem uppsögn mannsins og samningsgerðin við auglýsingastofuna kunni að hafa haft í för með sér eða annað hagræði í rekstri sökum uppsagnarinnar. Fyrirtækið hafi því bakað sér bótaskyldu. Þar sem manningur hafði boðist starf með sambærilegum launum var talið að hann hafi glatað rétti til bóta úr hendi fyrirtækisins frá þeim tíma. Var fyrirtækið því dæmt til að greiða hluta kröfu Á. (Hrd. 318/2008)

Biðlaun á grundvelli kjarasamnings fyrirtækis við SFR

Sjálfseignarstofnunin H sagði upp starfsmanni vegna samdráttar í rekstri en starfið var lagt niður. Starfsmaðurinn krafðist launa í sex mán-



uði á grundvelli kjarasamnings H og SFR um að réttindi og skyldur félagsmanna skyldu vera hliðstæð ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og bráðabirgðaákvæðis þeirra laga sem kvað á um rétt til launa í sex mánuði fyrir starfsmann sem hefði verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár. Talið var að orðið „hliðstæð“ gæfi ótvíræða vísbendingu um að starfsmenn H sem væru félagsmenn í SFR nytu sambærilegrar réttarstöðu og þeir starfsmenn ríkisins sem lög nr. 70/1996 tækju beinlínis til, að svo miklu leyti sem fært þótti. Eftir gildistöku þeirra laga hefðu kjarasamningar tvívegis verið gerðir milli H og SFR. H, sem viðsemjanda gagnvart SFR, hefði verið í lófa lagið að tilgreina nánar hvaða réttindi eða skyldur fælust í ákvæðinu eða eftir atvikum semja sig undan einhverjum ákvæðum umræddra laga. Það hefði H ekki gert og yrði því að bera ábyrgð á því. Var fallist á það að starfsmaðurinn hefði á grundvelli kjarasamningsins átt rétt til hliðstæðra bóta og mælt væri fyrir um í bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 (Hrd. 320/2008).

Vikulegur frídagur verslunarfólks

Í kjarasamningum og vinnuverndarlögum nr. 45/1980, eru ákvæði um vikulegan frídag starfsmanna. Þar er jafnframt mælt fyrir um heimildir til að flytja vikulegan frídag milli vikna og taka þá 2 frídaga í annarri viku í stað eins frídags í hverri viku. VR hefur haldið því fram síðustu misseri að sé ekki veittur einn frídagur strax á hverjum 7 dögum öðlist starfsmaður rétt til launaðs frídags síðar. Um þessa túlkun VR var deilt fyrir héraðsdómi. Stefnandi krafist greiðslna vangoldinna launa á þeim grundvelli að hún hafi ekki notið vikulegs frídags á hverju 7 daga tímabili. Samtals taldi starfsmaður 17 vikulega frídaga ekki hafa verið greidda. Héraðsdómur hafnaði meginhluta þessarar kröfu því hvorki í kjarasamningi né lögum nr. 46/1980 væri að finna ákvæði þess efnis að stefnandi eigi rétt til vikulegs frídags þegar teknir voru saman tveir frídagar aðra hverja helgi. Engu breyti þótt ekki hafi verið gerður sérstakur kjarasamningur um þessa vinnutilhögun, eins og ákvæði kjarasamnings VR mælti fyrir um enda var vinnufyrirkomulagið við starfsmanninn umsamið í ráðningarsamningi. Í nokkrum tilvikum fékk starfsmaðurinn hins vegar ekki tvo frídaga aðra hverja helgi og átti þá á grundvelli sérstakrar bókunar í kjarasamningi VR rétt á að taka frídag á virkum degi í 3ju viku. Starfsmaðurinn gerði það ekki heldur vann þá viku alla.

Dómurinn féllst á að þessir frídagar, samtals 6 dagar, sem starfsmaður hefði mátti taka á launum í þriðju viku veittu honum rétt til launa síðar og eftir starfslok. (Hérd. Rvk. E 380372008)

Kjarasamningar ríkisins gilda ekki á almennum vinnumarkaði

Í dómsmáli gegn sprotafyrirtæki sem hafði náttúrufræðing í vinnu var því haldið fram að launaflokkahækkningar samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) væru skuldbindandi fyrir fyrirtækið. Starfsmaðurinn hefði ekki fengið áfangahækkningar í samræmi við kjarasamninga ríkisins og FÍN árið 2004 og 2005. Sprotafyrirtækið var einkahlutfélag og félagsmaður í SA og taldi sig hvorki skuldbundið skv. lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks eða ráðningarsamningi til að fylgja launakjörum náttúrufræðinga. SA hafði enga kjarasamninga gert við FÍN á þessum tíma en haustið 2008 gerði SA fyrst kjarasamning við flest stéttarfélag háskólamenntaðra starfsmanna, meðal annars FÍN. Hérd. Rvk. hafnaði kröfum FÍN f.h. náttúrufræðinga. Enginn kjarasamningur hefði verið í gildi á almennum vinnumarkaði árið 2004 milli FÍN og SA. Um kjör stefnanda fór því eftir ákvæðum ráðningarsamnings og lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Ekki var fallist á það að samið hefði verið um launahækkningar skv. kjarasamningi FÍN og ríkisins enda var stefnandi ekki ríkisstarfsmaður heldur starfsmaður hjá einkafyrirtæki. (Hérd. Rvk. E-947/2008)

ERLEND SAMSKIPTI

**9.1. AF EVRÓPUVETTvangi**

Á árinu 2008 fóru Slóvenía og Frakkland með formennsku ráðherraráðs ESB. Fyrri hluta 2009 er Tékkland í formennskuhlutverki en Svíar taka við á miðju ári. Stefnt var að því að Lissabonsáttmálinn sem undirritaður var í desember 2007 tæki gildi í upphafi árs 2009 en af því varð ekki. Sáttmálinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi síðastliðið sumar og urðu því fyrrgreind áform að engu.

Niðurstaðan í atkvæðagreiðslunni á Írlandi veldur mikilli óvissu um framtíð sáttmálans og þróun ESB. Frakkland heldur því fram innan ESB að ekki komi til greina að sambandið verði stækkað nema öll aðildarríki ESB fallist á sáttmálann og styður Þýskaland þessa afstöðu Frakklands. Mjög óljóst er hvert framhaldið verður þó að Írar eigi að kjósa aftur um sáttmálann í október á þessu ári. Þrjú Evrópuríki hafa nú sem stendur stöðu umsóknarríkis um ESB aðild. Króatía, Makedónía og Tyrkland.

Viðhorf SA til ESB

SA hafa ekki ályktað um inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Í desember 2008 voru kynntar niðurstöður skoðanakönnunar meðal félagsmanna SA um afstöðu þeirra til þess hvort samtökin ættu að beita sér fyrir aðild að ESB og upptöku evru. Könnunin sýndi meirihluta í fimm aðildarsamtökum SA fyrir því að samtökin beittu sér fyrir aðild Íslands að ESB og upptöku evru. En meirihluti í þremur aðildarsamtökum SA var því andvígur. Á grundvelli niðurstaðna könnunarinnar var staðfest að SA myndu ekki beita sér fyrir aðild Íslands að ESB. Samtök atvinnulífsins verða þó áfram virk í Evrópuumræðunni og munu Samtök atvinnulífsins gæta hagsmuna allra aðildarsamtaka á grundvelli þess að skoðanir eru skiptar um hvort sækja eigi um aðild Íslands að ESB eða ekki.

Nefnd um þróun Evrópumála

Í ársbyrjun 2008 setti ríkisstjórnin á laggirnar nefnd um þróun Evrópumála sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins. Nefndin skal skila ríkisstjórninni skýrslu árlega. Verkefni nefndarinnar eru að fylgja eftir tillögum Evrópunefndar frá mars 2007 um aukna þátttöku stjórnáráðmanna og embættismanna í hagsmunagæslu tengdri Evrópustarfi. Nefndin á að framkvæma nánari athugun á því hvernig hagsmunum Íslendinga verður best borgið í framtíðinni gagnvart Evrópusambandinu, á grunni niðurstaðna Evrópunefndar frá mars 2007. Loks á nefndin

að fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Nefndin safnar nú saman upplýsingum um sértæka hagsmuni fjölda umsagnaraðila hvað varðar hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Matvælaölggjöf ESB verði innleidd

Samtök atvinnulífsins, Landsamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva styðja eindregið að leidd skuli í lög hér á landi matvælaölggjöf Evrópusambandsins en frumvarp um það liggur fyrir Alþingi. Meginatriði löggjafarinnar er að ekki er lengur greint á milli sjávarafurða, búfjárafurða og annarra matvæla heldur gilda í meginatriðum sömu kröfur um framleiðslu matvæla. Þetta tryggir jafnari samkeppnisaðstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu gagnvart framleiðslu á EES svæðinu og skapar fyrirtækjum aukna möguleika til að flytja inn hráefni til framleiðslu sinnar, aukna möguleika til nýsköpunar, vöruþróunar og almennra viðskipta. Að auki greiðir löggjöfin leið heilnæmra íslenskra landbúnaðarafurða á innri markaðinn í Evrópu. Verði þessi löggjöf ekki innleidd skapast sú hættu að ESB eða einstök aðildarríki geti litið á innflutning sjávarafurða frá Íslandi sem innflutning frá svo kölluðu þriðja ríki. Það hefði í för með sér að innflutningurinn gæti aðeins farið um tiltekna landamæraströðvar og hefði jafnframt í för með sér tafir við innflutninginn og stóraukinn kostnað fyrir útflutning. Sérstaklega hefði slíkt slæm áhrif á útflutning á ferskum afurðum.

Þjónustutílskipun ESB kynnt

Samtök atvinnulífsins kynntu í nóvember 2008 þjónustutílskipun ESB og áhrif hennar á íslenskt atvinnulíf en íslensk stjórnvöld hafa sett það markmið að hafa innleitt tílskipunina í lög fyrir árslok 2009. Tílskipunin á að einfalda regluverk og samskipti fyrirtækja við stjórnvöld. Markmið tílskipunarinnar er að tryggja frjáls þjónustuviðskipti á innri markaðnum. Innleiðing hennar er þegar hafin hér á landi en í tengslum við hana verður sett upp sérstök upplýsinga- og þjónustumiðstöð þar sem þjónustuveitendur erlendir og innlendir geta átt öll samskipti við stjórnvöld á einum stað. Öll íslensk löggjöf sem gerir kröfur til þjónustuveitenda s.s. leyfisveitingar er í endurskoðun, með það fyrir augum að afnema slíkar kröfur eða rökstyðja sérstaklega þær kröfur sem íslensk stjórnvöld vilja halda til streitu.



9.2. RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd EFTA, Fríverslunarsamtaka Evrópu, er vettvangur samtaka úr atvinnulífi aðildarríkjanna. Nefndin fjallar um hvaðeina sem tengist starfssviði samtakanna, bæði fríverslunarsamninga og EES-samninginn. Gefur nefndin álit og ráðleggingar um slík málefni, með sérstöku tilliti til hagsmuna fyrirtækja og launafólks í EFTA ríkjum, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni ráðherraráðs EFTA eða fastanefndar aðildarríkjanna. Með þessum hætti leitast nefndin við að hafa áhrif á stefnumörkun á vettvangi EFTA og EES og minna stöðugt á efnahagslegar og félagslegar hliðar Evrópulöggjafar og fríverslunarsamninga.

Frá Íslandi eiga SA, SI, Viðskiptaráð, ASÍ og BSRB fulltrúa í nefndinni, en áheyrnarfulltrúi er frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin heldur um fjóra fundi á ári innbyrðis auk árlegra funda með ráðherrum EFTA-ríkjanna og með fastanefnd þeirra. Nefndin hefur samráð við þingmannanefnd EFTA og halda nefndirnar sameiginlegan fund einu sinni til tvisvar á ári.

Á árinu 2008 hélt ráðgjafarnefnd EFTA fjóra reglulega fundi auk funda með sendiherrum, þingmönnum og ráðherrum EFTA-ríkja. Í mars var haldinn fundur nefndarinnar með fastanefnd EFTA-ríkjanna í Brussel. Árlegur fundur ráðgjafarnefndar EFTA með ráðherrum EFTA-ríkjanna var að þessu sinni haldinn í Luzern í Sviss í lok júní, en þar var einnig haldinn fundur nefndarinnar með þingmannanefnd EFTA. Í október var haldin í Noregi sameiginleg ráðstefna ráðgjafar- og þingmannanefndar EFTA um loftslagsmál. Í nóvember hélt nefndin fund í Brussel með umhverfisráðherra Íslands (í forföllum utanríkisráðherra), en Ísland gegndi þá forystu fyrir EFTA-löndunum.

Árlegur fundur ráðgjafarnefndar EES var að þessu sinni haldinn á Svalbarða í maímánuði, en nefndin starfar á grundvelli ákvæða EES-samningsins og er skipuð fulltrúum ráðgjafarnefndar EFTA og jafn mörgum fulltrúum efnahags- og félagsmálanefndar ESB. Er hlutverk nefndarinnar að treysta tengsl milli aðila vinnumarkaðarins og annarra hagsmunaaðila í EES-ríkjunum sem og að fjalla um og setja fram álit á málefnum sem efst eru á baugi á vettvangi EES-samningsins hverju sinni. Samstarfið er síðan treyst enn frekar með þátttöku fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í fundum á vegum efnahags- og félagsmálanefndar ESB þar sem fjallað er um mál sem hafa mikla þýðingu fyrir hagsmunaaðila í EES-ríkjunum.

Meðal málefna sem ráðgjafarnefndir EFTA og



EES ályktuðu um eða létu til sín taka á árinu 2008 voru:

- Staða og þróun EES-samningsins ásamt þróun atvinnulífs og vinnumarkaðar í EES-ríkjum
- Alþjóðleg fjármála- og efnahagskreppa og staða í Evrópuríkjum
- Endurmat á reglum um innri markaðinn
- Löggjöf og stefnumótun varðandi vinnumarkaðinn
- Frjáls för launafólks og búferlaflutningar
- Orku-, loftslags- og umhverfismál
- Samstarf ríkja um norðurslóðir
- Stefna Evrópuríkja í samgöngumálum
- Þróunarsjóðir EFTA og Noregs
- Lissabon-ferlið um hagvöxt og atvinnusköpun
- Endurnýjun stofnsáttmála ESB (Lissabon sáttmálinn)
- Stækkun Evrópusambandsins
- Samskipti EFTA og EFTA-ríkja við þriðju ríki ásamt undirbúningi, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga.

Ráðgjafarnefndin forgangsraðar verkefnum í sem nánustum tengslum við hagsmuni atvinnulífs í aðildarríkjunum og viðfangsefni ESB hverju sinni. Auk þeirra málaflökka sem nefndir eru að framan má búast við að á árinu 2009 verði athygli í auknum mæli beint að alþjóðlegri fjár-





mála- og efnahagskreppu og stöðu efnahags- og viðskiptamála í EFTA- og ESB-ríkjum. Má vænta aukinnar umfjöllunar um þann þátt Evrópulöggjafar sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, svo sem um starfsemi og eftirlit með fjármálafyrirtækjum, verndarstefnu ásamt reglum um samkeppnismál og ríkisaðstoð.

9.3. FERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNAR SA TIL BRUSSEL

Forysta Samtaka atvinnulífsins sótti Evrópu-sambandið heim dagana 30. september - 2. október 2008. Rætt var við valda aðila innan og utan ESB um fjölbreytt málefni. Fundað var með starfsmönnum EFTA og framkvæmdastjóra BUSINESSEUROPE. Markmið ferðarinnar voru að fá nánari vitneskju um hvernig evrópsku atvinnulífi farnist innan ESB, hver sé líkleg þróun ESB á næstu árum og hvernig efla megi samskipti íslensks atvinnulífs og ESB. Á fundum með fulltrúum ESB var rætt um örlög Lissabon-sáttmálans og áhrif hans á EES-samninginn og horfur á stækkun ESB næstu misseri. Fram kom að sáttmálinn er enn ekki staðfestur og um málið ríkir full óvissa. Írland væri langt því frá að vera tilbúið til þess að staðfesta hann og einnig væru vandamál í Póllandi og í Tékklandi. Efnahagsaðstæður í ESB skiptu einnig máli. Kosningar eru til Evrópuþingsins í júní 2009. Lissabon-sáttmálinn hefur ekki í för með sér neinar stórkostlegar breytingar á EES-samningnum.

Rætt var um stöðu EES-samningsins í ljósi þróunar undanfarinna 15 ára en fram kom að ESB kvartar ekki undan EES samningnum því ákvörðunarvaldið liggur hjá ESB. Vandamál liggja hjá EFTA ríkjum sem lúta reglum innri markaðarins án þess að eiga formlega aðild að ákvörðunum ESB. Hins vegar er bæði flóknara

og erfiðara en áður að reka EES-samninginn en ekki er vilji til þess að uppfæra hann.

Um hugsanlega ESB aðildarumsókn var sagt að Ísland sé frábrugðið öðrum hugsanlegum umsækjendum um aðild að ESB. Vegna aðildar að EES tæki það ekki langan tíma að afla álits framkvæmdastjórnar á aðild Íslands að ESB. Ísland hafi tekið upp tilskipanir ESB að stórum hluta og því gæti Ísland fengið aðild að ESB á um tveimur árum. Þar sem fiskveiðar eru mikilvægar Íslandi myndi ESB taka tillit til þeirra. ESB er hins vegar andvíg varanlegum undanþágum. Sjávarútvegsstefna ESB felur einnig í sér málefni hafsins, umhverfismál fiskveiða og flutninga á sjó. Stefnan er að breytast úr því að miðast við þrónga atvinnugreinahagsmunum yfir í að byggja á viðtækari sjónarmiðum.

Á fundi með framkvæmdastjóra orkumála í ESB, setti hann fram nokkrar hugmyndir um aukið samstarf Íslands og ESB í orkumálum. Í ESB væru nokkur ríki sem byggju yfir ónýttum jarðhita og Ísland væri í fararbroddi í heiminum í nýtingu hans. Auk þessa var rætt um orkuöryggi og umhverfismál í tengslum við orkunýtingu.

Sérfræðingar EFTA sögðu samþættingu við innri markaðinn vera það mikilvægasta í verkum EFTA. Ekki hafi komið upp stórvægileg vandamál á líftíma EES samningsins. Lissabon-sáttmálinn myndi við gildistöku auka bæði hlutverk Evrópuþingsins og þjóðþinga ESB ríkjanna. Það kalli á ný vinnubrögð hjá EFTA. EES-samningurinn væri bæði staðnaður og fullvirkur. Innri markaðurinn væri lifandi þáttur og 300 tilskipanir tengdar honum bætist við á hverju ári.

Fulltrúar SA áttu einnig fund með framkvæmdastjóra Evrópusamtaka atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE), Philippe de Buck en samtökin eru öflugasti málsvari atvinnulífsins í Evrópu – fulltrúi meira en tuttugu milljóna fyrir-tækja.

Framkvæmdastjórinn sagði samtökin vinna með stjórnvöldum innan ESB að því að treysta fjármálakerfið og væri enginn ágreiningur á milli aðila. Í upphafi ársins 2008 hefðu menn trú að því að Evrópa myndi ekki lenda í sama vanda og Bandaríkin. Jafnvel í byrjun september 2008 hefðu menn verið hóflega bjartsýnir.

9.4. BUSINESSEUROPE – EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins eiga aðild að Evrópusamtökum atvinnulífsins, BUSINESSEUROPE, en samtökin hafa aðsetur í Brussel. Aðildarfélög BUSINESSEUROPE eru 40 frá 34 Evrópulöndum. Ekki er



skilyrði fyrir aðild að aðildarfélag komi frá Evrópusambandsríki, en gerð eru skilyrði um tiltekin tengsl og eru Ísland, Noregur, Sviss og Tyrkland dæmi um slík lönd. BUSINESSEUROPE vinna mjög ötullega að því að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri við framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþingið, ráðherraráð, aðildarríkin og aðrar valdastofnanir í Evrópu.

Á síðustu árum má segja að loftslags- og orkumál hafi borið höfuð og herðar yfir aðra málaflokka á vettvangi BUSINESSEUROPE, enda hefur sá málaflokkur verið í miklum brennidepli í ESB og miklir hagsmunir í húfi fyrir fyrirtæki Evrópu. Þá hefur samkeppnishæfni fyrirtækja, bæði innan Evrópu sem og í alþjóðlegu ljósi, verið eitt af aðaláherslumálum BUSINESSEUROPE. Lissabon markmið Evrópusambandsins um aukinn hagvöxt og fleiri störf hafa verið mikil þungamiðja og er aukinn stuðningur við nýsköpun og tækniþróun fyrirtækja á meðal þess sem atvinnulífið kallar eftir. BUSINESSEUROPE hafa lagt mikla áherslu á að innri markaður ESB virki eins og til er ætlast og tala fyrir því að hvers konar hindrunum sé rutt úr vegi. Samtökin hafa talað ötullega fyrir auknum sveigjanleika á vinnumarkaði í því skyni að unnt verði að bregðast við vandamálum á borð við atvinnuleysi, skorti á sérhæfðum starfsmönnum og breytta aldurssamsetningu þjóðanna. Á alþjóðavettvangi hafa samtökin lagt mikla áherslu á baráttu gegn verndarstefnu ríkja og á frjáls viðskipti bæði á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og með annars konar samningum.

Eins og alkunna er orðu miklar sviptingar í efnahagsmálum á síðustu mánuðum ársins 2008. Eitt stærsta vandamál atvinnulífsins er aðgangur að fjármagni og skammtímaaðgerða er þörf til þess að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot fyrirtækja. Þá styðja samtökin þær aðgerðir sem framkvæmdastjórn ESB hefur gert tillögur um, en telja jafnframt að huga verði að því að grundvallarreglur innri markaðarins um jafna samkeppni verði áfram virtar. Verndarstefna ríkja innan sem utan ESB er ein stærsta ógnin í efnahagsvandanum.

9.5. EVRÓPUSKRIFSTOFA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins hafa í fjölmörg ár haft skrifstofu í Brussel þar sem einn starfsmaður hefur verið að staðaldri. Frá ársbyrjun 2008 hefur starfsemin verið eflað en þá var ráðinn til SA sérstakur verkefnastjóri Evrópumála sem dvelur helming starfstímans í Brussel en hinn hlutann á Íslandi. Þungamiðja í starfinu í Brussel er að



fylgjast með og taka þátt í starfi BUSINESS-EUROPE og halda tengslum við stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Friverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Einnig hafa verið byggð upp góð tengsl við fulltrúa annarra ríkja sem gæta hagsmuna gagnvart ESB. Góð tengsl eru við íslenska sendiráðið í Brussel og fulltrúa ráðuneytanna þar.

Með þátttöku í starfi BUSINESSEUROPE gefst mikilvægt tækifæri til þess að taka þátt í að fylgjast með löggjöf Evrópusambandsins í mótun, en jafnframt fæst greiður aðgangur að upplýsingum um það sem efst er á baugi í ESB. Fjöldmargir vinnuhópar starfa innan BUSINESSEUROPE og sækja fulltrúar SA í Brussel þá eins og tilefni er til og eins sækja sérfræðingar frá SA eða aðildarsamtökum þeirra fundi.

9.6. SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM KJARASAMNINGUM

Eins og fram kemur í síðustu ársskýrslu var gert ráð fyrir að BUSINESSEUROPE og ETUC, Evrópusamtök verkalýðsfélaga, hæfu samninga um endurskoðun tilskipunarinnar um Evrópsk samstarfsráð sem innleidd var hér á landi með lögum nr. 61/1999. Þegar til átti að taka hafnaði ETUC þó viðræðum og fór málið því í hefðbundinn farveg lagasetningar innan ESB.

Af hálfu ESB er lögð áhersla á að markmiðum um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs sé fylgt eftir. Því tengt hófu aðilar vinnumarkaðarins haustið 2008 viðræður um endurskoðun Evrópusamnings síns frá 1995. Sá samningur var tekinn upp í tilskipun og innleiddur hér á landi með foreldraorlofskafla fæðingarorlofslaganna. SA og ASÍ áttu sem fyrr aðild að þessum viðræðum. Samkomulag náðist milli

samninganefnda BUSINESSEUROPE, CEEP og UAPME annars vegar og ETUC hins vegar í lok mars og er nú til samþykktar hjá samningsaðilum. Þess ber einnig að geta að framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tilögur til breytinga á tilskipuninni um barnshafandi konur þar sem m.a. er gert ráð fyrir lengingu greidds fæðingarorlofs úr 14 í 18 vikur og aukinni vernd gegn uppsögnum.

Samningaviðræður um rammasamning varðandi vinnumarkað fyrir alla (Inclusive Labor Markets) hafa staðið yfir frá því fyrir áramót. SA kemur einnig að þeim viðræðum. Er það liður í vinnuáætlun aðila vinnumarkaðarins í Evrópu fyrir tímabilið 2006-2008.

Ný vinnuáætlun aðila vinnumarkaðarins vegna 2009-2010 liggur fyrir. Aðallega er um að ræða samvinnuverkefni er varða vinnumarkaðinn í ljósi ríkjandi aðstæðna og þeirra áhrifa sem efnahagskreppan hefur á bæði launþega og vinnuveitendur. Umræður um afleiðingar kreppunnar og möguleg viðbrögð sem leitt geta til aukins hagvaxtar og atvinnusköpunar hafa verið fyrirferðarmiklar bæði á fundum félagsmálanefndar BUSINESSEUROPE og félagsmálaumræðunefndar ESB („Social Dialogue“ nefndinni).

9.7. ALPJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN - ILO

97. þing Alþjóðavinnuáætlunarinnar ILO var haldið í Genf 28. maí til 12. júní 2008. Þingfulltrúar voru 4.212 frá 168 af 182 aðildarríkjum. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuáætlunarinnar ber aðildarríki sem ákveður að taka þátt í þinginu að senda til þingsins sendinefnd sem skipuð er a.m.k. fjórum fulltrúum. Í henni eiga að vera fulltrúi samtaka atvinnurekenda og fulltrúi launafólks auk tveggja fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni: Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar, fjárhags- og framkvæmdaáætlun, framkvæmd alþjóðasamþykktar, aðgerðir til stuðnings atvinnustarfsemi í dreifbýli, starfsmenntun til að auka framleiðni og fjölgun starfa og efling Alþjóðavinnuáætlunarinnar í því augnamiði að styðja aðildarríkin við að takast á við afleiðingar alþjóðavæðingar.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar sem aðildarríki hafa fullgilt er fjölmennasta nefnd þingsins og sátu í henni um það bil 500 fulltrúar ríkisstjórnar, atvinnurekenda og launafólks. Mikill ágreiningur kom upp milli fulltrúa

atvinnurekenda og fulltrúa launafólks um val á kærumálum sem skyldu tekin fyrir.

Fulltrúar atvinnurekenda lögðu mikla áherslu á að málefni Venesúela yrðu tekin til umfjöllunar. Í skýrslu sérfræðinganefndar ILO kemur fram að stjórnvöld í Venesúela hafi ekki tryggt að samtök atvinnurekenda njóti félagafrelsis í landinu. Forseti samtakanna hafi verið fangelsaður og síðan neyðst til að flýja land. Þá hafi höfuðstöðvar samtakanna verið eyðilagðar og eignir gerðar upptækar. Talsmaður atvinnurekenda var mjög þungorður í garð fulltrúa launafólks vegna málsins og benti á að öll 23 málin á dagskrá nefndarinnar væru þar samkvæmt ósk fulltrúa launafólks. Þetta væri eina málið sem fulltrúar atvinnurekenda hafi óskað sérstaklega eftir að væri sett á skrána en því hafi verið hafnað. Með aðstoð fundarstjóra og starfsmanna alþjóðavinnuáætlunarinnar tókst að lokum að koma málinu á dagskrá nefndarinnar.

Frekari upplýsingar um Alþjóðavinnuáætlunastofnunina og starfsemi hennar er að finna á www.ilo.org.

9.8. FASTANEFND NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Fundur var haldinn í fastanefnd forystumanna í heildarsamtökum norrænna atvinnurekenda í ágúst í Reykjavík. SA og SI voru gestgjafar á fundinum en þar voru m.a. kynntar tvær skýrslur um vinnumarkaðsmál. Annars vegar um gerð kjarasamninga á Norðurlöndum og hins vegar um hvernig megi fjölga fólki á norrænum vinnumarkaði. Skýrslurnar má finna á vef SA.

Á fundinum var birtur samanburður á framtíðarhorfum OECD-landa. Þar kom skýrt fram að Ísland væri í forystu í Evrópu á sviðum sem talin eru skipta miklu máli þegar horft er til framtíðarhorfa og langtímahagvaxtar.

9.9. FUNDIR UMHVERFISDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Í maí var haldinn í Osló fundur sérfræðinga samtaka atvinnurekenda á Norðurlöndum. Umræður snerust mjög um loftslags- og orkumál en sænsku samtökin höfðu fengið ráðgjafafyrirtæki til að gera úttekt á aðgerðum til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda í Svíþjóð og meta kostnað við aðgerðir.

Fram kom að í Noregi hafa fyrirtæki tekið sig saman um að beita aðgerðum til að draga úr útstreymi köfnunarefnissambanda í andrúmsloftið. Leggja þau fé í sjóð til að fjármagna



aðgerðir sem hagkvæmastar eru til að minnka útstreymið. Stjórnvöld komu að skipulagi þessa verkefnis og þau fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu munu ekki þurfa að greiða útstreymisskatt til ríkisins.

Rætt var um efnavörureglugerð ESB, græn innkaup og nýjar reglur um úrgangsmál. Að lokum var heimsótt verksmiðja sem framleiðir sólar kísilflögur en fyrirtækið sem hana rekur (Renewable Energy Corporation) hefur vaxið hratt undanfarin ár.

9.10. FUNDIR NORRÆNNA SÉRFRÆÐINGA UM VINNUVERNDARMÁL

Fundur fulltrúa norrænna samtaka atvinnurekenda um vinnuumhverfi var haldinn í Álasundi í lok ágúst 2008. Auk hefðbundinna skoðanaskipta um stöðu mála í norrænu ríkjunum fimm, var á dagskrá umfjöllun um fjarvistir frá vinnu vegna veikinda og hvernig unnt væri að hjálpa fólki til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Þar sem vinnuafllsskortur var á þessum tíma algengari en atvinnuleysi urðu veikindafjarvistir aðal umræðuefni fundarins. Skýrt kom fram hve mismunandi reglur gilda í norrænu ríkjunum og hefur þurft að taka verulega á til að breyta nálgun og hugsunargangi í þessum efnun í Svíþjóð og Noregi. Í Svíþjóð eru veikindafjarvistir þó enn fjórum sinnum meiri en hér á landi.

9.11. LÖGFRÆÐINGAMÓT NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamótið var að þessu sinni haldið á Svalbarða dagana 27.-31. ágúst. Aðal umræðuefnið var mismunun starfsmanna á grundvelli aldurs. Hin Norðurlöndin hafa öll innleitt tilskipanir ESB um bann við mismunun sem fela í sér að óheimilt er að láta starfsmenn gjalda aldurs síns. Þessar tilskipanir eru ekki hluti EES-samningsins og hafa ekki enn verið teknar upp hér á landi. Starfshópur sem skipaður var af Félags- og tryggingamálaráðuneyti til að fjalla um þær leggur til í álit sínu frá desember 2008 að meginþættir tilskipananna um að engin mismunun, hvorki bein eða óbein, skuli eiga sér stað, vegna m.a. aldurs, á vinnumarkaði og í atvinnulífi verði teknir upp í íslensk lög. Skýrslur um réttarframingvæmdina í hverju landi fyrir sig sem kynntar voru á fundinum og umræðurnar um þær voru því mjög fróðlegar fyrir íslenska þátttakendur. Samkvæmt venju var einnig fjallað um breytingar á löggjöf og dómaframingvæmd.




9.12. ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn var haldinn í Tavastehus í Finnlandi í lok ágúst 2008. Fastur liður á þessum fundum er að fjalla um stöðu efnahags- og kjaramála í hverju landi en síðan er fjallað um fyrirfram ákveðin málefni. Farið var yfir skýrsluna Collective bargaining in the Nordic Countries sem nýlega hafði verið samin fyrir fund formanna samtakanna. Annað meginþema fundarins var framleiðsla samtaka atvinnurekenda á launatölfræði, hverjar þarfirnar væru og yrðu á næstunni, og samstarf við Hagstofur landanna á því sviði. Hitt meginþema fundarins var norræna líkanið, en á fundinn kom góður gestur, Sixten Korkmann, forstöðumaður hagransóknarstofnunar ETLA, og kynnti bók sem hann hafði samið með öðrum leiðandi norrænum hagfræðingum.

9.13. FUNDUR UPPLÝSINGASTJÓRA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Upplýsingastjórar samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndunum hittust á árlegum fundi á Gotlandi í júlí til að bera saman bækur sínar. Í löndunum fimm starfa samtökin öll að því að halda uppi öflugri og upplýsandi umræðu um atvinnulífið og að fyrirtæki búi við samkeppnishæft starfsumhverfi. Umræður um efnahagsmál og umhverfismál voru efst á baugi á fundinum auk nýrra samskiptaleiða við miðlun upplýsinga.



MENNTAMÁL



Menntastefna SA byggir á sjónarmiðum um að efla samkeppnis- og nýsköpunarhæfni íslensks atvinnulífs. Í kjölfar bankahrunsins er enn nauðsynlegra en fyrr að leggja áherslu á að efla þessa þætti.

Frumvarp um framhaldsfræðslu, sem setur ramma um fullorðinsfræðslu fólks á vinnumarkaði með stutta formlega menntun, var í mótun á árinu og lagt fyrir Alþingi í desember. Unnið var einnig áfram að þeim menntaáherslum sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin komu sér saman um í kjarasamningum sem undirritaðir voru í febrúar 2008. Í krafti ágætrar fjárhagsstöðu gátu starfsmenntasjóðir á árinu veitt einstaklingum og fyrirtækjum, sem vildu sækja aukna færni og þekkingu, góðan stuðning. Frumvörp um leik-, grunn- og framhaldsskólastigið og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda á þessum skólastigum urðu að lögum um mitt ár 2008. Þau fela í sér veigamiklar breytingar á formlega skólakerfinu m.a. aukast líkur á að styttri námsbrautum í framhaldsskólum fjölgi. Auk þess sem að ofan er talið sinntu Samtök atvinnulífsins, aðildarsamtök þeirra og félagsmenn mennta- og fræðslumálum á margvíslegan annan hátt; m.a. í gegnum fræðslustofnanir atvinnulífsins, í samstarfi um starfsmenntun og símenntun og með aðild að háskólum og stofnunum á þeirra vegum og ráðuneytanna.

Ein helsta áskorunin í menntamálum á Íslandi er hversu margir á íslenskum vinnumarkaði hafa formlega aðeins lokið grunnskólanámi. Áherslur aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga gagnvart ríkisvaldinu hafa m.a. snúið að þessu, svo og frumvarpið um framhaldsfræðslu og að hluta lögin um framhaldsskóla. Í frumvarpinu er rammað inn það starf sem unnið hefur verið á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Greint er á milli faglegrar starfsemi og fjáruhlutana og er ætlunin að opinberir starfsmenn komi bæði að fræðslumiðstöðinni og sjóðnum, sem gert er ráð fyrir að stofnaður verði. Tekur aðkoma þeirra bæði til verkefna og fjárframlaga. Verði frumvarpið að lögum styrkist væntanlega einnig samstarf þeirra sem sinna framhaldsfræðslu og framhaldsskólanna t.d. hvað varðar einingabært nám og stuðlar að aukinni viðurkenningu á gildi menntunar sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis.

Menntahópur SA sem er skipaður fulltrúum aðildarfélaganna, áhugafólki úr atvinnulífinu og tveimur starfsmönnum SA fjallar um stefnu samtakanna í menntamálum og afstöðu til þeirra mála sem efst eru á baugi hverju sinni. Í

nýrri stefnumörkun SA um hagsýna framsýna og áræðna atvinnustefnu eftir bankahrunið er kafla um menntun eins og í Áherslum atvinnulífsins sem gefnar voru út 2005. Frekari útfærslu á stefnumörkun SA í menntamálum er að finna í umsögnum um frumvörp og stefnumörkun um starf háskóla, fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og starfsmenntasjóða sem SA á aðild að.

Menntahópur SA hélt tvo fundi á starfsárinu 2007-2008, á þeim fyrri var fjallað um framhaldsskólafrumvarpið en á hinum síðari einkum um endurskipulagningu starfsgreinaráða.

10.1. STARFSFRÆÐSLUSJÓÐIR

Samtök atvinnulífsins hafa frá árinu 2000 starfrækt fræðslusjóði í samstarfi við helstu viðsemjendur sína, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnumarkaði. Sjóðirnir eru nú fjórir:

- *Starfsafl* – sjóður Flóabandalagsins og SA,
- *Landsmennt* – sjóður Starfsgreinasambandsins og SA,
- *Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks* – Sjóður SA, VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna.
- *Sjómennt* – sjóður Sjómannasambandsins og SA sem tók til starfa 2002.

Fjármögnun

Starfsafl og Landsmennt eru nú fjármagnaðir með beinum greiðslum atvinnurekenda og framlagi stéttarfélaganna en voru fyrstu árin fjármagnaðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði þangað sem atvinnurekendur greiða tryggingagjald. Í samningunum í febrúar 2008 var gjaldið hækkað í 0,20% frá 1. júní sama ár.

Framlag atvinnurekenda í Starfsmenntasjóði verslunar og skrifstofufólks sem nær til VR og aðildarfélaganna Landssambands íslenskra verslunarmanna, hækkaði 1. júní 2008 í 0,20% úr 0,15%. Stéttarfélagin greiða nú mótframlag sem svarar einum fjórða af framlagi atvinnurekenda en það var áður þriðjungur. Fyrirtæki með virka endurmenntunarstefnu geta sótt um að greiða lægra gjald; 0,10% í stað 0,20%.

Sjómennt, sem fékk ákveðna upphæð á ári 2005-2007 úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að vinna að starfsmenntun sjómanna, hefur yfir að ráða nægu fé til að fjármagna hana áfram, þótt inngreiðslum hafi lokið 2007.

Styrkveitingar

Á árinu 2008 námu styrkveitingar Starfsafls sem nær til (Faxa) Flóabandalagsins alls rúmum 48

milljónum króna. Um 1.470 einstaklingar fengu styrki til náms upp á samtals 38 milljónir króna og er athyglisvert að sjá hve nám sem hefur þegar í stað hagnýtt gildi s.s. tölvunám, aukin ökuréttindi og vinnuvélanámskeið eru stór biti af kökunni.

Greiddir styrkir Starfsafls til 74 fyrirtækja námu rúmlega 10 milljónum króna á árinu 2008, 42 fyrirtæki fengu styrki frá Starfsafla árið 2007.

Samkvæmt bráðabirgðatölum voru veittir úr Landsmennt, sjóði SA og Starfsgreinasambandsins 1.608 einstaklingsstyrkir samtals að upphæð nærri 43 milljónir króna. Þá fengu um 60 verkefni loforð um styrki á árinu 2008 en greiddar voru út á árinu til fyrirtækja og félaga tæplega 7,5 milljónir króna. Samtals voru því veittir styrkir hjá Landsmennt sem námu um 50 milljónum króna, það er nær sama upphæð og árið áður.

Árið 2008 greiddi Sjómennt rúmar 3,2 milljónir króna í styrki til 80 einstaklinga en fyrirtæki nýttu sér ekki styrki Sjómenntar til námskeiðahalds á þessu ári.

Árið 2008 nam heildarupphæð styrkja úr Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks 133 milljónum króna en nam tæpum 117 milljónum 2007. Styrkþegar voru tæplega 5800. Styrkir til fyrirtækja voru árið 2008 rúmlega tvær og hálf milljón króna en voru árið áður rétt tæpar tvær milljónir króna.

Því er spáð að fólk af erlendu bergi brotið sem komið hefur undanfarin ár til Íslands til starfa hafi þegar eða muni fara héðan á næstu mánuðum. Atvinnuleysi bitnar hart á þessum hópi, þannig er atvinnuleysi meðal Pólverja á vinnumarkaði hlutfallslega tvöfalt meira en Íslendinga í marsbyrjun 2009. Ríkisvaldið hefur undanfarin ár lagt fé í að bjóða allt að tvö þúsund manns á ári byrjendanám í íslensku. Einstaklingsstyrkir starfsmenntasjóðanna hafa nýst mörgum vel til að greiða sinn hlut í námskeiðum eins og sjá má t.d. á skiptingu styrkja Starfsafls. Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flust hefur hingað undanfarin ár hefur fest hér rætur. Rúmlega fimm þúsund manns sem Hagstofan telur innflytjendur í lok árs 2008 voru þá komnir með íslenskt ríkisfang en það þýðir að einn af hverjum fimm sem hér voru þá, höfðu löngu ákveðið að setjast hér að. Nám í íslensku og þá ekki síst framhaldsnám verður því verkefni sem ríkið þarf að sinna áfram, og einstaklingsstyrkir sjóðanna verða að líkindum áfram nýttir að umtalsverðum hluta í þessu skyni.

Með samdrætti í atvinnulífinu dragast tekjur starfsmenntasjóða saman, bæði vegna fækk-



unar félagsmanna og samdráttar í launahlutfalli og launum. Þessar aðstæður ættu á sama tíma að gefa félagsmönnum og fyrirtækjum meiri tíma en áður og ríkar ástæður til menntunar. Það getur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir fjármögnun starfsmenntasjóðanna. Staða þeirra er allgóð og eru þeir í stakk búnir til að takast á við verkefni sem framundan eru, a.m.k. næstu misseri.

10.2. FRÆDSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem lauk sínu fimmta starfsári í árslok 2008, hefur haslað sér völl í framhaldsfræðslu á Íslandi. Hún gegnir veigamiklu hlutverki við að greina þarfir, þróa menntunarræði og raunfærnimat, meta námskrár, huga að gæðum og sérhæfingu í fullorðinsfræðslu og deila út fé. Það fer til fræðsluaðila sem hún er í samstarfi við til að kenna vottaðar námsleiðir, meta raunfærni og veita ráðgjöf um nám og starf. Viðurkenningu á starfi og framtíðarsýn Fræðslumiðstöðvarinnar er m.a. að finna í frumvarpi til laga um framhaldsfræðslu sem tekur í meginatriðum mið af því fyrirkomulagi sem þróað hefur verið undanfarin ár. Umfang starfs á vegum símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, Mímis-símenntunar og fræðslumiðstöðva iðngreina í Reykjavík á grundvelli samnings menntamálaráðuneytisins við FA hefur vaxið hröðum skrefum síðustu ár, dæmi má taka af fjölda þátttakenda sem orðnir eru talsvert á annað þúsund um land allt, á námskeiðum sem metin eru til eininga á framhaldsskólastigi. Fjöldi þátttakenda meira en tvöfaldaðist frá 2006 til 2007.

Á ársfundi FA 2009 fengu Halldór Eypórsson, Reykjavík og Ómar Örn Jónsson, Norðurlandi eystra viðurkenningar fyrir að vera fyrirmyndir í námi fullorðinna árið 2008. Þeir þóttu hafa náð góðum árangri, sýnt frumkvæði og kjark og yfirstigið ýmiss konar hindranir eins og t.d.





námserfiðleika. Þeir væru því öflugir fulltrúar sem gætu kynnt úrræði og orðið öðrum í sömu stöðu góð hvatning.

Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur SA og ASÍ og fræðslustofnana á þeirra vegum um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Markhópur starfsins eru þeir sem minnsta menntun hafa. Á byrjun árs 2008 þegar aðilar vinnu- markaðarins sömdu um kaup og kjör komust þeir m.a. að sameiginlegri niðurstöðu með fulltrúum ríkisvaldsins um að stefnt skuli að því að 90% fólks á vinnu- markaði hafi lokið við- urkenndri starfs- eða framhaldsskólamenntun árið 2020. Markið er sett hátt og þarf að leita allra leiða til að ná því. Breytingar á lögum um framhaldsskóla eru mikilvægt skref í þessa átt. Samhliða breytingum á námsframboði í form- lega kerfinu, þarf að halda áfram að setja kraft í að tryggja fjölbreytt framboð náms með fram- setningu og aðferðum sem ná til þeirra sem ekki nýttu tækifærið til náms í framhaldsskóla þegar það bauðst. Raunfærnimat fyrir þá sem hyggjast ljúka viðurkenndu námi hefur til þessa náð til þeirra sem hafið höfðu iðnnám en ekki lokið. Vonir standa til að hægt verði að láta það ná til fleiri, nú þegar reynsla hefur fengist af til- raunaverkefnum. Viðbótarfé til FA sem fékkst í tengslum við kjarasamninga verður nýtt til að efla enn starf Fræðslumiðstöðvarinnar og sam- starfsaðila hennar í menntamálum.

Samráð um viðbrögð við efnahagsþrengingum er varða mennta- og atvinnumál.

Fræðslumiðstöðin hafði forgöngu um það eftir hrun bankanna að efna til óformlegs samráðs um menntaúrræði og fékk fulltrúa mennta- málaráðuneytis, Vinnu- málastofnunar, starfs- menntasjóða, fræðsluaðila auk fulltrúa aðila vinnu- markaðarins að því borði. Hópurinn hittist reglulega, skoðar þróun atvinnumála og fylgist með og leggur á ráðin um viðbrögð hvað varð- ar menntunarúrræði. Í mars 2009 var vefurinn www.menntatorg.is fyrir markhóp FA opnaður

og er hann ein afurð þessa samstarfs. Sam- ráðið hefur auk þess skilað auknu samstarfi milli náms og starfsráðgjafa símenntunarmið- stöðva og fræðsluaðila og Vinnu- málastofnunar um ráðgjöf fyrir þá sem misst hafa vinnuna og haft áhrif við útfærslu á vinnu- markaðsúrræðum. Vinnu- markaðsúrræðin eru m.a. námssam- ningar, reynsluráðingar og starfsþjálfunarsam- ningar. Meðal úrræða sem eru í boði er einnig ráðning vegna frumkvöðlastarfs í fyrirtækjum og þróun eigin viðskiptahugmyndar. Á vegum menntamálaráðuneytis var síðla hausts skipaður formlegur hópur til að huga að viðbrögðum í háskóla- og tæknisamfélaginu.

10.3. MENNT

Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla – var stofnuð 1998 til að vera vettvangur fyrir samræður aðila vinnu- markaðarins og skóla um menntamál. Félaginu var slitið í september 2008 þar sem ekki var lengur grundvöllur fyrir rekstri þess. Óloknum verkefnum Menntar var ýmist komið fyrir annars staðar eða þau gerð upp.

10.4. STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum frá 1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Til stendur að fella þau lög úr gildi þegar og ef frumvarp um framhaldsfræðslu verður að lög- um. Tilgangur starfsmenntaráðs er að efla starfsmenntun í landinu og úthlutar það meðal annars starfsmenntastyrkjum til menntastofn- ana og fyrirtækja. Árið 2008 var úthlutað styrkjum til 32 verkefna samtals að upphæð tæplega 47 milljónir króna en heildarupphæð allra umsókna var nær fjórföld sú upphæð. Unnið er að afgreiðslu ráðsins fyrir 2009 en ráðið hefur rúmar 30 milljónir til ráðstöfunar að þessu sinni vegna fyrirhugaðra lagabreytinga sem felast í frumvarpinu um framhaldsfræðslu.

10.5. STARFSMENNTAVERÐLAUNIN 2008

Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfs- menntunar til að vekja athygli á mikilvægi starfs- menntunar og því sem vel er gert á því sviði. Starfsmenntaverðlaunin 2008 hlutu Samskip hf. í flokki fyrirtækja og Fræðslusetrið Starfsmennt í flokki skóla og fræðsluaðila.

FULLTRÚAR SA Í NEFNDUM OG RÁÐUM Á SVIÐI MENNTAMÁLA

Starfsmenntaráð

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA
 Aðalm: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI
 Varam: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA
 Aðalm: Sigríður Guðjónsdóttir, SVP
 Aðalm: Grétar Halldórsdóttir, Ístak hf.
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Starfsmenntasjóður verslunarmanna

Aðalm: Andrés Magnússon, SVP
 Aðalm: Svanur Valgeirsson, Debenhams
 Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
 Varam: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

Landsmennt – Starfsmenntasjóður (SGS)

Aðalm: Arnar Sigurmundsson, SF
 Aðalm: Guðrún S. Eyjólfsdóttir, SA
 Aðalm: Unnur Halldórsdóttir, Hótel Hamar
 Varam: Ragnar Árnason, SA
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI

Starfsafl – Starfsmenntasjóður Flóa

Aðalm: María Guðmundsdóttir, SAF
 Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA
 Aðalm: Árni Ingi Stefánsson, ÍAV
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
 Varam: Ragnar Árnason, SA

Starfsmenntasjóður verkstjóra

Aðalm: Bragi Bergsveinsson, SF
 Aðalm: Ingólfur Sverrisson, SI
 Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

Háskólinn í Reykjavík – stjórn

Sjófn Sigurgísladóttir, Matís ohf.
 Eggert Guðmundsson, HB Grandi hf.

Rannsóknarþjónusta

Háskóla Íslands – stjórn

Aðalm: Bragi Bergsveinsson, SF
 Aðalm: Júlíus Kristinsson, Orf Líftækni hf.
 Aðalm: Inga Sigrún Þórarinsdóttir, Vodafone

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Pétur Reimarsson, SA

Vísinda- og tækniráð

Aðalm: Kristinn Andersen, Marel hf.
 Aðalm: Pétur Reimarsson, SA
 Varam: Hilmar Janusson, Össur hf.
 Varam: Kristján Þórarinnsson, LÍÚ

Háskólinn á Bifröst – stjórn

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
 Aðalm: Finnur Árnason, Hagar hf.
 Aðalm: Gunnlaugur Aðalbjarnarson, Kf. Héraðsbúa
 Varam: Atli Atlason, Landsbanki Íslands
 Varam: Ásbjörn Gíslason, Samskip hf.
 Varam: Sigurður Jóhannesson, SAH afurðir

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Aðalm: Stefán Kalmansson,
 Viðskiptaháskólanum Bifröst
 Varam: Stefán Logi Haraldsson,
 Vínnet Garðastál hf.

Vöxtur og væntanleg fjárförf Háskólans á Hólum til ársins 2010

Vilhjálmur Egilsson, SA

Ungir frumkvöðlar JA

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Fagræð verslunar- og þjónustugreina

Aðalm: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP
 Varam: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS

Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Sigríður Anna Guðjónsdóttir

Stjórn verkstjórnarnámskeiða

Aðalm: Ingólfur Sverrisson, SI
 Varam: Ragnar Árnason, SA

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar

Erla Kristinsdóttir, Sjávariðjan Rifi ehf.
 Torfi Þorsteinsson, HB Grandi hf.

Verkefnisstjórn um viðbrögð í háskólum og vísindum við breyttum aðstæðum í atvinnu- og efnahagsmálum



Ragnhildur Geirsdóttir, Promens
 Björk Þórarinsdóttir, Kaupþing

Stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA



ÚTGÁFA OG KYNNING



11.1. VEFUR SA

Vefur SA, www.sa.is, gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna. Áhersla er lögð á öflugan fréttaplutning af málefnum atvinnulífsins en á vefnum er einnig mikið safn upplýsinga. Þar má m.a. finna upplýsingar um samtökin, svo sem samþykktir, skipulag og starfsemi. Auk þess er þar að finna efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, efnahagsmál og umhverfismál svo fátt eitt sé nefnt. Á vefnum er að finna greinargott yfirlit og umfjöllun um viðburði á vegum samtakanna.

Vinumarkaðsvefur SA

Á vinnumarkaðsvef SA er að finna ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar um vinnumarkaðsmál, ráðningar starfsfólks og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira.

Vinumarkaðsvefurinn er opinn félagsmönnum SA.


11.2. AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, er gefið út einu sinni í mánuði – nema í ágúst vegna sumarleyfa. Fréttabréfið kemur á framfæri sjónarmiðum og skoðunum SA en það samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en ítarlegri umfjöllun um hvert mál má nálgast á vef samtakanna. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en einnig má nálgast það á vef SA.

11.3. ÚTGÁFA

Baráttan um besta fólkið

Samtök atvinnulífsins gáfu út í apríl 2008 rit um alþjóðavæðingu vinnumarkaðarins. Þar kom m.a. fram að Ísland stæði Norðurlöndunum í heild að baki við að takast á við áskoranir hnattvæðingarinnar. Hátt verðlag og smæð landsins væru ekki



aðlaðandi og samkeppnisstaða Íslands um hæft starfsfólk væri aðeins í meðallagi.

Skýrsla um fjölmyntavæðingu atvinnulífsins

Sérfræðinganefnd SA sem framkvæmdastjórn samtakanna fól að skoða fjölmyntavæðingu atvinnulífsins skilaði af sér skýrslu í júlí. Viðfangsefni nefndarinnar var að draga saman greiningu á fjölmyntavæðingu atvinnulífsins, þ.e. aukinni notkun erlendra gjaldmiðla í skuldbindingum og viðskiptum einkaaðila með auknu frjálsræði í viðskiptum og alþjóðavæðingu og án beins atbeina stjórnvalda. Einhugur var í nefndinni um að auka ætti sveigjanleika atvinnulífsins hvað gjaldmiðlanotkun varðar og greiða ætti götu þess að viðskipti og notkun eða tenging við gjaldmiðla gæti þróast óhindrað eftir þeim leiðum sem markaðsaðilar telja hagkvæmast hverju sinni.

Staða og horfur á norrænum vinnumarkaði

Í ágúst 2008 kom út sameiginleg skýrsla samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndum um stöðu og horfur á norrænum vinnumarkaði. Helstu niðurstöður voru kynntar á árlegum fundi formanna og framkvæmdastjóra samtakanna sem fram fór í Reykjavík. Á Norðurlöndunum eru 10-15% fólks á vinnualdri utan vinnumarkaðar tímabundið eða til frambúðar vegna heilsufarsvanda. Í öllum ríkjunum er nú reynt að bregðast við með því að stórauka endurhæfingu en útlit er fyrir að fólki muni fækka á norrænum vinnumarkaði á næstu árum og áratugum. Aldurssamsetning þjóðanna er að breytast - fjölmennir árgangar eru að fara á eftirlaun og árgangar fólks sem koma út á vinnumarkaðinn eru fámennari auk þess sem ungt fólk byrjar seinna að vinna en áður.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja

Viðskiptaráð Íslands, NasdaqOMX Ísland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í lok nóvember

leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja. Markmið leiðbeininganna er margþætt en þeim er fyrst og fremst ætlað að auka gagnsæi í rekstri opinberra fyrirtækja og aðstoða hið opinbera og fyrirtæki í eigu þess að skapa traust um starfsemi sína.

Hagsýn, framsýn og áráðin atvinnustefna SA

Samtök atvinnulífsins gáfu út í janúar *Hagsýna, framsýna og áráðna atvinnustefnu* sem innlegg í umræðu um hvernig hægt væri að snúa vörn í sókn á Íslandi. SA lögðu áherslu á að brugðist yrði við þegar í stað til að lágmarka skaðann og auðvelda nýja uppbyggingu. Mikil eftirspurn reyndist eftir ritinu og kláraðist prentað upplag á skömmum tíma. Þá var rafræn útgáfa ritsins mikið sótt á vef SA en ætla má að um 7.000 eintök af ritinu hafi farið í dreifingu frá því í lok janúar. Samtök atvinnulífsins kynntu ritið á opnum fundum út um allt Ísland og á vinnustaðafundum sem voru vel sóttir af starfsmönnum aðildarfyrirtækja SA.

Útgefnir kjarasamningar

Samtök atvinnulífsins gefa út í bókarformi þá kjarasamninga SA sem gilda fyrir fleiri en eitt fyrirtæki og senda til aðildarfyrirtækja þeim að kostnaðarlausu. Þeir eru jafnframt aðgengilegir á vinnumarkaðsvef SA sem opinn er félagsmönnum.

11.4. OPNIR FUNDIR

Ráð Prófessors Alibers

Robert Aliber, prófessor við Chicago háskóla, hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands mánudaginn 5. maí 2008. SA voru meðal þeirra sem stóðu að fyrirlestrinum en þar kynnti Aliber ritgerð um þróun alþjóðafjármála, eignaverðbólur og ójafnvægi í viðskiptum á milli landa. Fjallaði hann sérstaklega um áhrif þessarar þróunar á íslenskt efnahagslíf, sérkenni íslenska hagkerfisins og það hvaða möguleg úrræði íslensk stjórnvöld



hefðu í stöðunni. Aliber dró upp mjög dökka mynd af stöðu Íslands og varaði við því að illa myndi fara – því miður reyndist hann sannspár.

Samkeppnishæfni þjóða

Hagfræðideild Háskóla Íslands efndi til morgunfundar um samkeppnishæfni þjóða 6. júní með stuðningi SA. Xavier Sala-i-Martin prófessor í þjóðhagfræði við Columbia háskóla í New York fjallaði um mælikvarða á samkeppnishæfni þjóða og hvernig þjóðir gætu bætt stöðu sína.

Ný hugsun í forystu og stjórnun

Áhugahópur um **þjónandi forystu** (e. servant leadership) í samvinnu við Skálholtsskóla og Samtök atvinnulífsins efndi til dagsráðstefnu um stjórnun föstudaginn 20. júní 2008 í Skálholti. Meðal fyrirtækja sem grundvalla starf sitt og árangur á þjónandi stjórnun má m.a. nefna Southwest Airlines, TDIndustries og Starbucks. Stjórnendur úr atvinnulífinu, m.a. í fjármálastarfsemi, frá sveitarfélögum, heilbrigðisgeiranum og kirkjunni tóku þátt.

Fundur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja

Samtök atvinnulífsins efndu til fundar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og Evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum miðvikudaginn 20. ágúst. Renate Hornung-Draus frá þýsku atvinnurekendasamtökunum, BDA, ræddi um reynslu og áherslur þeirra auk þess að veita innsýn inn í





Morgunfundur um þjónustutílskipun ESB

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að hafa innleitt þjónustutílskipun ESB í íslensk lög fyrir árslok 2009. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja betur frjáls þjónustuviðskipti í Evrópu. Af þessu tilefni efndu SA til morgunfundar 28. nóvember til að kynna tilskipunina. Erindi fluttu Carlos Almaraz sérfræðingur frá BUSINESSEUROPE, Gunnar Þór Pétursson hdl. sérfræðingur við lagadeild HR og Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur hjá viðskiptaráðuneytinu.

Úr vörn í sókn: Hvað gerðu finnsku fyrirtækin?

Þriðjudaginn 20. janúar 2009 efndu Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri og Finnisk-íslenska viðskiptaráðið til morgunverðarfundar um hvernig finnskt atvinnulíf snéri vörn í sókn í efnahagsþrengingunum í Finnlandi á árunum 1991-1994. Fulltrúar finnskra atvinnulífssamtaka lýstu því hvernig finnska fyrirtæki brugðust við efnahagsþrengingunum. Skilaboð þeirra voru skýr: Verndið fólkið og fyrirtækin, það er dýrt að missa fjölda fyrirtækja í gjaldþrot og tekur langan tíma og fyrirhöfn að koma atvinnulífinu á skrið á ný ef sú leið er farin. Bentu þeir á að ríkið verði af miklum skatttekjum við gjaldþrot fyrirtækja sem eru í rekstri og það kosti blóð svita og tár að stofna ný fyrirtæki - sem ekki komist öll á legg. Við þrot fyrirtækja tapist dýrmæt störf og afkoma fjölskyldna versni. Fulltrúar atvinnulífsins í Finnlandi ráðlögðu íslenskum stjórnvöldum að bregðast markvissar við en gert var í Finnlandi á árunum 1991-1994 þegar efnahagskreppa reið yfir landið. Fálmkennd viðbrögð hafi reynst dýrkeypt.

11.5. ÞEGAR ÁFALLIÐ DYNUR YFIR

Um 200 manns sóttu ráðstefnu um áfallastjórnun sem haldin var á vegum KOM almanna-tengsla, Vinnuverndar ehf, Humus og Samtaka atvinnulífsins 11. febrúar. Fjallað var um málefnið út frá ýmsum sjónarhornum en fram kom í máli framsögumanna að mikilvægt væri að standa faglega að málum þegar hið óhugsanlega gerist. Ekki væri leyst úr áföllum á einni nóttu og mikilvægt væri fyrir stjórnendur að gera sér grein fyrir langtímaáhrifum áfalla á rekstur og ímynd fyrirtækja, liðan starfsmanna, samskipti við nærsamfélagið og ýmsa aðra þætti ásamt því að leita utanaðkomandi stuðnings þegar þess væri þörf.



málefnið á Evrópu- og alþjóðavettvangi. Renate hefur starfað mikið fyrir Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE) og á sæti í stjórn Alþjóða vinnuálagstofnunarinnar (ILO).

Hugmyndadagning á Hofsósi

SA efndu til hugmyndadagningu á Vesturfarasetrinu á Hofsósi 5. september. Þar deildu valinkunnir aðilar úr íslensku athafnalífi reynslu sinni af atvinnuuppbyggingu og drógu upp mynd af framtíð atvinnulífs á landsbyggðinni. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, stýrði þinginu en meðal þátttakenda voru Steinunn Jónsdóttir, athafnakona og Friðrik Þór Friðriksson, kvikmyndaleikstjóri og framleiðandi. Húsfyllir var í Vesturfarasetrinu og fjöldi hugmynda reifaður, allt frá byggingu koltrefjaverksmiðju á Sauðárkróki til innflutnings á kabáti fyrir ferðamenn.

Rödd atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins efndu til opins fundar fimmtudaginn 13. nóvember um alvarlega stöðu efnahagsmála. Á þriðja hundrað stjórnenda mætti á fundinn til að ræða þær miklu áskoranir sem íslensk fyrirtæki stóðu frammi fyrir. Erindi fluttu Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, Hermann Guðmundsson, forstjóri N1 og Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins. Rannveig Rist forstjóri Alcan á Íslandi stýrði fundi.



REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG

12.1. STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsinu föstudaginn 18. apríl 2008. Fundurinn var settur klukkan 15:00 af Ingimundi Sigurpálssyni, þáverandi formanni SA. Björgólfur Jóhannsson var skipaður fundarstjóri og Guðrún Eyjólfsdóttir fundarritari. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og flutti Ingimundur fundinum skýrslu stjórnar. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, kynnti samninga samtakanna og voru þeir samþykktir samhliða.

Þá gerði Þorgeir Baldursson, formaður kjörstjórnar, grein fyrir niðurstöðum í formanskjöri SA en Ingimundur Sigurpálsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður. Kosningin fór fram með rafrænum hætti og var þátttaka góð eða 58%. Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá, var kosinn nýr formaður stjórnar SA með 94% greiddra atkvæða. Þór sagðist taka við starfinu með auðmýkt og stolti. Hjá SA væri gott starf unnið og þakkaði hann Ingimundi sérstaklega fyrir að byggja upp góð samskipti við launþega og stjórnvöld.

Þá lýsti Þorgeir Baldursson kjöri stjórnar en nýir inn í stjórnina komu Árni Gunnarsson Flugfélagi Íslands, Halldór J. Kristjánsson Landsbanka Íslands, Ólafur Rögnvaldsson Hraðfrystihúsi Hellissands og Sigurður Viðarsson Tryggingamiðstöðinni. Úr stjórninni gengu Bjarni Ármannsson Glitni, Björgólfur Jóhannsson LÍÚ,



Helgi Bjarnason Sjóvá og Jón Karl Ólafsson Icelandair.




Tillaga fundarstjóra um Price-Waterhouse-Coopers sem endurskoðanda SA starfsárið 2008-2009 var samþykkt.

Út úr umrótinu - inn í framtíðina

Vel á fimmta hundrað karla og kvenna mættu á opna dagskrá aðalfundar SA sem hófst kl. 16:00 undir yfirskriftinni Út úr umrótinu - inn í framtíðina. Ingimundur Sigurpálsson flutti erindi ásamt Geir H. Haarde, forsætisráðherra. Þá horfðu til framtíðar Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans og Ólöf Nordal, alþingismaður. Brugðið var upp svipmyndum af íslenskum vinnumarkaði en ítarleg umfjöllun um fundinn er á vef SA þar sem má nálgast upptökur af erindum frummælenda.

Ingimundur sagði m.a. nauðsynlegt að grípa til samhæfðra aðgerða á sviði peningamála og ríkisfjármála að fenginni reynslu af flotgengisstefnu Seðlabankans og í ljósi þeirrar stöðu sem blasti við íslensku atvinnulífi. Beindi hann því til forsætisráðherra, hvort ekki væri tilefni til þess að ríkisstjórnin gæfi út yfirlýsingu með skýrum og afgerandi hætti þess efnis, að unnið yrði að því að uppfylla viðurkennd skilyrði um stöðugt verðlag, jafnvægi í ríkisfjármálum, stöðugleika í gengisskráningu og samhæfingu langtímavaxta,





sem sett væru fyrir aðild að myntbandalagi Evrópu. Með samningi við Seðlabankann yrði hafinn undirbúningur að nauðsynlegum aðgerðum til þess að ná niður verðbólgu, lækka stýrivexti og tryggja aðhald í opinberum rekstri, þannig að settum markmiðum yrði náð.

Í ávarpi sínu sagði Geir H. Haarde m.a.: „Íslenska þjóðarbúið gengur nú í gegnum tímabundna erfiðleika sem allir þurfa að taka höndum saman um að leysa. Við megum þó ekki einblína um of á vandamálin því að við búum við góð lífskjör, undirstöður samfélagsins eru traustar og orðstír okkar góður. Þessu gera allir sér grein fyrir sem á annað borð setja sig inn í íslensk málefni. Við eigum afar verðmætar auðlindir sem verða sífellt eftirsóknarverðari. Þessar staðreyndir munu í senn hjálpa okkur út úr því umróti sem við erum nú í og búa vel í haginn fyrir framtíðina.“

Kristín Jóhannesdóttir sagði ekki margar færar leiðir til að ná stöðugleika í atvinnulífinu til framtíðar: „Við getum auðveldlega eytt dýrmætum tíma í umræður um, hvort hinir ýmsu gjaldmiðlar



komi okkur á réttan kjöl. Ég tel hins vegar að við eigum að horfa til evrunnar og aðildar að Evrópusambandinu. Því hefur verið haldið fram að umræðan um Evrópusambandið og evru sé flótti frá því verkefni sem þjóðin standi nú frammi fyrir. Ég get ekki fallist á það. Nær væri að segja að við höfum sofið á verðinum og svikist um að marka okkur skýra stefnu í Evrópumálum meðan flest hefur gengið okkur í haginn. Við stöndum frammi fyrir brennandi spurningum, sem við höfum svikist um að leita svara við.“

Edda Rós Karlsdóttir sagði m.a. nauðsynlegt að grípa strax til aðgerða til að efla trú á fjármálastöðugleika á Íslandi, m.a. með því að efla gjaldeyrisforðann og ná samkomulagi við erlenda seðlabanka. Stjórnvöld þyrftu að lýsa yfir stuðningi við verðbólguþröskulmið Seðlabankans. Undirbúa þyrfti breytingar í Seðlabankanum og setja á stofn peningastefnuráð að alþjóðlegri fyrirynd. Jafnframt að skoða af fullri alvöru aðild að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu - slíkur undirbúningur myndi gagnast hvort sem niðurstaðan yrði já eða nei.

Ólöf Nordal sagði brýnasta verkefni dagsins að ná efnahagslegum stöðugleika: „Fjármálavandinn nú stafar fyrst og fremst af ytri vanda sem á okkur dynur. Við hann verðum við að berjast með öllum tiltækum vopnum. Að því loknu verður að draga af honum lærdóm og ákveða hvaða leiðir eru farsælastar til að styrkja kerfið til framtíðar. Það er því brýnasta verkefni dagsins að ná efnahagsjafnvægi, hvort sem við sjáum að því

loknu þörf á að breyta stöðu okkar í efnahagskerfi heimsins eða ekki. Það verður ekki útkljáð fyrr en að þessu verki loknu. Við höfum ekki tíma til slíkra hluta nú.“

Ólöf sagði atvinnulíf Íslendinga fjölbreyttara en nokkur sinni fyrr en vandi væri að atvinnuvegum væri gjarnan stillt upp gegn hverjum öðrum. „Það er of algengt að einn atvinnuvegur sé gripinn á lofti og látið eins og enginn annar sé til. Núna er aftur farið að tala um útflutningsgreinarnar, í fyrra áttu allir að vinna í banka, fyrir nokkrum árum voru netfyrirtækin svarið. Þetta viðhorf gerir ekkert annað en að grafa undan atvinnulífinu í landinu. Við þurfum skýra sýn og hún er sú að fjölbreytt atvinnulíf skapar traustar undirstöður fyrir þjóðarþúið. Allar atvinnugreinar eru jafngóðar, þær hafa allar rétt á að vaxa og dafna í samræmi við getu sína og samkeppnishæfni. Og það má aldrei hugsa þannig að þótt ein atvinnugrein gangi vel eigi hún að leysa öll vandamál í landinu.“

Í lok fundar stungu fundargestir saman nefjum og ræddu framtíð lands og þjóðar. Ljósmyndir frá aðildarfyrirtækjum SA prýddu vegg Listasafns Reykjavíkur en þeim var sérstaklega safnað saman í tilefni þess að aðalfundur SA fór fram í húsaýnum safnsins. Mikið safn mynda barst, m.a. fágætar myndir frá Raket Olsen, sem sýna kröftugt athafnalíf í Stykkishólmi fyrr á árum. Brot af myndunum má sjá hér í ársskýrslu SA.

12.2. STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Framkvæmdastjórn SA stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við stefnumörkun stjórnar og hélt hún 25 fundi á starfsárinu. Framkvæmdastjórnin hélt stefnumótunarfund í lok maí 2007 þar sem fjallað var um stefnu samtakanna í efnahags- og kjaramálum, Evrópumál, horfur til lengri tíma og skipulag hagsmunasamtaka. Framkvæmdastjórnin fór í kynnisferð til Brussel dagana 29.9-2.10 2008 og átti fundi með mörgum leiðandi stjórnendum ESB og voru þar mörg álitamál skýrð. Á reglulegum fundum framkvæmdastjórnarinnar voru efnahags-, atvinnu- og kjaramál jafnan fastir liðir en auk þess var fjallað um samskipti við ríkisstjórn, samkeppnismál, Endurhæfingarsjóð, stjórnarhætti fyrirtækja, menntamál, fjárhagsáætlun samtakanna, tilnefningar í lífeyrissjóði, áherslur samtakanna í Evrópumálum, loftslagsmál, félagsgjöld samtakanna, banka- og fjármálakreppuna, efnahagsáætlun stjórnvalda og IMF, atvinnustefnu SA og stjórnvaldsáðgerðir í þágu fyrirtækja.

12.3. STÖRF STJÓRNAR

Stjórn SA kom sex sinnum saman á starfsárinu. Á fundum stjórnarinnar var fjallað um kjaramál og möguleika á nýrri „þjóðarsátt“, þörf fyrir nýja peningamálastefnu, loftslagsmál, þátttöku lífeyrissjóða í aðgerðum gegn efnahagsvandinum, ESB aðild, upptöku evru án aðildar að ESB, könnun á afstöðu aðildarfyrirtækja til þess hvort SA eigi að beita sér fyrir aðild að ESB, aðgerðaáætlun stjórnvalda og IMF og framhald, endurskoðun eða uppsögn kjarasamninga.

12.4. FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjórn SA og aðildarfélaganna átta hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum sem alls urðu níu á starfsárinu. Á fundum á starfsárinu var fjallað um fjölda mála sem tengjast starfi samtakanna, rekstri og stefnu. Á síðari hluta starfsársins var umfjöllun um banka- og fjármálakreppuna yfirgnæfandi umræðuefni. Meðal umfjöllunarefna, auk efnahags-, atvinnu- og kjaramála, má nefna Endurhæfingarsjóð, gjaldmiðilmál, ýmis þingmál frá Alþingi, samkeppnismál, rannsókn fræðimanna á peningamálastefnu Sí, embætti talsmanns neytenda, samrekstur tölvukerfa SA og aðildarféлага, hugsanlega stækkun Borgartúns 35 í 8 hæðir, loftslagsmál, ESB málefni, verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar, aðgerðir í þágu fyrirtækja, samgönguhóp SA, tilnefningar í stjórnir lífeyrissjóða, félagsgjöld SA og bilastæðamál við Borgartún 35.

12.5. MÁLEFNASTARF SA



Fjöldi málefnaþinga starfa innan SA og eru þeir opnir aðildarfyrirtækjum SA. Í upphafi ársins tók til starfa nýr starfshópur um samgöngumál. Tilgangurinn er tvíþættur, annars vegar að móta almenna stefnu samtakanna um samgöngumál og hins vegar að annast samráð af hálfu atvinnulífsins við samgönguráð vegna mótunar samgönguáætlunar 2011 - 2022. Hópurinn mun því fjalla um vegasamgöngur, flug og flugvelli, siglingar og hafnir. Nánari upplýsingar um mál-efnaþinga SA er að finna á vef samtakanna.









MYNDARLEGT ÍSLENSKT ATVINNULÍF

Í tilefni aðalfundar SA í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsinu 18. apríl 2008 sendu aðildarfyrirtæki SA inn myndir af fjölbreyttum og kraftmiklum fyrirtækjum. Myndirnar lögðu grunn að verkinu *Myndarlegt íslenskt atvinnulíf* sem frumsýnt var á fundinum. Elstu myndirnar komu frá Rakel Olsen í Stykkishólmi og sýna atvinnulífið fyrr á árum í hnotskurn. Aðildarfyrirtækjum SA sem tóku þátt í sýningunni eru færðar sérstakar þakkir en hér má sjá nokkrar myndanna:







ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar Samtaka atvinnulífsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2008, efnahag þeirra 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 31. mars 2009

PricewaterhouseCoopers hf

Stefán Bergsson, sign.

Vignir Rafn Gíslason, sign.




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2008

	2008	2007
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarfélaga	304.562.898	265.091.139
Þjónustusamningar	0	1.919.816
Styrkur til hag- og tæknideildar	0	2.400.000
Félagsheimilásjóður	5.072.575	5.293.969
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu	3.000.000	3.000.000
Aðrar tekjur	1.423.376	4.395.305
	<u>314.058.849</u>	<u>282.100.229</u>
Rekstrargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	214.323.239	176.726.266
Kostnaður v. funda og móta	36.294.002	25.823.215
Útbreiðslu- og félagsmál	33.471.380	38.903.421
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	13.014.736	13.535.161
Afskriftir	4.963.544	4.963.544
	<u>302.066.901</u>	<u>259.951.607</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)	11.991.948	22.148.622
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur	7.912.042	11.551.213
Vextir og verðbætur	(47.490.892)	(284.547)
	<u>(39.578.850)</u>	<u>11.266.666</u>
Tap (hagnaður) ársins	<u>(27.586.902)</u>	<u>33.415.288</u>

Greidd árgjöld 2008
Flokkun eftir aðildarfélögum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

EIGNIR

Fastafjármunir

	2008	2007
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign, Borgartún 35	147.587.260	151.018.214
Bifreið	1.440.000	2.880.000
Sumarhús	3.981.351	4.073.941
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld . . .	2.490.693	2.490.693
	<u>155.499.304</u>	<u>160.462.848</u>

Veltufjármunir

Viðskiptamenn	1.981.147	207.479
Vinnudeilusjóður SA, inneign	127.233.552	135.191.127
Sjóður og bankainnstæður	125.782.915	142.036.354
	<u>254.997.614</u>	<u>277.434.960</u>

Eignir samtals	<u><u>410.496.918</u></u>	<u><u>437.897.808</u></u>
---------------------------------	---------------------------	---------------------------

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	396.378.435	424.010.780
	<u>396.378.435</u>	<u>424.010.780</u>

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir	14.118.483	13.887.028
	<u>14.118.483</u>	<u>13.887.028</u>

Eigið fé og skuldir samtals.	<u><u>410.496.918</u></u>	<u><u>437.897.808</u></u>
---	---------------------------	---------------------------

ÁRITUN FORMANNS FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Ársreikningar Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi 26. mars 2009.

F.h. framkvæmdastjórnar,
Þór Sigfússon, formaður sign. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri, sign.

Réttarverndarsjóður SA árið 2008


	2008	2007
Höfuðstóll 1/1	18.932.254	17.411.601
Ávöxtun ársins	622.707	1.520.653
	<u>19.554.961</u>	<u>18.932.254</u>

VINNUDEILUSJÓÐUR SA

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2008

	2008	2007
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarféлага	34.974.630	29.447.288
Húsaleiga	22.014.141	20.672.362
Bætur frá NEMIA	4.063.140	3.707.309
Fjármunatekjur	187.205.742	186.168.019
	<u>248.257.653</u>	<u>239.994.978</u>
Rekstrargjöld		
Fjármagnsgjöld	918.142.699	48.298.460
Greiðslur til NEMIA	7.124.800	3.012.302
Rekstrarkostnaður húsnæðis	16.355.906	17.328.306
Þóknun til SA vegna fjárvörslu	3.000.000	3.000.000
Innh.kostnaður, endurskoðun o.fl.	2.280.483	2.117.882
	<u>946.903.888</u>	<u>73.756.950</u>
(Rekstrartap) - hagnaður	<u>(698.646.235)</u>	<u>166.238.028</u>
Reiknuð (gjöld) tekjur vegna ávöxtunar		
Hluti SA í ávöxtun Vinnudeilusjóðs	46.641.856	(9.402.138)
(Tap) hagnaður ársins	<u>(652.004.379)</u>	<u>156.835.890</u>

Skipting verðbréfaeignar Vinnudeilusjóðs 31.12 2008



310.9 m.kr. af 2.057 m.kr. eigin fé sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun var -30,7% á síðasta ári.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign

Áhöld, tæki og innréttingar

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Hlutabréf

Skuldabréf

Næsta árs afborgun skuldabréfa

Fastafjármunir samtals.

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur

Óuppgerð viðskipti við fjárvörsluaðila

Næsta árs afborgun skuldabréfa

Handbært fé

Eignir samtals

	2008	2007
	310.895.418	315.375.666
	2.101.096	2.765.426
	<u>312.996.514</u>	<u>318.141.092</u>
	730.532.366	1.682.799.516
	828.143.568	848.234.817
	(34.219.490)	(28.053.103)
	<u>1.524.456.444</u>	<u>2.502.981.230</u>
	1.837.452.958	2.821.122.322
	1.127.983	952.086
	54.067.690	40.603.458
	34.219.490	28.053.103
	272.352.264	45.204.284
	<u>361.767.427</u>	<u>114.812.931</u>
	<u>2.199.220.385</u>	<u>2.935.935.253</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé

Skammtímaskuldir

Skammtímalán í erlendri mynt

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur

Skammtímalán við fjárvörsluaðila

Samtök atvinnulífsins

Ýmsar skammtímaskuldir

Skuldir samtals

Eigið fé og skuldir samtals.

	2008	2007
	2.056.618.175	2.708.622.555
	0	56.696.254
	6.882.528	27.090.270
	0	1.793.486
	127.233.552	135.191.127
	8.486.130	6.541.561
	<u>142.602.210</u>	<u>227.312.698</u>
	142.602.210	227.312.698
	<u>2.199.220.385</u>	<u>2.935.935.253</u>

Samþykkt í stjórn sjóðsins, þann 26. mars 2009.

Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Arndís Arnardóttir
ritari



Auður Guðmundsdóttir
bókari



Álfrheiður M. Sívertsen
lögmaður



Guðlaugur Stefánsson
hagfræðingur



Guðrún Björk Bjarnadóttir
lögmaður



Guðrún S. Eyjólfsdóttir
verkefnastjóri



Hannes G. Sigurðsson
aðstoðarfrankvæmdastjóri



Hrafnhildur Stefánsdóttir
yfirlogfræðingur



Hörður Vilberg
verkefnastjóri



Jón H. Magnússon
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson
lögmaður



Jónína Gissurardóttir
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir
forstöðumaður
skrifstofusviðs



Pétur Reimarsson
forstöðumaður stefnu-
mótunar- og samskiptasviðs



Ragnar Árnason
forstöðumaður
vinnumarkaðssviðs



Röbert Trausti Árnason
verkefnastjóri Evrópumála



Sigrún Kristjánsdóttir
forstöðumaður
Evrópuskrifstofu SA



Sigríður Kolbeinsdóttir
móttökuritari



Vilhjálmur Egilsson
frankvæmdastjóri



Hús atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

Tvíþætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvíþætta aðild. Alls eiga um 2000 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru átta og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Pau eru:

- Landsamband íslenskra útvegsmanna
- Samorka
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVP-Samtök verslunar og þjónustu

Samtök atvinnulífsins

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími 591 0000
Myndsendir: 591 0050
Veffang: www.sa.is
Netfang: sa@sa.is

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins

Avenue de Cortenbergh 168
B-1000 Brussel
Belgium
Sími: 322 280 0852
Myndsendir: 591 0050
Netfang: sigrun@sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík
www.sa.is